TÍSKUVIKAN Í NEW YORK

*Hausttískan 2006 kynnt í New York*

heilsa tíska heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




INDRIÐI

*Lítur hýru auga til Skandinavíu*

Kynnir hönnun sína í Kaupmannahöfn

FÓLK 54






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. febrúar 2006 — 39. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

### Abbababb verður söngleikur



Dr. Gunni og Felix eru að semja handrit að söngleik sem er byggður á barnaplötunni Abbababb sem kom út fyrir níu árum.

FÓK 54

### Lífið er landamæradeila

„Hvar eigum við að draga mörkin milli þess, sem er leyfilegt, og hins, sem er það ekki?“ spyr Þorvaldur Gylfason. „Mestallur ágreiningur um stjórnmál hverfist um þessa grundvallarspurningu.“

Í DAG 24

### Skapar jákvæða ímynd



Jóhann Hlíðar Harðarson er markaðsstjóri hjá Háskólanum í Reykjavík.

TÍMAMÓT 46

### Tekur við góðu búi



Viggó Sigurðsson, fráfarandi landsliðsþjálfari í handbolta, segir það fyrir neðan sína virðingu að þurfa að fara í biðröð eftir atvinnuviðtali hjá HSÍ og ætlar ekki að halda áfram með liðið. Hann segir eftirmann sinn taka við góðu búi.

ÍÞRÓTTIR 48

### VEÐRIÐ Í DAG




**HLÝNANDI** Í dag verður vaxandi sunnanátt á landinu, 10-15 m/s, hvassast vestantil. Snjókoma eða slydda á landinu sunnan- og vestanverðu í fyrstu en síðar rigning. Hiti 1-4 stig syðra en minnkandi frost norðan til.

VEÐUR 4

# Stjórnarflokkarnir eru ósamstíga um aðild að ESB

**Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra, spáir því að Ísland gangi í Evrópusambandið innan níu ára. Þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, segir Ísland ekki þurfa á aðild að sambandinu að halda.**

**VIÐSKIPTI** Ísland verður orðið aðili að Evrópusambandinu árið 2015 gangi eftir spá Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra á viðskiptaþingi Viðskiptaráðs Íslands í gær. Hann segir þó ekki forsendur fyrir ákvörðun um málið nú þar sem umræðan sé ekki nógu þroskuð.

Halldór segir ljóst að aukinni umræðu um Evrópusambandsaðild verði ekki frestað lengi. „Hvorki í atvinnulífinu nér á vettvangi stjórnmálanna.“

Hann segist telja að á næstunni ráði mestu um umræðu um Evrópusambandsaðild hver verði framtíð og stærð evrópska myntbandalagsins. „Ákvarðanir Dana, Svía og Breta hafa þar veruleg áhrif.“ Halldór segir aukinnar umræðu þörf áður en kemur að því að hægt sé að taka ákvörðun um aðild að bandalaginu. „Forsenda þess að málið þroskist betur er að atvinnulífið láti það til sín taka með mun virkari hætti. Ég hef alltaf undrast litla umræðu atvinnulífsins um Evrópumálin. Launþegahreyfingin hefur einhverra hluta vegna staðið fyrir meiri umræðu. Hvað veldur veit ég ekki,“ sagði Halldór í ræðu sinni á Viðskiptaþingi, en þar var útgangspunkturinn sýn manna á framtíð lands og þjóðar þar sem horft var fram til ársins 2015. Á þinginu gagnrýndi einnig Ágúst Guðmundsson stjórnarformaður Bakkavarar stóriðjustefnu stjórnvalda.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir það gleðiefni að Forsætisráðherra skuli setja Evrópumálin á dagskrá með afgerandi hætti.

„Mér finnst það ekki óraunsætt að álykta sem svo að Ísland verði komið í Evrópusambandið árið 2015. Ég er þeirrar skoðunar að Ísland eigi samleið með Evrópu og eigi að tilheyra samfélagi þjóðanna í Evrópu. Mér finnst stundum bera á íhaldssamari mynd þegar Evrópumálin bera á góma með því að einblína alltaf neiðkvæðu hliðarnar. Í stað þess að horfa á þær jákvæðu sem eru fjölmargar.“

Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, vildi ekki tjá sig um ræðu Halldórs í gær þegar Fréttablaðið óskaði eftir því en Arnbjörg Sveinsdóttir, þingsflokksformaður flokksins, sagðist ekki deila því með Halldóri að Ísland myndi ganga í Evrópusambandið í framtíðinni. „Mér finnst ekki líklegt að við göngum í Evrópusambandið. Lífskjör á Íslandi og viðskiptaumhverfi er með þeim hætti að það er ekkert sem kallar á það að við þurfum að ganga í sambandið.“

Sjá síðu 22 / - óká



**AFMÆLISTÓNLEIKAR MANNAKORNA** Magnús Eiríksson og Pálmi Gunnarsson minntust þess í gær að þrjátíu ár eru liðin síðan Mannakorn hóf feril sinn. Uppselt var á tónleika sem þeir héldu í Salnum í Kópavogi til að minnast tímamótanna. Með þeim á myndinn er Gunnlaugur Briem trommuleikar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM<

Ný metflugstilraun:

## Steve Fossett er lagður af stað

**FLÓRÍDA, REUTERS** Bandaríski ævintýramaðurinn Steve Fossett hóf nýja metflugstilraun sína frá Canaveralhöfða á Flórída í gær. Hann frestaði flugtaki í fyrradag vegna eldsneytisleka sem uppgötvaðist áður en hann reyndi að koma tilraunaflugvél sinni, GlobalFlyer, á loft með yfir átta tonn af eldsneyti í vængtönkunum.



STEVE FOSSETT

Á sömu vél tókst Fossett í fyrra að fljúga einsamall, viðstöðulaust og án eldsneytisáfyllingar, umhverfis jörðina. Nú hyggst hann bæta um betur og slá 20 ára gamalt langflugsmet með því að fljúga hnattflug og yfir Atlantshafið aftur að auki. Ef allt gengur að óskum lendir hann í Kent á Englandi á laugardagskvöld. ■

Múgæsing í múslímalöndum vegna Múhameðsteikninganna heldur áfram:

## Bush reynir að skakka leikinn

**MÚHAMEÐSTEIKNINGAR** Heiftarleg mótmæli í tilefni af Múhameðsteikningunum sem fyrst birtust í Jótlandspóstinum danska héldu áfram víða um lönd múslíma í gær. Lögregla í Afganistan skaut þrjá mótmælendur til bana sem tóku þátt í að gera aðsúg að bandarískri herstöð í suðurhluta landsins. Bandaríkjastjórn sakaði ráðamenn í Íran og Sýrlandi um að kynda undir múgæsingu.

Mannfall í Afganistan í tengslum við Múhameðsteikninga-æsinginn er komið í tíu manns í vikunni, að þeim meðtöldum sem voru skotnir í gær. Tuttugu manns særðust í átökum gærdagsins.

George W. Bush Bandaríkjaforseti fordæmdi hin ofbeldisfullu mótmæli og reyndi að leggja sitt lóð á vogarskálarnar til að skakka leikinn með því að hvetja stjórnvöld í viðkomandi löndum til að grípa til aðgerða til að tryggja friðinn. „Ég hvet ríkisstjórnir heimsins til að stöðva ofbeldið, að sýna virðingu, að vernda eignir og vernda saklausa sendiráðsstarfsmenn,“ sagði Bush. Hann lét þessi orð falla eftir fund sem hann átti með Abdúlla II Jórdaníukonungi í Hvíta húsinu. Bush sagði jafnframt að ekki mætti hefta tjáningarfrelsið, en hvatti samt til að því væri beitt af ábyrgð.

Nýstofnuð samtök hófsamra múslíma í Danmörku boðuðu í gær að þau myndu standa fyrir birtingu auglýsinga í útbreiddustu dagblöðum arabalandanna þar sem hönd væri borin fyrir höfuð Dana og misskilningur leiðréttur.

sjá síður 2 og 18 / -aa



**HÖRFA FRÁ HEBRON** Palestínumaður fylgist með er liðsmenn bráðabirgðaalþjóðaliðsins í Hebron, TIPH, hafa sig á brott í gær

FRÉTTABLAÐIÐ/AP








## SPURNING DAGSINS

*Aðalsteinn, er Baldvin ekki kjörinn bæjarstjóri á Húsavík?*

„Hann er einn af mörgum vænlegum kostum.“

Baldvin Sigurðsson, sem skipar 1. sæti á lista Vinstri grænna á Akureyri, vill að álver rísi á Húsavík en ekki í Eyjafirði. Aðalsteinn Baldursson er formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur.

Norsk blaðakona bjargaði lífi sínu með því að segjast íslensk:

# Leitum að Dana til að drepa

**TEHERAN, ÍRAN** Norska blaðakonan Line Fransson segir að það hafi sennilega orðið henni til lífs að segjast vera Íslendingur þegar hópur mótmælenda vatt sér að henni þar sem hún fylgdist á mánudaginn með aðgerðum fyrir framan danska sendiráðið í Teheran, höfuðborg Íran. Í pistli sínum í Dagbladet lýsir hún því hvernig fimm konur komu til hennar þar sem hún stóð í fimmtíu metra fjarlægð frá sendiráðinu og fylgdist með. Þær voru brosandi en sögðu við Line að hefði hún verið Dani þá hefðu þær drepið hana. Hún sagði fylgdarmanni sínum aftur á móti að segja að hún væri Íslendingur. Karlmenn sem að henni gengu brostu þó ekki og með ógnandi tilburðum tjáðu henni litlu síðar að þeir væru að leita að Dana til að drepa og myndbirtingar þeirra væru ófyrirgefanlegar. Hún var spurð um þjóðerni að nýju og hún heyrði þá tala um Ísland.

„Þetta er byrjun á heimsstyrjöld, heimur múslíma gegn öllum öðrum. Við höfum fengið nóg,“ var eitt það síðasta sem hún heyrði áður en hún var leidd í burtu af írönskum lögreglumanni. Daginn eftir þessa atburði réðst æstur múgur að norska sendiráðinu og kveikti í byggingunni. **-shá**



**FÁNABRENNA** Það getur verið gott að vera Íslendingur. Að því komst norsk blaðakona nýlega. GETTY IMAGES

Múhameðsteikningafárið:

# Danski fáninn selst vel á Gaza

**MÚHAMEÐSTEIKNINGAR** Kaupmaðurinn Ahmed Dayya í Gaza-borg gleðst yfir viðskiptum síðustu daga enda eru birgðir hans af danska fánanum að verða uppseldar. Ahmed pantaði hundrað eintök af danska og norska fánanum þegar hann heyrði fyrst af Múhameðsteikningunum.

Hann segir í viðtali við Politiken að hann hafi verið fullviss um að eftirspurnin eftir fánunum myndi stóraukast þegar mótmælin hæfust.

Fáninn kostar sem svarar sjö hundruð krónum hjá Ahmed. Hann segir að sumum þyki það of dýrt og útbúi því sína eigin. ■

Geðsjúkur maður:

# Hótaði og lamdi lækni

**DÓMSMÁL** Maður á fertugsaldri hefur viðurkennt að hafa hótað og ráðist á prófessor í réttarlæknisfræði. Læknirinn hafði áður framkvæmt erfðafræðilegar rannsóknir vegna faðernismáls, en ákærði taldi sig vera föður drengs sem nú er búsettur í Danmörku. Mál hans er tekið fyrir í Hæstarétti í dag.

Maðurinn sem hótaði lækninum og réðst síðan á hann fyrir framan heimili hans, vildi að læknirinn gæfi yfirlýsingu þess efnis að hann hefði falsað niðurstöður þeirra sýna sem tekin voru í tengslum við faðernismálið því niðurstaða rannsóknarinnar sýndi að ákærði var ekki faðir drengsins.

Geðlæknarnir Tómas Zoëga, Helgi Garðarsson og Sigurður Örn Hektorsson sögðu ákærða þjást af hugvilluröskun og væri hann í raun ófær um að stjórna gerðum sínum. **-mh**

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**

# Amfetamínið var keypt í Hollandi

**Parið sem handtekið var með fjögur kíló af fíkniefnum í Leifsstöð um helgina keypti efnið í Hollandi. Maðurinn játaði skömmu fyrir jól að hafa stolið rúmum tveimur milljónum króna úr einkabönkum einstaklinga.**



**HÆGT AÐ ÞYNNA FIMMFALT** Amfetamín það sem toll- og löggæsla gerði upptækt um helgina er hægt að þynna fimmfalt og má telja líklegt að vart verði við skort á markaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**LÖGREGLUMÁL** Mikael Már Pálsson, sem situr í gæsluvarðhaldi eftir tilraun til að smygla fjórum kílóum af sterku amfetamíni, játaði fyrir skömmu að hafa stolið rúmum tveimur milljónum króna af heimabönkum nokkurra einstaklinga fyrr í vetur.

Þegar lögregla komst að þeim glæp hafði Mikael ráðstafað öllum þeim peningum sem hann stal og hefur ekki tekist að fá hann til að upplýsa um hvað hann gerði við peninga og eins hefur lögreglu ekki tekist að komast að því hvað gert var við peningana. Rannsóknin er sögð vera á lokastigi.

Lögregla verst allra frétta af rannsókn stóra amfetamínmálsins, en heimildir Fréttablaðsins segja fullvíst að amfetamínið hafi Mikael, og Halldóra Gunnlaugsdóttir sem einnig er í gæsluvarðhaldi, keypt í Hollandi.

Mikael og Halldóra komu hingað til lands frá París, sennilega til að villa um fyrir toll- og löggæslu. Þetta er mesta magn amfetamíns sem fundist hefur hjá íslensku fólki í Leifsstöð. Markaðsvirði amfetamínsins er talið nema allt að sextíu milljónum króna.

Aðeins eru tæpir tveir mánuðir síðan Mikael gisti fangageymslur lögreglu var í haldi vegna heimabankamálsins. Sem fyrr segir tókst honum að svikja út rúmar tvær milljónir í fjórum svikamálum. Mikael var sleppt eftir játningu. Rannsókn þess máls er enn ekki lokið og strandar á að lögregla er engu nær um hvað Mikael gerði við peningana sem hann stal. Við rannsóknina kom ekkert fram sem benti til tengsla hans við útlönd. Ekki er útilokað að peningarnir hafi verið notaðir til fíkniefnakaupa og rannsakar lögregla hvort heimabankamálið og stóra amfetamínmálið tengist.

Ásgeir Karlsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavíkur, tjáir sig ekki um gang rannsóknarinnar að öðru leyti en því að hún gangi vel. Voru bæði Mikael og Halldóra úrskurðuð til tveggja vikna gæsluvarðhalds að kröfu lögreglu um helgina og litlar líkur eru á að Mikael verði látinn laus fyrr sökum fyrri afbrota.

Að sögn Þórarins Tyrfingssonar, yfirlæknis á Vogi, er amfetamín sem hér er selt ekki jafn sterkt og var fyrir 20 árum. Hann segir fullvíst að það geti haft tímabundin áhrif á markaðinn hér á landi þegar svona mikið magn af efni er gert upptækt.

**albert@frettabladid.is**



**ÁREKSTUR Í UMFERÐINNI** Fjórir voru sendir á slysadeild eftir árekstur í Reykjavík í gær og heim eftir skoðun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Slys á Stórhöfða:

# Þrír bílar skullu saman

**LÖGREGLA** Fjórir voru fluttir á slysadeild Landspítalans eftir harðan árekstur þriggja bíla við gatnamót Stórhöfða og Höfðabakka í Reykjavík. Áreksturinn varð á háannatíma, um hálf sex leytið, í gær.

Læknir á vakt segir fólkið ekki hafa hlotið alvarleg meiðsl. Allir hafi verið sendir heim eftir skoðun. Tveir bílanna, jeppi og fólksbíll, voru óökufærir eftir slysið og fjarlægðir með krana. Þriðji bíllinn skemmdist lítið. Umferð tafðist um stund. **-gag**

Sigríður Arnardóttir til 365:

# Sirrý stjórnar Íslandi í bítið

**FJÖLMIÐLAR** Sigríður Arnardóttir, sem stjórnaði þættinum Fólki með Sirrý á Skjá einum, er gengin til liðs við 365-miðla. Hún verður einn stjórnanda sjónvarpsþáttarins Íslands í bítið.

Sirrý segir að hún hafi áður verið beðin um að ganga til liðs við fyrirtækið. Hún hafi ekki getað hafnað því nú, þótt annar þáttur hafi verið í burðarliðnum fyrir Skjá einn.

„Tilboðið hentaði vel mínum framtíðarplönum og fjölskylduhögum,“ segir Sirrý sem hlakkar til að taka púlsinn á þjóðmálunum og hefur ákveðið hvenær hún stjórnar fyrsta þættinum. **-gag**




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Hæstiréttur er ekki á sama máli og undirréttur um skiptingu Baugsmáls:

# Baugsmál verður ekki klofið



**HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS** Ekki er hægt að breyta ákvörðun héraðsdómara um að kljúfa málið en lög mæla fyrir um að hraða skuli málsmeðferð.

**BAUGSMÁL** Þeir átta ákæruliðir sem enn eru fyrir dómi í Baugsmálinu verða teknir samtímis til aðalmeðferðar samkvæmt dómi Hæstaréttar í gær.

Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að málið skyldi taka fyrir í tvennu lagi. Fyrirhugað var að þáttur endurskoðenda Baugs í hópi sakborninganna yrði tekinn til aðalmeðferðar í héraðsdómi í dag og á morgun en af því verður ekki.

Í dómi Hæstaréttar segir efnislega að þótt ekki sé unnt að kæra ákvörðun dómara um að sameina eða kljúfa mál í fleiri mál, svo sem gert var, mæli lög svo fyrir að hraða skuli meðferð opinberra mála.

Einar Þór Sverrisson, verjandi Jóhannesar Jónssonar, fagnar dómi Hæstaréttar. Hann segir þetta í samræmi við kröfur sakborninga um að hraða málinu sem mest og vonast til þess að því ljúki sem fyrst.

Sigurður Tómas Magnússon settur saksóknari segir að þetta hafi engin áhrif á málið af hálfu ákæruvaldsins. „Hæstiréttur gefur skilaboð um að þessir þættir málsins verði reknir samhliða,“ segir Sigurður. **-jh**

# SÓKNIN ER HAFIN
# TIL SIGURS Í VOR!

Kannanir sýna að fylgi Samfylkingarinnar hefur rokið upp í borginni. Í samstilltri sókn getur Samfylkingin stöðvað framsókn Sjálfstæðisflokksins.

Hin nýja Reykjavík er að byggjast upp, krafmikil og nútímaleg. Til þess að geta haldið uppbyggingarstarfinu áfram þarf Samfylkingin að stilla upp sínum sigurstranglegasta lista í fjölmennu og vel heppnuðu prófkjöri. Það er úrslitaatriði að allir sem vettlingi geta valdið mæti og kjósi.

Dagur B. Eggertsson hefur kynnt forgangsverkefni um mikilvægar framkvæmdir og öfluga þjónustu við fjölskyldurnar í borginni. Hann heitir því að að vinna að þeim af krafti og einurð, sem forystumaður Samfylkingarinnar í Reykjavík, fái hann til þess umboð í prófkjörinu.

Dagur er fulltrúi nýrra og spennandi viðhorfa í stjórnmálum. Með því að veita honum öflugt veganesti í prófkjörinu um helgina getum við blásið vindi í seglin svo um munar í viðureigninni við Sjálfstæðisflokkinn. Mætum og kjósum Dag í fyrsta sætið!

**Stuðningsfólk**




Kosið er á fimm stöðum: **Miðbær**: Hallveigarstig. **Laugardal**: Félagsheimili Þróttar. **Árbæ**: Fylkishöllinni.**Breiðholti**: Álfabakki 16 (Visa). **Grafarvogi**: Gylfaflöt 14. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla er hafin að Hallveigarstig 1.

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 7.2.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,56 6 | 2,86, |
| Sterlingspund | 109,05 | 109,59 |
| Evra | 74,89 | 75,31 |
| Dönsk króna | 10,027 | 10,085 |
| Norsk króna | 9,343 | 9,399 |
| Sænsk króna | 8,068 | 8,116 |
| Japanskt jen | 0,5285 | 0,5315 |
| SDR | 89,97 90,51 90,24 | |

*Gengisvísitala krónunnar*
105,1116

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Keypti ónýtan bíl á uppboði Sýslumannsins í Reykjavík:

# Kaupum rift fyrir Hæstarétti

**DÓMSMÁL** „Væntanlega hefur þetta í för með sér að komi í ljós alvarlegir gallar á því sem keypt er eftir að uppboði lýkur þá standi menn ekki uppi með allan skaðann sjálfir," segir Júlíus Vífill Ingvarsson, héraðsdómslögmaður.

Hæstiréttur dæmdi í gær Sýslumanninn í Reykjavík til að samþykkja kröfu manns um riftun á kaupsamningi vegna bíls sem viðkomandi keypti á bílauppboði Vöku fyrir ári. Reyndist bifreiðin í mun verra ástandi en útlitið gaf til kynna. Staðfesti Hæstiréttur þar með fyrri dóm Héraðsdóms Reykjavíkur.

Niðurstaðan er fordæmisgefandi vegna þess að hingað til hefur venjan verið að munir sem seldir eru á uppboðum eru seldir í því ástandi sem þeir eru þegar hamarinn fellur. Engin ábyrgð er tekin á ástandi þeirra og kaupendur ekki getað óskað afsláttar eða skaðabóta. Í umræddu tilviki var um bifreið að ræða og að uppboði loknu kom í ljós að vél bílsins var ónýt en kaupendur gátu ekki gert sér grein fyrir því áður en kaupin áttu sér stað. Lögin segja hins vegar að seljandi sé ávallt ábyrgur reynist hlutur í mun verra ástandi en kaupandi hefur ástæðu til að ætla.

Júlíus Vífill, verjandi kaupandans, segist sáttur fyrir hönd skjólstæðings síns og segir engan vafa leika á að í framtíðinni verði uppboðshaldarar að taka mið af þessum dómi Hæstaréttar. **- aöe**



**BÍLAUPPBOÐ** Við skoðun kom í ljós að vél bílsins var ónýt.

Fuglaflensa staðfest í Nígeríu:

## Skæða veiran til Afríku

**NÍGERÍA, AP** Yfirvöld í Nígeríu tilkynntu í gær um fyrsta staðfesta tilfelli fuglaflensu af skæða H5N1-veirustofninum í Afríku. Landbúnaðarráðherrann Adumu Bello staðfesti að það væri rétt sem fram kæmi í skýrslu Heimssamtaka fyrir heilbrigði dýra (OIE), sem hafa höfuðstöðvar í París, um að á alifuglabúi í Kaduna-fylki í norðurhluta Nígeríu hefðu fuglar drepist úr þessu skæðasta afbrigði fuglaflensunnar. Engar fregnir eru af því að menn hafi sýkst þar, en um 40.000 fulgar kváðu hafa drepist. Yfirvöld reyna nú að hamla gegn útbreiðslu veirunnar.

Stjórnmál í Slóvakíu:

## Kosningunum verður flýtt

**SLÓVAKÍA, AP** Samsteypustjórn miðju- og hægriflokka, sem haldið hefur um stjórnartaumana í Slóvakíu síðustu tvö kjörtímabil, féllst í gær á að þingkosningum yrði flýtt fram í júní. Til hafði staðið að þær færu fram í september, en eftir að einn flokkurinn í stjórnarliðinu sagði sig úr því greip forsætisráðherrann, Mikulas Dzurinda, tækifærið og boðaði að þingrofi og kosningum skyldi flýtt.



**MIKULAS DZURINDA** Forsætisráðherra samsteypustjórnar miðju- og hægriflokka.
NORDICPHOTOS/AFP

Fosvarsmenn hinna stjórnarflokkanna, sem lengi höfðu gagnrýnt ríkisstjórnarforystuna, gátu þá ekki annað en stutt þessa ákvörðun Dzurinda. Því er spáð að borgaralegu flokkarnir munu eiga á brattann að sækja í kosningabaráttunni. ■

Svör um Suðurlandsveg:

## Ein akrein á móti tveimur

**SAMGÖNGUR** Umferð yfir Hellisheiði hefur aukist um 70 prósent frá árinu 1996 samkvæmt svari samgönguráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar, þingmanns Samfylkingarinnar.

Árið 1996 fóru að jafnaði 3.590 bílar um Hellisheiðina en áratug síðar um 6.000 bílar á dag.

Ráðgert er að hafa tvær akreinar á móti einni frá Rauðavatni til Hveragerðis en tvöfalda þaðan og til Selfoss.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra sagði að reynsla Svía og Norðmanna af tveimur akreinum á móti einni væri góð. **- jh**

# Kristján hætti að kvarta

**Lögmaður hóps um Silvíu Nótt hringdi í Kristján Hreinsson, textahöfund í Söngvakeppni Sjónvarpsins, og vildi að hans sögn semja við hann um að láta af aðgerðum svo lag hennar fengi að vera óáreitt í keppninni. Talsmaður hópsins segir hann hafa viljað vita hvort Kristján hefði lögmann sem hópurinn gæti talað við.**

**SÖNGVAKEPPNI** Héraðsdómslögmaðurinn Vilhjálmur Vilhjálmsson hafði samband við Kristján Hreinsson, textahöfund og skáld, í fyrradag og bað hann að falla frá kæru til útvarpsráðs.

Kristján segir Vilhjálm hafa hringt fyrir hönd hóps sem styðji Silvíu Nótt, en hún flytur lag Þorvaldar Bjarna Þorvaldssonar í Söngvakeppni Sjónvarpsins. Hópurinn hafi viljað semja um að Kristján hætti að krefjast þess að laginu yrði vísað úr keppninni þar sem því var lekið út á netið. Hann hafi ekki ljáð máls á því að draga kæruna til baka enda fari hann fyrir hópi lagahöfunda í keppninni sem eru óánægðir með þá ákvörðun útvarpsstjóra að leyfa laginu að halda áfram keppni.

Lagahöfundar sem haft var samband við vildu ekki tjá sig um málið. Einn þeirra sagði mikla óánægju hafa verið með ákvörðun útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Hann styður orð Kristjáns um að á þriðja tug keppenda hafi upphaflega ákveðið að draga sig úr keppninni héldi lag Þorvaldar áfram. Kristján hafi þá stigið fram fyrir skjöldu og fengið fólkið til að halda sínu striki gegn því að hann reyndi að hnekkja ákvörðun útvarpsstjóra.



**KRISTJÁN HREINSSON** Textahöfundur í Söngvakeppninni.

Vilhjálmur bendir á umbjóðanda sinn, Þórólf Beck, framkvæmdastjóra Meistara alheimsins sem framleiðir þættina um Silvíu Nótt. Þórólfur segir hópinn hafa viljað vita hvort Kristján hefði fengið álit lögfræðings um að útvarpsstjóri bryti stjórnsýslulög með því að leyfa laginu að halda áfram í keppninni. Það hafi verið eini ásetningur með samtalinu: „Ríkisútvarpið tók sína ákvörðun. Við unum því og væntanlega aðrir líka."



**JÓNATAN GARÐARSSON** Verkefnastjóri Söngvakeppninnar.

Jónatan Garðarsson, verkefnastjóri Söngvakeppninnar, bendir á að keppnin sé í eigu Sjónvarpsins. „Þetta er okkar keppni. Hún er á okkar forsendum. Ef einhver einn ætlar að hanga í smáatriðum er það hans mál og ekkert við því að gera."

Jónatan segir reglur Sjónvarpsins taka mið af reglum Danmarks Radio. Þar sé getið að breyta megi reglunum hvenær sem danska sjónvarpið vilji. Slíkt ákvæði sé ekki í reglum Sjónvarpsins en litið sé svo á að grípa megi inn í og gera breytingar þegar þörf krefur. Hann segir mikilvægt að keppendur fái nú hugarró til að einbeita sér að atriði sínu á lokakvöldi keppninnar.



Kristján hefur ekki ákveðið hver næstu skref hans verða í málinu. **gag@frettabladid.is**

## Undanþágur veittar

Fjölmargar undanþágur hafa verið gefnar lagahöfundum fyrir Söngvakeppni Sjónvarpsins. Einhverjir fengu að skipta um flytjendur á lögum sínum, aðrir fengu að stytta lögin, breyta texta eða vinna áfram að undirleiknum eftir að frestur til að skila laginu fullbúnu rann út.

Jónatan Garðarsson, verkefnastjóri Söngvakeppni Sjónvarpsins, segir ekki gefið upp hverjir fengu undanþágurnar. Þær hafi verið gefnar til að bæta lögin og ásýnd keppninnar: „Við erum að reyna að halda stóra keppni með tuttugu og fjórum lögum. Tíminn sem lagahöfundar höfðu til að fullklára lögin og senda inn í keppnina var knappur."

Kristján bendir á að reginmunur sé á því hvort reglur keppninnar séu brotnar eða undanþágur veittar. Undanþágurnar hafi verið veittar áður en breytingarnar á lögunum voru unnar, ekki á eftir eins og í tilviki Silvíu Nóttar.

„Það skaðar keppnina að einu lagi hafi verið lekið á netið." Lagahöfundum hafi verið stranglega bannað að dreifa laginu fyrir keppnina og það var skýrt tekið fram.




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**FROST NORÐAN OG AUSTAN TIL Í DAG**
Það eru hlýindi á leið til landsins. Þau taka land sunnan og vestan til í dag en á norðanverðu landinu ekki fyrr en á morgun. Síðan verður þokkalega milt um helgina á landinu en vætusamt sunnan og vestan til. Það er talsverður vindur í kortunum, einkum á undan skilunum.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Suðaustan 8-13 m/s en hægari í kvöld. Snjókoma eða slydda og síðar rigning. Hiti 2-5 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



Strekkingur syðst, annars hægari.

*» laugardagur*



Víðast 5-10 m/s.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 2°C snjókoma | París | 6°C hálfskýjað | Alicante | 17°C hálfskýjað |
| Osló | 0°C hálfskýjað | Berlín | 2°C snjókoma | Mílano | 8°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | -1°C alskýjað | Frankfurt | 4°C skúrir | New York | 4°C léttskýjað |
| Helsinki | -10°C alskýjað | Madríd | 15°C hálfskýjað | San Francisco | 19°C heiðskírt |
| London | 6°C hálfskýjað | Barcelona | 13°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 18°C hálfskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.




# Þú getur kosið...

... aukin launajöfnuð og hækkun lægstu launa.

... gjaldfrjálsan leikskóla.

... að borgin taki yfir heilbrigðisþjónustu við aldraða.

... sigur á Sjálfstæðismönnum í vor.

Prófkjör Samfylkingarinnar er opið öllum Reykvíkingum 18 ára og eldri. Ekki þarf að vera flokksbundin(n) til að taka þátt í því.
Kjóstu!

Steinunn Valdís
*- með kjarkinn sem þarf*



## KJÖRKASSINN

*Eiga sveitarfélög að greiða að fullu fyrir skólamáltíðir?*

| | |
|---|---|
| Já | 79% |
| Nei | 21% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að leysa heilbrigðisstarfsfólk undan þagnarskyldu gagnvart afbrotamönnum?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is — vísir

Sérfræðingar meta kostnað við Vestmannaeyjagöng fyrir Vegagerðina:

# Kosta 70 til 100 milljarða

**SAMGÖNGUR** Jarðgöng til Vestmannaeyja gætu kostað 70 milljarða króna. Ef gerð eru tvenn göng af öryggisástæðum gæti kostnaðurinn numið 100 milljörðum. Það er niðurstaða þriggja óháðra sérfræðinga í athugun fyrir Vegagerðina.

Miða sérfræðingarnir við kostnað slíkra ganga erlendis og skoðuðu þeir 18,1 kílómetra gangnaleið milli lands og Eyja.

Árni Johnsen kynnti fyrir ári áætlanir um að gangnagerð gæti kostað um 16 milljarða. Hann segir niðurstöðu sérfræðinganna ekki koma á óvart en forsendurnar sem þeir noti séu langsóttar. Hópur manna sem hann vinnur með, svo sem hópurinn Ægisdyr og athafnamenn frá Eyjum, séu að fara yfir niðurstöðurnar. Hópurinn gagnrýnir sérfræðingana fyrir að skoða heilborun gangna til Eyja en ekki aðferðir sem notaðar eru víðast hvar á Norðurlöndum. „Vegagerðin, skandinavíska verktakafyritækið NCC og breskt ráðgjafafyrirtæki, sem samgönguráðuneytið fékk til að fara yfir málið á sínum tíma, afskrifuðu heilborunaraðgerðina, eins og við þekkjum á Kárahnjúkum, af ýmsum ástæðum. Þetta er dýrasta borunaraðferð í heimi, sérstaklega við göng sem byggð eru á Íslandi og öðrum Norðurlöndum," segir Árni: „Þetta er langt frá því að vera æskilegasti og eðlilegasti kosturinn." **- gag**



**ÁRNI JOHNSEN** Árni vinnur með hópi manna að athugunum um göng til Eyja.

Úrbætur í Hegningarhúsinu:

# Frestur fæst í tvo mánuði

**FANGELSISMÁL** Umhverfisráð Reykjavíkur hefur samþykkt að framlengja starfsleyfi Hegningarhússins við Skólavörðustíg í sextíu daga.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hefur Umhverfissvið krafist úrbóta í húsinu. Gerðar voru athugasemdir við óloft í nokkrum fangaklefum, ófullnægjandi eldhús, ófullnægjandi aðstöðu fyrir fanga til að hella upp á kaffi og léleg gólfefni. Hegningarhúsið hefur á undanförnum árum verið rekið á undanþágum. Frestinn, sem nú er veittur, á að nýta til að vinna að frekari starfsleyfisskilyrðum fyrir húsið. **- jss**




# Félagsmálaráðherra óttast einokun lána

**Félagsmálaráðherra segir vísbendingar um að einn aðili sé að ná undirtökunum á íbúðalánamarkaði landsmanna og vill ekki leggja Íbúðalánasjóð niður. Bullandi ágreiningur milli stjórnarflokkanna um sjóðinn segir stjórnarandstaðan.**

**HÚSNÆÐISMÁL** Árni Magnússon félagsmálaráðherra sagði á Alþingi í gær að enn væri meginmarkmið Íbúðalánasjóðs að tryggja öllum landsmönnum aðgang að ódýru fjármagni til húsnæðiskaupa og hvorki stæði til að leggja sjóðinn niður né breyta lögum um hann á yfirstandandi þingi. „Sú hætta er líka fyrir hendi að einn stór aðili muni ráða þróun mála á íbúðalánamarkaði. Ákveðnar vísbendingar eru um að sú þróun sé nú þegar að eiga sér stað."

Þannig svaraði félagsmálaráðherra Guðlaugi Þór Þórðarsyni Sjálfstæðisflokki, sem spurði utan dagskrár hvort til stæði að gera breytingar á Íbúðalánasjóði.

Guðlaugur sagði fáránlegt að ríkið stæði enn í rekstri banka sem hefði samtals 400 milljóna króna eftirgjöf á gjöldum á ári. Hann sagði að hvergi væri sama fyrirkomulag á opinberum íbúðalánum og hér á landi og rakið væri að ná félagslegum markmiðum húsnæðismála með öðrum hætti.

Jóhanna Sigurðardóttir Samfylkingunni sagði að í máli Íbúðalánasjóðs birtist bullandi ágreiningur stjórnarflokkanna. „Ráðherrann hefur verið píndur til þess að fresta ákvörðunum um framtíð sjóðsins til haustsins. Ráðherrarnir vilja ekki láta reyna á þennan djúpstæða ágreining því það gæti sprengt stjórnarsamstarfið. KB banki kostar því sem til þarf til þess að ná einokunarstöðu á íbúðalánamarkaðnum með stuðningi íhaldsins og formanns Framsóknarflokksins," sagði Jóhanna.

Guðlaugur Þór bendi á að nýverið hefðu dómstólar EFTA og Evrópudómstóllinn tekið efnislega undir sjónarmið íslenskra banka og verðbréfafyrirtækja um ríkisábyrgðir og skakka samkeppnisstöðu gagnvart Íbúðalánasjóði.

Fram kom í máli félagsmálaráðherra að hlutur Íbúðalánasjóðs væri nú einungis um fimmtíu prósent á markaðnum, en hlutur sjóðsins hefði verið um áttatíu prósent fyrir tveimur árum. Hann kvaðst hafa það til athugunar í ráðuneyti sínu að hækka hámarkslán Íbúðalánasjóðs, en fram kom í umræðunum að þau þyrftu nú að hækka um fimm milljónir króna ef ná ætti settum reglum um níutíu prósenta hámarkslán.

johannh@frettabladid.is



**ÁRNI MAGNÚSSON FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA** „Sú hætta er líka fyrir hendi að einn stór aðili muni ráða þróun



**Námskeið:**
**Stjórnun og rekstur mötuneytis**



**Fyrir hvern?**
Námskeiðið er ætlað starfandi og verðandi stjórnendum mötuneyta hjá fyrirtækjum og stofnunum. Námskeiðið hentar jafnt stjórnendum fjölmennra sem fámennra mötuneyta. Engrar forkunnáttu er krafist.

**Markmið**
Að þátttakendur öðlist færni og þekkingu til að stjórna og reka mötuneyti í samræmi við nútíma kröfur um næringu, hreinlæti, öryggi, gæði og hagkvæmni í rekstri.

**Megin áherslur**
- Stjórnunarfærni
- Manneldismarkmið
- Samsetning matseðla
- Samskipti á vinnustað
- Örverufræði
- Öryggismál

Námskeiðið hefst á Iðntæknistofnun *15. febrúar.*

Nánari upplýsingar og skráning á vef Iðntæknistofnunar *www.iti.is* eða í síma *570 7100.*

Iðntæknistofnun



Ræðum málin.
Ég verð á beinni línu á Útvarpi Sögu fm 99.4 í dag kl. 17. Sími: 588 1994

Formaður Læknafélags Reykjavíkur:

# Vandi lækna er ekki mikill

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég tel að athuga þurfi umfang vandamálsins áður en farið er út í að ræða breytingar á lögum um þagnarskyldu lækna," segir Óskar Einarsson, formaður Læknafélags Reykjavíkur, um umræðuna sem nú á sér stað vegna fólks sem gleypt hefur fíkniefni og leitað læknisaðstoðar til að losa sig við þau. Vegna þagnarskyldu starfsfólks heilbrigðisstéttanna fara þessir skjólstæðingar frjálsir ferða sinna eftir aðstoðina.

Óskar kveðst hafa starfað á bráðasjúkrahúsi erlendis og hér heima um árabil og ekki orðið var við að fólk með fíkniefni innvortis væri stórt vandamál.

„Það er spurning hversu mikið löggjafinn á að vera að grípa inn í ef vandamálið reynist mun umfangsminna en talið var," segir Óskar. „Ég held því að grunnurinn byggist á spurningunni um hversu stórt vandamálið er í raun og veru. Og þegar það liggur fyrir má taka ákvörðun um framhaldið. Mér finnst fólk vera að stökkva svolítið út í djúpu laugina án þess að vita hvort sé vatn í henni." **- jss**



**BURÐARDÝR** Kókaín í maga manns sem leitaði til læknis vegna poka sem hann gleypti.

# Afnemum VSK af öllum snyrtivörum



# TAX FREE DAGAR

Álagður virðisaukaskattur á snyrtivörur á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

## Á fríhafnardögum afnemum við VSK af snyrtivörumerkjum.

**Dagana 9.-12. febrúar eru fríhafnardagar í öllum snyrtivöruverslunum Hagkaupa.**

### Snyrtivörunámskeið

14. og 15. febrúar verður haldið snyrtivörunámskeið á vegum Estee Lauder í Hagkaupum Smáralind. Námskeiðið stendur frá kl. 20-23 og farið verður yfir helstu atriði í umhirðu húðar og förðun. Fáðu faglega ráðgjöf og afslátt af snyrtivörum. Skráning hefst 9. feb. kl.12 á www.hagkaup.is. Þátttökugjald er 2500 kr., takmarkað sætaframboð.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir til 9.-12. febrúar eða á meðan birgðir endast.

*Landsins mesta úrval snyrtivöru*

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*




Götuauglýsingar frambjóðenda vegna prófkjörs Sjálfstæðisflokksins á Akureyri veldur usla:

# Hótað brottrekstri úr prófkjörinu

**PRÓFKJÖR** Kjörnefnd Sjálfstæðisflokksins á Akureyri hyggst gera athugasemdir við prófkjörsauglýsingar Baldurs Dýrfjörðs sem þekja glugga í göngugötunni á Akureyri.

Önnur tveggja skrifstofa Sjálfstæðisfélaganna í bænum er í húsnæðinu við hliðina og næstkomandi laugardag fer þar fram kosning í prófkjöri flokksins vegna komandi sveitarstjórnarkosninga.

Anna Þóra Baldursdóttir, formaður kjörnefndar, segir að Baldur verði beðinn um að fjarlægja auglýsingarnar fyrir kjördag. „Verði hann ekki við því á hann á hættu að verða útilokaður frá þátttöku í prófkjörinu,“ segir Anna Þóra.

Baldur segist þekkja reglurnar í þaula enda sé hann lögfræðingur. Ekki þurfi því að biðja hann sérstaklega um að taka auglýsingarnar niður fyrir kjördag. Sömu lög og reglur varðandi auglýsingar og áróður í tengslum við prófkjör flokksins og gilda um kosningar almennt. Í 92. grein laga um kosningar til sveitarstjórna segir meðal annars að ekki megi reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, til dæmis með auglýsingum, í þeim húsakynnum þar sem kosning fer fram eða í næsta nágrenni. **- kk**



**AUGLÝSINGARNAR** Tvö mannhæðarhá auglýsingaspjöld með slagorðum frá Baldri Dýrfjörð þekja glugga í litlu atvinnuhúsnæði í göngugötunni. Kosning í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fer fram í húsnæðinu við hliðina á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

# Hamas vill semja en ekki viðurkenna Ísrael

**Hamas-hreyfingin mun ekki viðurkenna Ísraelsríki, en talsmenn hennar segjast þó tilbúnir til þess að semja um frið, gangi Ísrael að kröfum hreyfingarinnar um að virða landamæri sem voru í gildi árið 1967.**

**PALESTÍNA, AP** „Við munum ekki samþykkja hernám,“ sagði stjórnmálaleiðtogi Hamas-hreyfingarinnar, Khaled Mashaal á blaðamannafundi í Egyptalandi í gær þar sem leiðtogar hreyfingarinnar funda nú og ræða framtíð Palestínu. Líklegt þykir að hreyfingin muni leiða nýja heimastjórn Palestínu eftir mikinn kosningasigur á dögunum.

Í samtali við breska ríkisútvarpið, BBC, sendi Mashaal næstu ríkisstjórn Ísraels þau skilaboð að Hamas muni halda friðinn til frambúðar, færi Ísrael landamæri sín aftur til þeirra sem voru í gildi árið 1967. Hann bætti við að hreyfingin gæti jafnframt leitt Palestínumenn í langt stríð, sem þeir væru betur í stakk búnir til að þola en Ísrael. Mashaal sagði einnig að Hamas myndi ekki snúa frá ofbeldi, eins og alþjóðasamfélagið hefur farið fram á, því hreyfingunni væri skylt að sporna við hernámi Ísraela á palestínsku landi.

Starfandi forsætisráðherra Ísraels, Ehud Olmert, sagði nýlega að sigri Kadima-flokkur hans í kosningunum í mars, þá muni Ísrael sleppa tökunum á landsvæðum sem eru aðskilin frá annarri samhangandi byggð gyðinga, en halda yfirráðum yfir Jerúsalem og þremur helstu landtökubyggðunum á Vesturbakkanum, ásamt Jórdandal. Innan þessara landamæra eru stór svæði sem Hamas-hreyfingin hefur farið fram á að verði skilað undir palestínsk yfirráð.

Varnarmálaráðherra Ísraels sagði í kjölfar yfirlýsingar Olmerts að Ísraelsstjórn myndi ákveða endanleg landamæri Ísraelsríkis innan tveggja ára, hvort sem samið verði um þau við Palestínumenn eður ei.

Annar Hamas leiðtogi tilkynnti á miðvikudag að hreyfingin hefði útnefnt hugsanlegan forsætisráðherra heimastjórnarinnar. Verksmiðjueigandinn og háskólamaðurinn Jamal al-Khudairi er ekki meðlimur í hreyfingunni og í stjórnmálaræðum sínum hefur hann hvorki minnst á ofbeldi né viðurkenningu Ísraelsríkis, heldur haldið sig við málefni eins og menntun.

Búst er við að ný stjórn verði mynduð 18. febrúar, og hefur Hamas-hreyfingin beðið Fatahhreyfinguna um að fara fyrir henni með sér.

**smk@frettabladid.is**



**VERÐANDI FORSÆTISRÁÐHERRA?** Talið er að Hamas-hreyfingin muni leggja til að Jamal al-Khudairi verði næsti forsætisráðherra heimastjórnar Palestínumanna. Hann tilheyrir ekki hreyfingunni, þótt hún styðji hann. Myndin var tekin á fundi í Gazaborg í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Námskeið fyrir áhugafólk um verslun og viðskipti
Stofnun og rekstur verslunar
Ertu í verslunarrekstri og vilt ná betri árangri og meiri hagnaði?
Ef þú svarar játandi, þá er þetta námskeið fyrir þig!
Á námskeiðinu verður fjallað um lykil árangursþætti við stofnun, rekstur og uppsetningu verslunar. Sérstök áhersla er lögð á vinnu með viðskiptatækifærið og gerð viðskiptaáætlunar.
Fyrir hverja?
Verslunareigendur, verslunarstjóra og alla þá sem hafa áhuga á að stofna og reka verslun.




Nánari upplýsingar
Allar nánari upplýsingar um efnisþætti og skipulag námskeiðsins er að finna á www.iti.is.
Skráning er á www.iti.is eða í síma 570 7100.
AÐ KUNNA, GETA OG VILJA!
Þekkingarsetur Iðntæknistofnunar
www.iti.is



**TEKUR Á** Íþróttakennarar glíma margir hverjir við raddvandamál sökum starfs síns. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Raddheilsa íþróttakennara:

## Fjórði hver leitar læknis

**HEILSA** Fjórðungur íslenskra íþróttakennara hefur leitað læknis vegna raddvandamála samkvæmt nýlegri könnun sem doktor Valdís Ingibjörg Jónsdóttir hefur gert.

Kemur þetta fram í blaði Kennarasambands Íslands en þar segir einnig að þriðjungur kennara finna fyrir hæsi og annar þriðjungur hafði orðið fyrir því að röddin brast við kennslu.

Valdís segir að niðurstöðurnar ættu ekki að koma á óvart. Íþróttakennarar þurfi að beita röddinni í hávaða og stórum rýmum og hafi áhyggjur af að nemendur heyri ekki til sín auk þess sem mörgum finnst kennsla streituvaldandi og slíkt getur haft áhrif á rödd manna. **- aöe**



**BÆJARFULLTRÚI LISTA FÓLKSINS** Marsibil Fjóla skipaði annað sæti L-listans á Akureyri í síðustu kosningum og þá fékk framboðið tvo bæjarfulltrúa. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

L-listinn á Akureyri:

## Marsibil hættir í stjórnmálum

**STJÓRNMÁL** Marsibil Fjóla Snæbjarnardóttir, annar tveggja bæjarfulltrúa Lista fólksins á Akureyri, mun ekki taka sæti á framboðslista L-listans í komandi sveitarstjórnarkosningum.

„Ég keypti atvinnurekstur fyrir tæpu ári og þeim rekstri fylgir mikil vinna. Því ákvað ég að taka mér hlé frá stjórnmálunum en hjarta mitt slær áfram með Lista fólksins og ég kem til með að vinna með framboðinu eins og tími minn leyfir,“ segir Marsibil.

Oddur Helgi Halldórsson mun leiða Lista Fólksins áfram en framboðslistinn verður kynntur í heild 18. mars. **- kk**

# Við viljum

## að Stefán Jón Hafstein verði borgarstjóri



Sigríður Arnardóttir
dagskrárgerðarmaður

Ingibjörg Hafstað
kerfisfræðingur

Halldór Guðmundsson
rithöfundur

Jón Atli Jónasson
rithöfundur

Óskar Páll Sveinsson
tónlistarmaður

Gylfi Arnbjörnsson



Margrét Pálmadóttir
kórstjóri

Margrét Guðjónsdóttir
íþróttakennari

Rannveig Júníana Bjarnad.
leikskólakennari

Pálmi Finnbogason
stjórnmálafræðingur

Einar Kárason
skáld



Hrafnhildur Haraldsdóttir
viðskiptafræðingur

Hólmfríður Ólafsdóttir
verkefnisstjóri

Sigríður S. Rafnsdóttir
garðyrkjufræðingur



Hildur E. Einarsdóttir
stjórnmálafræðingur

Hildur Baldursdóttir
bókasafnsfræðingur



**Kjósum til sigurs í vor, kjósum**

# Stefán Jón

**í fyrsta sæti**

**Allir mega kjósa í opnu prófkjöri um helgina**



Lára V. Júlíusdóttir
hrl.

Edda Þórarinsdóttir
leikkona

Stefán B. Mikaelsson
flugumferðarstjóri

Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Steinunn Sigurðardóttir
rithöfundur

Sigurður Svavarsson
útgáfustjóri

María Ellingsen
leikkona

Snæbjörn Jónsson
rafmagnsverkfræðingur

Þórólfur Antonsson
fiskifræðingur

Lilja Pálsdóttir
ellilífeyrisþegi



Jóhanna Vigdís Arnardóttir
leikkona

Bragi Guðbrandsson
forstjóri

Þóra Helgadóttir
landsliðsmarkvörður

Nanna Sigurðardóttir
flugfreyja

Elísabet Magnúsdóttir
fótaaðgerðafræðingur

Frú Elín Kristjánsdóttir
ellilífeyrisþegi

Einar Steingrímsson
stærðfræðiprófessor

Einar Már Guðmundsson
skáld

Frú Lilja Gunnarsdóttir
ellilífeyrisþegi

Margrét Baldursdóttir
táknmálstúlkur



Guðmundur Georgsson
læknir

Elín Edda Árnadóttir
hönnuður

Gunnar Guðmundsson
ellilífeyrisþegi

Áslaug Thorlacius
formaður SÍM

Arna Borgþórsdóttir

Anna V. Dyrset
barnabókavörður

Alfreð Gíslason
handknattleiksþjálfari

Þorvaldur Kristinsson

Andri Freyr Viðarsson
dagskrárgerðarmaður

Ólafur Magnús Ólafsson
skólaliði



G. Ágúst Pétursson
viðskiptaráðgjafi

Eva Kamilla Einarsdóttir
stuðningsf.

Erla Þórarinsdóttir
myndlistarmaður

Erla Sigurðardóttir
ritstjóri

Herdís Storgaard
verkefnisstjóri

Helga Mogensen
jógakennari

Heiður Baldursdóttir
forstöðumaður

Hafsteinn Austmann
myndlistarmaður

Lilja María Jónsdóttir
lektor

Júlía Einarsdóttir
framhaldsskólanemi

**Kosningaskrifstofa Laugavegi 103 • Sími 578-3390 / 824-3390 • Hringið og fáið akstur á kjörstað • www.stefanjon.is • stefanjon@stefanjon.is**



**BAÐ Í GANGES** Indverji þvær sér í Ganges-fljóti. Að ármótum þess og fljótanna Yamuna og Saraswathi flykkjast hundruðir þúsunda pílagrímar þessa dagana til að baða sig. Þeir trúa því að vatnið hreinsi sálir þeirra og færi þeim blessun.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dómsmál fyrrverandi sóknarprests í Garðasókn:

# Máli prests vísað frá dómi

**DÓMSMÁL** Máli Hans Markússar Hafsteinssonar, fyrrverandi sóknarprests í Garðasókn, var í gær vísað frá í Héraðsdómi Reykjaness. Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Hans Markúsar, segir frávísunina hafa komið á óvart. „Þetta kom dálítið á óvart en önnur frávísunarástæðan byggist á atvikum sem gerast eftir stefnuna en ég á eftir að skoða betur hvort ástæða er til þess að kæra til Hæstaréttar.“



**HANS MARKÚS HAFSTEINSSON** Hans Markús íhugar nú að áfrýja málinu til Hæstaréttar.

Hans Markús var færður til í starfi eftir að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar komst að þeirri niðurstöðu. Hans Markús var færður úr Garðasókn í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra og er með aðsetur í Langholtskirkju.

Deilumál Hans Markúsar má rekja til óánægju hluta sóknarnefndarmanna og djáknans í Garðasókn sem fundu að pressstörfum Hans Markúsar í sókninni. Illa gekk að ná sáttum í sóknarnefndinni og eftir mikið þóf og harðar deilur ákvað biskup að óska eftir því við kirkjumálaráðherra að Hans Markús yrði færður til í starfi.

Biskup Íslands vildi ekki tjá sig um efnislega um þetta mál en sagði þó alltaf miður þegar deilumál fara fyrir dómstóla. „Það er í anda þess starfs sem kirkjan vinnur að reyna að ná sáttum í deilumálum.

Biskupsembætti harmar að einstakir starfsmenn skuli fara með deilumál fyrir dómsstóla. En hins vegar er það réttur hvers og eins og fara þá leið telji hann aðrar ekki færar.“

-mh

Forsetakosningar á Haítí:

## Vandkvæði við framkvæmd

**HAÍTÍ, AP** Kjörstaðir voru opnaðir seint, eða alls ekki, og til stympinga kom í sumum kjördæmum í fyrradag er Haítíbúar fengu tækifæri til að greiða atkvæði í forsetakosningum í fyrsta sinn frá því að blóðugri uppreisn lauk fyrir tveimur árum. Þá var réttkjörnum forseta steypt af stóli og landið varð nánast algerlega stjórnlaust.

Kjörstöðum var víða haldið opnum fram á kvöld. Um 9.000 friðargæsluliðar og lögreglumenn á vegum Sameinuðu þjóðanna reyna að tryggja að lög og regla sé virt við framkvæmd kosninganna. Þeim hafði verið frestað fjórum sinnum. ■








**MÖRÐUR ÁRNASON, SAMFYLKINGUNNI** Talsvert hitnaði í kolunum á Alþingi í gær þegar hörð hríð var gerð að Merði, fyrsta flutningsmanni frumvarpsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hart deilt á Samfylkingu

**Þingmenn stjórnar og stjórnarandstöðu deildu hart á þingmenn Samfylkingarinnar á Alþingi í gær fyrir að leggja fram frumvarp í eigin nafni um fjölmiðla.**

**STJÓRNMÁL** Stjórnarliðar og þingmenn Frjálslynda flokksins skömmuðu þingmenn Samfylkingarinnar á Alþingi í gær fyrir að leggja fram sjálfstætt frumvarp um breytingar á lögum um fjarskipti.

Frumvarpið var lagt fram á þingi í gær og skylda ákvæði þess svokallaðar dreifiveitur til þess að veita meðal annars almannaútvarpi aðgang að dreifikerfum sínum fyrir sjónvarp og hljóðvarp.

Í gær var jafnframt haldinn fyrsti fundur í fjölmiðlahópnum með þeim lögfræðingum sem menntamálaráðherra hefur skipað til undirbúnings fjölmiðlafrumvarps.



**MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON**



**HJÁLMAR ÁRNASON**

Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, taldi frumvarpið rof á þverpólítískri samstöðu um smíði nýrra fjölmiðlalaga. „Maður hlýtur að spyrja hvort Samfylkingin hafi sagt sig úr þessari pólítísku sátt. Efni greinargerðar með frumvarpi Samfylkingarinnar er fyrst og fremst byggt á vinnu hópsins. Svona gerir maður ekki,“ sagði Hjálmar.

„Við urðum sammála um það að setja skyldi reglur um dreifiveitur, flutningsskyldu og flutningsrétt,“ sagði Magnús Þór Hafsteinsson, Frjálslynda flokknum. „Þetta er lýðskrum af verstu sort og ekkert annað. Það er verið að taka bestu bitana úr fjölmiðlaskýrslunni og eigna þá Samfylkingunni. Við unnum öll af heilindum í fjölmiðlanefndinni sem að henni komum. Ég hélt að Samfylkingin hefði gert það líka. En ég verð að segja það núna að ég er farinn að fyllast mjög alvarlegum efasemdum um að svo hafi verið.“

„Hér kemur þessi flokkur sem alla jafna talar um samráð, umræðustjórnmál, lýðræðisleg vinnubrögð og mikilvægi þess að ná sátt í öllum málum þegar svo ber undir. Það er ekki til neins að vinna með þessu fólki,“ sagði Guðlaugur Þór Þórðarson, Sjálfstæðisflokki.

Mörður Árnason úr Samfylkingunni og fyrsti flutningsmaður frumvarpsins sagði að það væri flutt með beinni tilvísan til fjölmiðlaskýrslunnar. „Frumvarpið er flutt vegna þess að þetta er brýnasti þátturinn. Nú standa sérstök deilumál út af enska boltanum, 365, breiðbandinu og Skjá einum,“ sagði Mörður.

johannh@frettabladid.is




# GÓÐ ÁVÖXTUN ÁRIÐ 2005

VISTA

Líkt og undanfarin ár skiluðu fjárfestingarleiðir Vista mjög góðri ávöxtun árið 2005 og hækkuðu þær töluvert meira en viðmiðunarvísitölur þeirra. Fjárfestingarleiðin *Innlend hlutabréf* skilaði 67,4% nafnvöxtun sem er 2,7% prósentustigum umfram hækkun Úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands. Er þetta jafnframt hæsta ársávöxtun frá því að sjóðurinn var stofnaður.




Árið 2005 fjölgaði sjóðfélögum Vista um 8.500 og er heildarfjöldi þeirra nú 27.220. Eignir sjóðsins jukust um 100% og voru í lok árs 3.795 milljónir króna. Viðbótarlífeyrissparnaðurinn Vista hefur þá sérstöðu að KB banki leggur árlega til lokabónus sem er eign sjóðfélaga.

Nánari upplýsingar um Vista hjá lífeyrisráðgjöfum
í síma 444 7000 eða á kblifeyrir.is.

KB BANKI

ENNEMM / SÍA / NM20048




Hár flutningskostnaður raforku vegna hugsanlegs álvers í Skagafirði:

# Minnkar líkur á að álver rísi

**ÁLVER** Ársæll Guðmundsson, sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar, segir að tölur sem Fréttablaðið birti í gær um flutningskostnað raforku vegna álvers á Norðurlandi komi sér ekki á óvart. „250 þúsund tonna álver í Skagafirði þarf að sækja raforkuna víða og því fylgir mikill flutningskostnaður,“ segir Ársæll.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins yrði flutningskostnaður raforku vegna álvers á Bakka við Húsavík 540 milljónir króna á ári en 900 milljónir króna ef álverið rís á Dysnesi í Eyjafirði. Flutningskostnaður vegna sambærilegs álvers á Brimnesi í Skagafirði yrði mun meiri, 1.520 milljónir króna, og dregur það verulega úr líkum á að álver rísi í Skagafirði.

Álver í Skagafirði, með 250 þúsund tonna framleiðslugetu á ári, mun bæði styðjast við vatnsafls- og gufuaflsvirkjanir varðandi orkuöflun. Álver við Húsavík eða í Eyjafirði myndi hins vegar að líkindum eingöngu styðjast við virkjun jarðvarma. „Vatnsaflsvirkjanir hafa meiri umhverfisspjöll í för með sér en gufuaflsvirkjanir og það minnkar líkurnar enn frekar á að Skagafjörður verði fyrir valinu hjá Alcoa,“ segir Ársæll. **- kk**


**ÁRSÆLL GUÐMUNDSSON** Sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar segist hafa átt von á háum raforkuflutningskostnaði vegna álvers í Skagafirði. Fréttablaðið/KK

Fleiri gista á hótelum:

# Fimm þúsund fleiri gestir

**FERÐAMÁL** Gistinóttum ferðamanna á hótelum hér á landi í desember fjölgaði um rúm þrettán prósent frá ári til árs.

Rúmlega 42 þúsund gistinætur voru í desember í fyrra samanborið við liðlega 37 þúsund árið á undan. Mest fjölgaði gistinóttum á Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum. Þar fóru gistinætur úr þrjú þúsund í rúmlega þrjú þúsund og sjö hundruð.

Á Norðurlandi fækkaði gistinóttum um þrjú prósent en á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði þeim um fjórtán prósent. **- mh**

# Íraskur maður færði dönsku þjóðinni blómvönd

**Fulltrúar sendiráðsins sögðu í fyrradag að þeir óttuðust ekki aðgerðir múslíma á Íslandi. Í gær var þeim færð táknræn gjöf um velvilja múslíma á Íslandi. Gjöfinni fylgdi kveðjan „blóm í stað grjótkasts og ókvæðisorða.“**

**UTANRÍKISMÁL** „Í sendiráðinu hér á Íslandi höfum við ekki gert neinar sérstakar ráðstafanir. Það er sem betur fer mjög friðsamlegt á Íslandi og við höfum ekki heldur séð ástæðu til að senda út viðvörun til Dana búsettra hér á landi. Við teljum að Danir hér séu ekki í hættu en gerum þó ráð fyrir að þeir séu að fylgjast með til öryggis. Það er mikið fjallað um þetta mál í íslenskum fjölmiðlum og einnig það sem er að gerast í Danmörku svo allir hérna eiga að fá allar nauðsynlegar upplýsingar,“ segir Ernst Hemmingsen, ræðismaður Dana á Íslandi þegar Fréttablaðið spurði hann í fyrradag hvort starfsmenn danska sendiráðsins á Íslandi hefðu orðið fyrir óþægindum í tengslum við myndbirtingar Jótlandspóstsins.

Ernst segir að ekkert hafi verið hringt og engar hótanir gerðar en að starfsmenn sendiráðsins séu á varðbergi. „Við pössum okkur á því að það sé örugglega vel læst þegar við förum heim á kvöldin og svoleiðis smáhlutir,“ sagði hann jafnframt í léttum tón.


**ERNST HEMMINGSEN** Ræðismaðurinn heldur hér á blómunum sem þeim bárust um hádegisbilið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VG

Ernst segir jafnframt að hingað til hafi ekki verið talin ástæða til að tala við lögregluyfirvöld um að fylgjast með sendiráðsbyggingunni á Hverfisgötu og það verði ekki gert í bili. Hann segist efast um að það sé stór hópur manna á Íslandi sem hefur tekið myndbirtingar Jótlandspóstsins nærri sér og á því ekki von á því að mótmælaaðgerðir muni verða við sendiráðið hér eins og víða í Evrópu.

Þetta sagði Ernst Hemmingsen í fyrradag en um hádegisbil í gær fengu starfsmenn danska sendiráðsins við Hverfisgötu í Reykjavík heimsókn, sem staðfesta orð hans, og eina þá ánægjulegustu heimsókn sem þeir hafa fengið lengi, að sögn ræðismannsins. Í hlut átti íraskur maður sem færði sendiherra Dana og starfsfólki hans stóran blómvönd sem táknræna gjöf til dönsku þjóðarinnar um friðarvilja og hlýhug múslíma á Íslandi.

Blómunum fylgdi sú kveðja að í stað steinkasts og ókvæðisorða, sem nú einkenna samskipti múslíma og Dana víða erlendis, vildi hann gefa þeim blómvönd.

svavar@frettabladid.is

Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

IMPREZA
FJÓRHJÓLADRIFINN
160 HESTÖFL!



- 2.0 lítra
- 160 hestöfl
- Sjálfskiptur
- Sítengt fjórhjóladrif
- Kastarar í stuðara
- 16" álfelgur

| Tegund | Verð |
| --- | --- |
| IMPREZA sedan | 2.130.000,- |
| IMPREZA wagon | 2.180.000,- |

www.subaru.is SYMMETRICAL AWD SUBARU MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN
Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00



KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
Virk Samkeppni
50% Afsláttur
Krónu grillborgarar og brauð 4stk.
349
verð áður: 498 kr./pk.
Dr.Oetker pizzur 4 gerðir
99
verð áður: 199 kr./stk.
998 Clatronic brauðrist 2 litir kr./stk.
Krónubrauð heilt
99 kr./stk.
Krónu skinka
160 kr./stk.
30% Afsláttur
100% HREINN SAFI
Floridana safar 3 teg. appelsínu, lemon og grape 12 flöskur 450 ml.
1.398 kr./pk.
GÓÐ KAUP
100% HREINN SAFI
Floridana safar eplabragð 24 flöskur 280 ml.
1.398 kr./pk.
Ocean spray safar 12 flöskur 450 ml.
1.698 kr./pk.
Chicago town wraps
299 kr./stk.
20 RÚLLUR
BKI kaffi classic
270 kr./stk.
Bounty eldhúsrúllur 20 rúllur.
1.499 kr./stk.
20% júmbó langlokur
Meira úrval
ferskur Krónu safi
158 kr./1l.
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ



**ORKÍDEUHÁTÍÐ** Garðyrkjusérfræðingur Kew Garden í Lundúnum í Bretlandi hlúir að orkídeum. Þessa dagana stendur yfir tólfta orkídeuhátíð garðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hestamenn fá vænan styrk frá ríkisstjórninni:

# Reiðhallir fyrir 270 milljónir

**STJÓRNMÁL** „Þau eru mörg brýn verkefnin sem fyrir liggja en það sem gerir þetta sérstakt er að þetta tengir saman þéttbýlið og dreifbýlið og vart hægt að hugsa sér betri not fyrir fjármunina,“ sagði Árni Mathiesen, fjármálaráðherra, eftir að tilkynnt var að ríkisstjórnin hefði ákveðið að leggja 270 milljónir króna til uppbyggingar reiðhalla, skemma eða skála.

Kynnti hann verkefnið ásamt Guðna Ágústssyni landbúnaðarráðherra, en það er fjármagnað með fjármunum sem eftir stóðu við sölu Lánasjóðs landbúnaðarins. Verður auglýst eftir styrkumsóknum innan tíðar en veittir verða þrír mismunandi háir styrkir til byggingar reiðhalla á þéttbýlli svæðum og reiðskemma eða reiðskála þar sem það á við. Hæstu styrkirnir nema 30 milljónum króna.

Landbúnaðarráðherra sagði niðurstöðu nefndar sem skipuð var til að gera úttekt á aðstöðu til hestamennsku á landsbyggðinni vera þá að mannvirki jöfnuðu mjög alla aðstöðu fyrir hestafólk. „Síðan urðum við varir við mikinn áhuga hestamannafélaga og sveitarfélaga sem vilja koma til móts við þessar þarfir til að styrkja sínar byggðir og hestamennsku almennt og þess vegna veitum við fé í þetta mikilvæga málefni.“ **- aöe**



**FÉNU VART BETUR VARIÐ** Hestamannafélög geta fljótlega óskað styrkveitinga úr nýjum sjóði sem eyrnamerktur er reiðhöllum og skemmum á landsbyggðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hæstiréttur Íslands:

# Fjárnám vegna skatta staðfest

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur sýknað Tollstjórann í Reykjavík af kröfu konu sem fór fram á að fjárnám í íbúð hennar yrði fellt úr gildi.

Var fjárnámið gert til tryggingar skattaskuldum sambýlismanns konunnar sem hún hélt fram að væru ekki á hennar ábyrgð.

Hæstiréttur og Héraðsdómur Reykjavíkur þar á undan mátu það hins vegar svo að aðförin væri heimil þar sem sambýlisfólkið taldi sameiginlega fram til skatts og hefði notið hagræðis þess vegna. **-aöe**











**KLERKUR PREDIKAR** Heittrúaði múslimaklerkurinn Abu Hamza al-Masri sést hér prédika á götu í London árið 2003, og stendur lögregla vörð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Breskur múslimaklerkur dæmdur:

# Fær sjö ár fyrir hatursáróður

**LUNDÚNIR, AP** Heittrúaður múslimaklerkur var dæmdur í sjö ára fangelsi í Bretlandi á þriðjudag fyrir að flytja áróður fyrir morðum á þeim sem ekki aðhyllast íslam, og að segja þessi morð vera „trúarlega skyldu“ múslima. Abu Hamza al-Masri var jafnframt fundinn sekur fyrir að egna til mannhaturs og fyrir að hafa undir höndum leiðarvísi um hryðjuverk.

Al-Masri, sem er egypskur að uppruna, var æðsti klerkur Finsbury-moskunnar í Lundúnum frá því seint á tíunda áratugnum og fram til ársins 2003, þegar bæjaryfirvöld boluðu honum burt. Þekktir al-Kaída hryðjuverkamenn mættu reglulega í moskuna á meðan hann gengdi þar störfum.

Rétturinn hafði undir höndum myndbands- og hljóðupptökur af níu prédikunum klerksins, þar sem hann útlistaði nákvæmlega hvernig best væri að drepa óvininn. Leiðarvísirinn sem um ræðir er tileinkaður Osama bin Laden, en í honum er mælt með árásum á stór og áberandi mannvirki svo sem Big Ben, Frelsisstyttuna og Eiffelturninn.

Dómarinn sagði klerknum að prédikanir hans hefðu stofnað saklausu fólki í hættu víðs vegar um heim. Lögmenn klerksins segja hann ætla að áfrýja. **- smk**

Fólk hvatt til að mæta ekki á kjörstað:

# Fáir kusu í Nepal

**NEPAL, AP** Brösulega gekk í gær að halda fyrstu kosningarnar sem fram hafa farið í Nepal í sjö ár. Uppreisnarmenn maóista og nær allir stjórnarandstöðuflokkar höfðu hvatt fólk til að sniðganga þessar kosningar. Þær væru eintómt sjónarspil af hálfu konungsins Gyanendra, en hann tók sér einræðisvald fyrir ári.

Er kjörstöðum hafði verið lokað í gær höfðu aðeins um átta prósent kjósenda í höfuðborginni Katmandú mætt á kjörstað. Kjósendur virtust því upp til hópa hafa fylgt ráði stjórnarandstöðunnar. ■

# Heimili óskast fyrir nokkra spræka og skemmtilega Golf Variant. Ættbókarfærðir, skoðaðir og frá góðum heimilum.

## Komdu á Kletthįls og athugaðu hvort þú finnur ekki einn sem passar þér.




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

| Tegund | | | Ekinn | Skráður | Ásett verð | Tilboðsverð | Mánaðargr.* | Lánstími |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Comfort 1,6 | Beinsk. | | 55.000 | 7/04 | 1.390.000 | 1.250.000 | 18.943 | 72 mán |
| 4Motion 2,0 | Beinsk. | 4x4 | 45.000 | 10/03 | 1.740.000 | 1.560.000 | 27.591 | 60 mán |
| Highline 1,6 | Sjálfsk. | | 48.000 | 8/03 | 1.530.000 | 1.370.000 | 24.241 | 60 mán |
| Highline 4Motion 2,0 | Beinsk. | 4x4 | 44.000 | 5/03 | 1.590.000 | 1.430.000 | 25.299 | 60 mán |
| Highline 1,6 | Beinsk. | | 55.000 | 1/03 | 1.330.000 | 1.190.000 | 21.067 | 60 mán |
| Highline 1,6 | Beinsk. | | 59.000 | 7/02 | 1.220.000 | 1.090.000 | 19.304 | 60 mán |
| Comfort 1,6 | Beinsk. | | 76.000 | 5/02 | 1.070.000 | 960.000 | 17.011 | 60 mán |
| 4Motion 2,0 | Beinsk. | | 179.000 | 3/02 | 890.000 | 790.000 | 14.014 | 60 mán |
| Variant 1,6 | Beinsk. | | 87.000 | 2/02 | 1.070.000 | 960.000 | 18.951 | 60 mán |
| Comfort 4Motion 2,0 | Beinsk. | | 44.000 | 11/01 | 1.170.000 | 1.050.000 | 23.842 | 48 mán |
| 4Motion 2,0 | Beinsk. | | 99.000 | 5/01 | 1.030.000 | 920.000 | 20.903 | 48 mán |
| Highline 4Motion 2,0 | Beinsk. | 4x4 | 60.000 | 5/01 | 1.550.000 | 1.390.000 | 31.527 | 48 mán |
| 4Motion 2,0 | Beinsk. | 4x4 | 116.000 | 2/01 | 960.000 | 850.000 | 19.321 | 48 mán |
| 4Motion 2,0 | Beinsk. | 4x4 | 77.000 | 10/00 | 1.050.000 | 950.000 | 21.581 | 48 mán |

**Fleiri úrvalsbílar hjá umboðsmönnum okkar um land allt**

***Miðað við bílasamning SP og 10% innborgun**

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5760 | www.bilathing.is

HEKLA®

www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

**BÍLAÞING HEKLU**
*Númer eitt í notuðum bílum*

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Kletthálsi 11, sími 590 5760
www.hekla.is, hekla@hekla.is

## „ORÐRÉTT“

### *Hvað á maðurinn við?*

**„Annað sem er athyglisvert er að við virðumst vera kaþólskari en páfinn í slátrunum.“**

SIGURJÓN ÞÓRÐARSON, ÞINGMAÐUR FRJÁLSLYNDA FLOKKSINS, Í GREIN UM MATARVERÐ Í FRÉTTABLAÐINU.

### *Hættur – farinn*

**„Ég er búinn að fá nóg, þetta er orðið ágætt og nú sný ég mér að öðru.“**

VIGGÓ SIGURÐSSON HANDBOLTAÞJÁLFARI Í MORGUNBLAÐINU.

*nær og fjær*

**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HELGI SIGURÐSSON KNATTSPYRNUMAÐUR

# *Við vinnum bikarinn í sumar*



„Nei, ég get ekki sagt þér hvað er að frétta akkúrat núna því ég stend í miðjum flutningum, en hringdu í mig eftir hálftíma,“ segir Helgi Sigurðsson, greinilega móður af því að bera borð og stóla. En þó má merkja að hann hefur ágætis úthald miðað við árstíma. Blaðamaður verður við ósk Helga og bíður þolinmóður.

Jæja, hvað er að frétta Helgi? „Já, ég er að koma mér fyrir í húsinu mínu sem ég keypti fyrir ári og er búinn að leigja núna um tíma. Annars er maður bara að æfa og spila í Reykjavíkurmótinu með Fram og undirbúa sig fyrir sumarið. Þetta hefur gengið bara alveg ágætlega, við unnum Fylki 3-0 en töpuðum svo fyrir Val 2-1, en fengum þann leik dæmdan sem sigur af því að þeir voru með ólöglegan mann. Við erum því efstir í riðlinum með sex stig.“ En hvernig líst Helga á að vera byrjaður að spila heima með Fram? „Mér líst bara vel á þetta, við erum að spila vel og verðum örugglega ágætlega sterkir í sumar. En það er svolítið skrítið að koma heim aftur en þó mjög gaman. Það er gaman að vera kominn af stað aftur þótt það sé skrítið að fara að spila í 1. deildinni. Ég tel að við hefðum gert góða hluti í efstu deild en fyrst svona er þá er bara að koma sér upp.“ Getið þið ekki bara unnið bikarinn? spyr vongóður og ævilangur Frammari. „Já, er það ekki bara markmiðið líka, númer tvö. Á góðum degi getum við slegið öll þessi lið út. Það er annars ekkert annað að gera, bara flytja og svo fótboltinn, svoleiðis er lífið hjá manni núna.“

Helgi sem hefur verið atvinnumaður í knattspyrnu á erlendri grund mörg undanfarin ár er annars sáttur við þá ákvörðun að koma heim til Íslands og sér ekki eftir neinu. „Ég er mjög sáttur við að vera kominn heim og hlakka til þess að takast á við ný verkefni,“ segir hann og er rokinn til að ná í hjónarúmið sitt.

## SJÓNARHÓLL

**BREYTINGAR Á ÞAGNARSKYLDU LÆKNA**



MARGRÉT MARGEIRSDÓTTIR, FORMAÐUR FÉLAGS ELDRI BORGARA Í REYKJAVÍK.

### *Það þarf að setja skýr lög*

„Það verður að setja um þetta skýr lög enda það sem læknarnir kalla eftir,“ segir Margrét Margeirsdóttir, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík, um umræðurnar um eiturlyfjasmyglara sem njóta aðstoðar lækna við að losa sig við efni sem þeir flytja innvortis til landsins. Landlæknir kallar eftir nýjum lögum um þagnarskyldu lækna þar sem þeim verði gert kleift að skýra lögreglu frá ef grunur vaknar um lögbrot. Núgildandi lög ná ekki til brota af þessu tagi.

Margrét segir læknana í raun milli tveggja elda eins og staðan er nú enda njóta skjólstæðingar þeirra þagnarskyldu. Hún skilur vel sjónarmið þeirra enda mikilvægt að halda trúnað samkvæmt lögunum.

„Mér finnst ekki hægt að krefjast þess af læknum að þeir segi frá án þess að þeir hafi skýra löggjöf á bak við sig,“ segir Margrét og hvetur jafnframt til þess að samstaða ríki um slíka lagasetningu enda sé mikilvægt að um hana ríki sátt.

# Áritun Ivans Rebroffs á fimmþúsundkalli

**Haraldur Þórarinsson, bifvélavirki í Kvistási í Kelduhverfi, fann á dögunum fimm þúsund króna seðil í kassa heima hjá sér. Væri það vart í frásögur færandi nema fyrir þær sakir að á seðlinum er eiginhandaráritun stórsöngvarans Ivans Rebroff.**



HARALDUR ÞÓRARINSSON Á KVISTÁSI Man vel eftir hljómleikum Ivans Rebroff á Laugum 1980. „Þetta voru stórkostlegir tónleikar og Rebroff var einstakur,“ rifjar Haraldur upp.

Ivan Rebroff naut mikilla vinsælda víða um heim og var iðinn við hljómleikahald. Hann kom til Íslands vorið 1980 og hélt meðal annars tónleika í íþróttahúsinu á Laugum í Reykjadal. Tónleikunum var valinn sá staður fyrir Akureyringa og íbúa Þingeyjarsýslnanna beggja. Og ekki var nóg með það því Harald rekur minni til þess að fólk hafi komið alla leið frá Vopnafirði en þaðan var um fjögurra tíma akstur.





IVAN REBROFF AUGLÝSTUR

Ivan var þýskur, sonur rússneskra innflytjenda, og var meðal annars heiðraður fyrir að brúa bilið milli austurs og vesturs á tímum kalda stríðsins. Hann sló í gegn í hlutverki Tevjes í Fiðlaranum á þakinu í frægri uppfærslu í París.

Eins og svo fjölmargir aðrir skellti Haraldur, sem jafnan er kallaður Mannsi, sér á tónleikana á Laugum og man ennþá vel eftir þeim, rúmum aldarfjórðingi síðar. „Það er ekki hægt annað en að muna eftir þeim. Þetta voru alveg stórkostlegir tónleikar og Rebroff var einstakur,“ rifjar Haraldur upp.

Eftir hljómleikana hugðist Haraldur fá eiginhandaráritun frá stórsöngvaranum. „Það voru nokkrir komnir til hans og ég sá hvað þeir voru að gera en ég hafði aldrei fengið eiginhandaráritun áður. Ég tók upp veskið og hélt að í því væri nóg af miðarusli sem hann gæti skrifað á en fann ekkert. Þegar kom að mér gat ég ekkert talað við hann en hann sá einhverjar aumur á mér og greip fimm þúsund króna seðil upp úr veskinu mínu og skrifaði á hann.“ Haraldur segist hafa orðið hvumsa við. „Það fóru nú ýmsar hugsanir í gegnum minn ferkantaða haus en ég hugsaði sem svo að einhvern tíma hefði maður orðið fyrir meiri skaða því maður bar enga virðingu fyrir þessum seðlum, þeir voru svo verðlausir. Seðillinn varð strax mun meira virði með árituninni á.“

Þetta var fyrir myntbreytingu en þá voru tvö núll tekin aftan af. Fimm þúsund krónurnar urðu því fimmtíu krónur. Áritun Rebroffs er eina eiginhandaráritunin sem Haraldur á. Hann hefur sem sé ekki lagt sig eftir að fá söngvara eða aðra fræga menn til að pára nafn sitt á fimm þúsund kalla eða annað bréfsefni.

bjorn@frettabladid.is





SEÐILLINN GÓÐI Ivan Rebroff veiddi seðilinn upp úr veski Haraldar og skrifaði á hann nafn sitt og dagsetningu.



MJALTIR Flestir bændur taka daginn snemma og eru komnir í fjós fyrir átta á morgnana.

Bændur og búalið:

## Mjaltir hefjast víðast eftir sjö

Íslenskir kúabændur eru flestir mættir í fjós sín til mjalta eftir klukkan sjö á morgnana. Könnun á vef Landssambands kúabænda sýnir að 37 prósent svarenda hefja morgunmjaltirnar á milli sjö og átta, en 29 prósent á milli sex og sjö. Örfáir eru komnir í fjósið fyrir klukkan sex en tólf prósent hefja morgunmjaltir ekki fyrr en eftir klukkan átta. Rúm tíu prósent taka ekki beina afstöðu til spurningarinnar þar sem mjaltaþjónar annast mjaltir.



ÞÓRÓLFUR SVEINSSON Formaður Landssambands kúabænda.

Þórólfur Sveinsson, formaður Landssambands kúabænda, segir í raun hægt að mjólka kýr á hvaða tíma sólarhringsins sem er. „Þú getur getur farið í fjós á hádegi og miðnætti þess vegna, það er hægt að aðlaga kýrnar að hvaða tíma sem er,“ segir hann og hlær. Hann telur þó ólíklegt að einhverjir hafi þann háttinn á en rifjar upp að í eina tíð hafi það orð farið af ónefndum hreppi að þar væri mjólkað á öðrum tímum en þeim sem hefðbundnir teldust. Var hann kallaður hálf ellefu hreppurinn.

Sjálfur er Þórólfur, sem býr á Ferjubakka í Borgarfirði, vanalega kominn í fjósið á milli sjö og hálf átta og fylgir þar með straumnum.

-bþs

Opið prófkjör Samfylkingarinnar og óháðra helgina 11. og 12.febrúar



Kjósið
Þekkingu og reynslu
Kjósið
Skynsemi og skilning
Kjósið
Stefán Benediktsson

Stuðningsmenn Stefáns Benediktssonar

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Fjölmargir Íslendingar hafa hlotið alþjóðlega vottun í verkefnastjórnun:

# Verkefnastjórar vottaðir

Það færist í vöxt að fólk nemi verkefnastjórnun til að mæta kröfum nútímalegra viðskipta- og stjórnunarhátta. Slíkt nám er meðal annars kennt við verkfræðideild Háskóla Íslands og Endurmenntun HÍ. Á dögunum hlutu 57 nemendur D-stig alþjóðlegrar vottunar í verkefnastjórnun. Vottunin er veitt á vegum Verkefnastjórnunarfélags Íslands og alls hafa 130 Íslendingar hlotið slíka vottun. Vottunin kallast IPMA eftir International Project Management Association og er skipt í fjögur stig, A, B, C og D og er D-stigið hið fyrsta. Byrjað var að veita IPMA-vottanir hér á landi árið 1997.



VOTTAÐIR VERKEFNASTJÓRAR Nútímalegir viðskipta- og stjórnunarhættir kalla á sérhæfingu í verkefnastjórnun. 130 Íslendingar hafa alþjóðlega IPMA-vottun upp á vasann.

Í fréttatilkynningu frá Háskóla Íslands segir að nútímalegir viðskipta- og stjórnunarhættir krefjist þess að starfsmenn kunni að beita öguðum og markvissum vinnubrögðum við að afmarka margvísleg viðfangsefni, takast á við þau og ljúka þeim. Viðfangsefnin eru skilgreind sem verkefni og kalla á sérhæfingu í verkefnastjórnun. Alþjóðleg vottun verkefnastjóra er krafa alþjóðasamfélagsins, fyrirtækja og stofnana er líta á heiminn sem eitt markaðssvæði og þarfnast starfsfólks með þekkingu og færni sem beita má á öllum sviðum atvinnulífsins. ■


Tilboð í viku 6 gilda til sunnudags 12. febrúar eða á meðan birgðir endast
EKKERT BRUDL
Það gerist varla betra!
bonus.is
Kipputilboð!
TÓLF LÍTRAR
599
6x 2 lítrar
KR.
FROSNAR NAUTALUNDIR
2299
KR.
Nýsjálenska frosna ungnautalundin
FRISE SALATBLANDA
FRISEBLANDA 200g
259
KR.
FROSNA LÚÐUSTEIKIN
FROSIN LÚÐUSTEIK
999
KR.
Lambalæri
Lambahryggir
...fyrir góðan dag!
KS
KJARNAFÆÐI
Frábært úr frystinum!
FROSNIR LAMBAHRYGGIR
999
kg
KR.
FRÁ KJARNAFÆÐI
FROSIN VERKUÐ KS SVIÐ
FROSIN VERKUÐ SVIÐ
379
...fyrir góðan dag!
LAMBALÆRI FROSIÐ OG SNYRT
898
kg
KR.
MERKT VERÐ 998KR.
KLETTABLANDA 100g
259
KR.
KLETTA SALAT BLANDA
ÍSINN GÓÐI FRÁ NESTLÉ
Vivana
Vanilla
Raspberry
Chocolate
Lambakjöt fyrir alla!
...fyrir góðan dag!
I. flokks
Frosið KS
súpukjöt
Egils
GULL
EGILS GULL
59
KR.
500 ml
I. fl. frosið KS súpukjöt
398
kg
KR.
MERKT VERÐ 499KR.
900 ml box
129
KR.
www.bonus.is
BÓNUS

## Svona erum við

> Fjöldi barna á fyrsta ári sem flytjast af höfuðborgarsvæðinu




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** VERKTAKAFYRIRTÆKIÐ BECHTEL

# *Frá brautarteinum til Howerstíflunnar*

Mikið hefur verið sagt og skrifað um framkvæmdirnar við álverið í Reyðarfirði. Minna heyrist þó sagt um verktakafyrirtækið sem hefur umsjón með verkinu en það er bandaríska fyrirtækið Bechtel.



**Hver er saga fyrirtækisins?**
Saga þess hefst árið 1898 þegar W.A. Bechtel hóf að leggja undirstöður fyrir járnbrautarteina í Bandaríkjunum. Þetta er einkafyrirtæki sem er enn í eigu Bechtel fjölskyldunar og nú er fjórða kynslóðin að stýra því. Með frægustu mannvirkjum sem Bechtel hefur byggt eru Howerstíflan í Bandaríkjunum sem reist var á fjórða áratugnum. Þess má geta að þá voru hjálmar notaðir í fyrsta sinn við byggingarvinnu. Einnig má nefna flugvöllinn í Hong Kong sem er á tilbúinni eyju og Ermasundsgöngin.

**Hvert er umfang þess?**
Þessar fjórar kynslóðir hafa unnið 22 þúsund verkefni í 140 löndum í öllum heimsálfum. Nú vinna um 40 þúsund manns hjá fyrirtækinu í um 60 löndum. Bechtel er eitt af tíu stæðstu vertakafyrirtækjum í heiminum. Höfuðstöðvar þess eru í San Fransisco í Bandaríkjunum en framkvæmdunum hér á landi er stýrt frá Montreal í Kanada. Þar eru um 220 hönnuðir sem vinna að teikningunum en hönnun álversins liggur ekki fullklárað fyrir í upphafi heldur er hún unnin smátt og er látin vera aðeins á undan framkvæmdum.

**Hvert er umfang þess hér á landi?**
Nú starfa um 1100 starfsmenn við framkvæmdirnar. Þar af eru 780 Pólverjar, um 250 Íslendingar en hinir af ýmsum þjóðernum. Í sumar þegar umfangið verður sem mest munu starfsmenn verða um 1500 talsins. Í starfsmannaþorpi Bechtels í Reyðarfirði búa tæp þúsund mann og fjölgar enn. Til samanburðar má geta þess að á Reyðarfirði búa um 700 íbúar. Fyrirtækið leggur mikið uppúr því að starfa sem best með heimamönnum á hverjum stað og fylgja ströngum reglum um frágang. Til dæmis hefur þurft að taka mikið af efni umhverfis álverið en því svæði verður verktakinn þá að skila líkt og hann kom að því.

## SPURT & SVARAÐ

**HÚSNÆÐISMARKAÐURINN**

### *Jafnvægi hefur myndast*

Fasteignir á landinu hafa hækkað linnulítið um tíu ára skeið en nú sér loks fyrir endann á hækkunum. Björn Þorri Viktorsson fasteignasali segir sprengjutímabilinu lokið og verð muni fylgja almennri verðlagsþróun í framtíðinni.



**BJÖRN VIKTORSSON**
Fasteignasali

**Hefur markaðurinn náð jafnvægi?**
Það hefur hann sannarlega gert eftir gríðarlegar hækkanir og verðsprengjur síðustu ára. Það mælast ennþá eilitlar hækkanir, en flestir gera ráð fyrir að þær fylgi verðlagsþróun í landinu hér eftir.

**Er auðvelt að kaupa sína fyrstu eign?**
Bankarnir hafa aðeins dregið í land þannig að aðgangur að fjármagni er ekki eins óheftur og hann var. Engu að síður er lánaframboð með því allra besta síðan nútíma fasteignamarkaður varð til. Hafi fólk áhuga á sérstakri eign er alltaf hægt að finna fjármögnunarmöguleika í samvinnu við góðan fasteignasala. Fólk þarf að jafnaði að eiga tíu prósent af kaupverði eða verða sér úti um það með öðrum hætti en veði í íbúðinni sjálfri.

**Hvað ber framtíðin í skauti sér?**
Á meðan kaupgeta fólks er góð verður fasteignamarkaðurinn áfram í blóma.

# Danmörk auðvelt skotmark

**Mánuðum saman hefur reiði í garð Vesturlanda kraumað í Mið-Austurlandabúum. Nú hefur soðið upp úr vegna teikninganna af Múhameð spámanni sem Jótlandspósturinn danski birti, og þrátt fyrir tilraunir stjórnvalda virðast öldurnar ekkert ætla að lægja.**

Upphaf ágreiningsins er athyglisvert, því augljóst er að þorri múslima í Mið-Austurlöndum les ekki Jótlandspóstinn. Hins vegar sárnaði múslimum í Danmörku þegar myndirnar voru birtar, enda ástæða ritstjórnarinnar fyrir teikningunum talin óábyrg af mörgum – hún vildi storka sjálfsritskoðun meðal listamanna þegar kæmi að umfjöllun um íslömsk málefni, en trúin bannar myndbirtingar af spámanninum.

Þegar sendiherrar ellefu múslimalanda báðu forsætisráðherra Dana, Anders Fogh Rasmussen, um að fordæma birtingu teikninganna þremur vikum eftir birtingu þeirra, neitaði hann á þeim grundvelli að danska ríkisstjórnin hafi ekkert vald yfir frjálsum fjölmiðlum.

Þá fór sendinefnd danskra múslima til Mið-Austurlanda, hitti trúar- og stjórnmálaleiðtoga þar og hvatti til alþjóðlegrar fordæmingar. Með í för var bæklingur með myndum Jótlandspóstsins, auk fleiri mynda. Ein þeirra, af Múhameð með svínshaus (svín eru óhreinar skepnur í íslam), vakti gífurlega reiði. Óljóst er hvaðan myndin kom, en svo útbreiddur var misskilningurinn um að danska blaðið bæri ábyrgð á henni að breska ríkissjónvarpið BBC sýndi myndir af henni sem eina af Jótlandspóstsmyndunum. Talið er að hún hafi í raun verið teiknuð af harðlínumönnum til að auka á reiði og særindi múslima í þeim löndum sem Vesturlandaþjóðir, með Bandaríkin í fararbroddi, hafa troðið um tær undanfarin ár.



**REIÐI Í GARÐ DANMERKUR** Íraskur mótmælandi með spjald sem sýnir reiði múslima í garð Danmerkur. Múslimar hafa mótmælt víða um heim síðustu daga vegna skopmynda sem Jótlandspósturinn birti af Múhameð spámanni í haust, og færist ofbeldið æ meira í vöxt.
NORDICPHOTOS/AFP

### Ótti við Bandaríkin?

Myndir af Múhameð, þar með talið skopmyndir, eru ekkert nýnæmi. Til dæmis var hann sýndur sem ofurhetja ásamt öðrum spámönnum í teiknimyndaþættinum South Park árið 2001, og jafnframt er hann einn af leiðtogum sem sýndir eru í myndræmu byggingar Hæstaréttar Bandaríkjanna í Washington. Einnig er það á vitorði margra múslima að bandarískir hermenn hafi sturtað Kóraninum niður í klósett í Guantanamo-fangabúðunum. Þó hefur ekkert af þessu orðið til þess að æstur múgur ráðist að sendiráðum Bandaríkjanna.

Ein myndanna, sem sýnir spámanninn með sprengju á höfðinu, hefur vakið gífurlega reiði, því hún minnir múslima á að stríð Bandaríkjanna gegn hryðjuverkum hefur einkum beinst gegn múslimaríkjum – Írak og Afganistan – og ekki ber að gleyma að Danmörk studdi hernað Bandaríkjanna bæði í Afganistan og Írak. Margir múslimar trúa því að stríðið hafi í raun lítið með hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin að gera, heldur sé frekar eins konar vestrænt stríð gegn íslam.

Það hlýtur því að teljast víst að þessi gífurlega reiði nú á sér mun dýpri rætur en bara ósmekklegheit ritstjóra Jótlandspóstsins, hversu óforskömmuð sem múslimar telja þau hafa verið. Á fréttavef Politiken er vitnað í Ekrima Sabri, æðsta klerk (stór-múftí) múslima í Jerúsalem, þar sem hann segir Danmörku einfaldlega vera viðráðanlegan óvin. „Sumir leiðtogar múslimskra landa eru hræddir við Bandaríkin,“ sagði Sabri. „Það er auðvelt að ráðast á Danmörku. Hún er lítið land sem hefur ekki neina afgerandi þýðingu fyrir arabalöndin. Þess vegna hefur enginn miklar áhyggjur af þessum mótmælum.“

Fjölmargir múslimar óttast jafnframt að örfáir herskáir öfgasinnaðir múslimar séu að notfæra sér reiði manna til að ná fram takmörkum sínum með því að dreifa áróðri og ýta undir óeirðirnar. „Þetta er skipulögð tilraun til að nota reiði múslima til að ná takmörkum sem þjóna hvorki hagsmunum múslima né Líbanons, heldur annarra utan landamæra okkar,“ sagði félagsmálaráðherra Líbanons, Nayla Mouawad, í samtali við AP-fréttastofuna.

### Herská trú

Múhameð breiddi trú sína út með hernaði, ólíkt öðrum spámönnum svo sem Kristi og Búddha, og þó Múhameð dræpi andstæðinga sína, var hann samt sem áður syndlaus. Þetta viðhorf er því að sjálfsögðu útbreitt meðal múslima. Þótt Mahmoud Hussam, sýrlenskur lögmaður, sé almennt friðarsinni tjáði hann AP-fréttastofunni: „Ofbeldi er réttlætanlegt þegar verið er að ráðast gegn trú okkar.“

Ótal margir múslimar eru sammála honum, en nú er svo komið að sífellt fleiri klerkar minna trúbræður og -systur á að ofbeldi er, þrátt fyrir allt, bannað innan trúarinnar. „Samkvæmt íslam er allt í lagi að mótmæla, en ekki að beita ofbeldi. Nú er mál að linni,“ sagði Mohammed Usman, æðsti klerkur helstu samtaka íslamskra klerka í Afganistan.



FRÉTTASKÝRING
**SIGRÚN MARÍA KRISTINSD.**
smk@frettabladid.is

Múhameðsteikningadeilan:
## Atburðarásin

**30. september 2005:** Jótlandspósturinn birtir 12 teikningar af Múhameð spámanni.
**19. október:** Sendiherrar 11 múslimaríkja biðja danska forsætisráðherrann um að fordæma birtingu teikninganna. Hann hafnar því þar sem ríkisstjórnin hafi ekkert vald yfir frjálsum fjölmiðlum.
**Nóvember-desember:** Sendinefnd múslima í Danmörku fer til Mið-Austurlanda til að sýna trúar- og stjórnmálaleiðtogum myndirnar 12 og hvetja til alþjóðlegrar fordæmingar.
**7. desember**: Fyrstu opinberu mótmælafundirnir gegn teikningunum og Danmörku eru haldnir í Pakistan.
**29. desember:** Utanríkisráðherrar aðildarríkja arababandalagsins senda frá sér ályktun sem lýsir vanþóknun þeirra á viðbrögðum dönsku ríkisstjórnarinnar.
**1. janúar 2006:** Anders Fogh Rasmussen hvetur til þess að málið sé rætt í sátt og af stillingu. Ræðan er þýdd á arabísku.
**10. janúar:** Kristið norskt blað, Magazinet, endurbirtir myndirnar með leyfi ritstjóra Jótlandspóstsins. Myndirnar birtast einnig um þetta leyti í blaði í Austurríki og í DV.
**26. janúar:** Hvatt er til þess opinberlega í Sádi-Arabíu að neytendur sniðgangi danskar vörur. Sádiarabísk yfirvöld kalla sendiherra sinn heim frá Danmörku. Norsk stjórnvöld biðjast afsökunar á birtingu teikninganna.
**28. janúar:** 57 múslimalönd lýsa yfir að Danmerkurstjórn hefði borið að fordæma teikningarnar.
**29. janúar:** Sendiráði Líbýu í Danmörku lokað. Danskir sendiherrar kallaðir á fund ríkisstjórna í Kúveit og Jórdaníu. Kveikt í dönskum fánum.
**30. janúar:** Vopnaðir menn ráðast inn á skrifstofur Evrópusambandsins á Gasa-svæðinu og heimta afsökunarbeiðni. Anders Fogh Rasmussen segist persónulega vera á móti teikningunum. Ritstjórn Jótlandspóstsins biðst afsökunar á því að hafa sært múslima, en ekki á birtingu myndanna.
**31. janúar:** Ritstjórn Jótlandspóstsins berst sprengjuhótun. Kveikt er í brúðu af Fogh á Gasa. France Soir birtir teikningarnar og yfirmaður blaðsins er rekinn.
**1. febrúar:** Blöð víða um Evrópu endurbirta myndirnar til stuðnings prentfrelsi.
**4. febrúar:** Sýrlendingar bera eld að sendiráði Dana og Norðmanna í Damaskus.
**5. febrúar:** Eldur borinn að sendiráði Dana í Líbanon, einn ferst. Piltur myrðir kaþólskan prest í tyrkneskri kirkju. Danir og Norðmenn kallaðir heim.
**6. febrúar:** Fimm deyja í uppþotum í Afganistan. Múgur reynir að kveikja í danska sendiráðinu í Íran. Dönum berast stuðningsyfirlýsingar meðal annars frá breskum og bandarískum ráðamönnum.
**7. febrúar:** Ráðist á norska friðargæsluliða í Afganistan, einn Íslendingur á svæðinu. Fjórir Afganar deyja, auk 13 í sjálfsmorðsárás. Sendiráð Evrópulanda verða víð fyrir aðkasti.
**8. febrúar:** Klerkar stærstu múslimasamtaka Afganistans kalla eftir friði, lögregla skýtur á múg sem ræðst á bandarískar herbúðir og drepur fjóra. Sameinuðu þjóðirnar og Evrópusambandið taka höndum saman með 57 íslömskum ríkjum til að lægja öldurnar.





Mexikódagar
-ummmmmmm
GOÐI -alltaf góður
safaríkar!
30%
afsláttur við kassa
Gourmet nautastrimlar
Danskar!
1.499
kr.pk
Danskar kjúklingabringur
CASA FIESTA
20%
afsláttur
Mexíkó veisla!
12 TACO SHELLS
TACO DINNER
MEXICAN STYLE CHILI BEANS
TACO SEASONING MIX
ENCHILADA SAUCE
FAJITA SEASONING MIX
20%
afsláttur við kassa
Casa Fiesta vörur
Mánar
Bollur
Snitsel
Nýtt!
frá Matgrís
50%
afsláttur við kassa
Goða pylsur
Ný fersk ber með flugi
jarðarber, bláber, brómber, hindber, kirsuber, blæjuber
Better Choice
189
kr/pk
Lu Better Choice heilsukexið
99
kr/stk
Stórt Nettó brauð
MADAGASCAR
Loksins komin á DVD
1.790
kr/stk
Madagascar
Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 9. -12. febrúar eða meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
netto

## Útgjöldin

> Verð á lítra af kókómjólk.
Miðað við verðlag í febrúar á öllu landinu




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** RÚNA STEFÁNSDÓTTIR SÖNGKONA

# *Kisurnar tvær bestu kaupin*



„Bestu kaupin sem ég hef gert er að kaupa kisurnar mínar tvær í Kattholti og bjarga lífi þeirra,“ segir Rúna Stefánsdóttir söngkona sem syngur meðal annars lag Harðar G. Ólafssonar, 100%, á lokakvöldi Söngvakeppni Sjónvarpsins. „Þetta var um jólin 2004. Þær eru perlurnar mínar svona fyrir utan börnin mín. Svo á ég einn hund líka. Ég náði mér í sveitahund og þau ná öll mjög vel saman.“ Rúna segir dýrahald gefa fjölskyldunni mikið og skilji eftir minningar í lífinu.

„Hins vegar eru verstu kaupin nælonsokkabuxur. Ég þoli þær ekki og þekki ekki eina einustu konu sem á nælonsokkabuxur heilt kvöld. Ég þarf svo oft að kaupa nælonsokkabuxur og ég væri eilíflega þakklát ef einhver gæti kennt mér hvernig ég á að eiga sokkabuxurnar heilt kvöld,“ segir Rúna. „Buxurnar eru rándýrar og þetta eru miklar upphæðir fyrir konur sem eru alltaf flottar og fínar eins og ég,“ bætir Rúna við og skellir upp úr.

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### TÓMATPLANTA ER FLUGNAFÆLA



■ *„Ég vil fyrst af öllu biðja Íslendinga að hætta að eyðileggja viðargólfin sín,“ segir Heiðar Jónsson snyrtir þegar Fréttablaðið spurði hann hvort hann ætti ekki einhver góð húsráð. „Menn verða að spara vatnið því viður á gólfum þolir það illa að notað sé mikið vatn.*

„Nú veit ég að margir við sjávarsíðuna eru í vandræðum út af flugum sem eru hvimleiðar. Í gamla daga var það ráð að hafa tómatplöntu í gluggum því það er náttúruleg og umhverfisvæn flugnafæla. Þetta hélt flugunum í burtu þá og ætti að gera það nú.“

■ **Hvað kostar... að láta skoða bílinn?**

## Afsláttur fyrir öryrkja og ellilífeyrisþega

Frumherji og Aðalskoðun eru stærstir þeirra þjónustuaðila sem sjá um skoðun á bifreiðum. Að láta skoða venjulegan fólksbíl kostar 5.400 krónur hjá Frumherja, en 5.360 krónur hjá Aðalskoðun. Ef þarf að mæta með bílinn aftur í endurskoðun kostar það 1.000 krónur hjá Frumherja en 990 krónur hjá Aðalskoðun. Til þess að fá endurskoðun á lækkuðu verði þarf að mæta með bílinn innan mánaðar, annars þarf að greiða aftur fullt gjald.

Bæði Frumherji og Aðalskoðun bjóða öryrkjum og ellilífeyrisþegum tíu prósenta afslátt af skoðun. Hjá Frumherja kostar skoðunin því fyrir þennan hóp 4.860 krónur, en 4.698 hjá Aðalskoðun.



■ **Verslun og þjónusta**

## Tveir nýir vörulistar komnir út




Tveir nýir vörulistar eru komnir út fyrir þá sem þykir þægilegt að versla beint frá heimili sínu. Annars vegar er hægt að fá nýja vor- og sumarlistann frá Freemans. Freemanslistann kannast margir við og hægt er að skoða úrvalið á freemans.is. Einnig er hægt að fá nýja vor- og sumarlista ClaMal. ClaMal er kvenfatalisti frá Danmörku og hefur verið mestmegnis kynntur í heimakynningum, en einnig er verslun að Reykjavíkurvegi 66 í Hafnarfirði. Hægt er að skoða vöruúrvalið á clamal.is. Báða listana er hægt að panta í síma 5653900.

■ **Verslun og þjónusta**

## Besta námsefnið um neytendamál

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Björgólfur Guðmundsson hafa hleypt Raunveruleik Landsbankans af stokkunum.

Leikurinn er gagnvirkur hermileikur á netinu fyrir samfélags- og fjármálakennslu hjá 10. bekk. Með þessu á að bæta úr þörf fyrir vandað námsefni á sviði neytendamála. Leikinn má finna á heimasíðu Landsbankans.

Að baki leiknum liggur áralöng vinna Ómars Arnars Magnússonar kennara í Hagaskóla.

Norræna ráðherranefndin verðlaunaði nýlega Raunveruleikinn sem besta námsefnið um neytendamál.




**FRÁ SJÁLFSAFGREIÐSLUSTÖÐ EGO** Töluverður hópur fólks lendir í því að tvígreiða fyrir eldsneyti vegna villu í tölvukerfum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tvígreitt fyrir bensín

**Talsmaður EGO segir kvartanir berist daglega vegna kortafærslna. Forstjóri Reiknistofu bankanna kannast ekki við vandamálið.**

Þeir sem kaupa eldsneyti á sjálfsafgreiðslustöðvum olíufélaganna á höfuðborgarsvæðinu hafa kannski tekið eftir því að í einstaka tilfellum eru færslur af debet- eða kreditkortum þeirra ekki í samræmi við það sem dælt var fyrir. Upphæðin er hærri eða réttara sagt er eins og tekið hafi verið tvisvar út af viðkomandi korti.

Talsmenn olíufélaganna voru ekki sammála um hversu algengt þetta væri. Hjá Bensínorkunni og ÓB sögðu menn að þetta vandamál hefði vissulega verið viðvarandi fyrir nokkrum árum, en væri nú úr sögunni að kalla mætti. Talsmaður EGO sagði Fréttablaðinu aftur að þeir fengju athugasemdir á hverjum degi varðandi færslur sem koma fólki spánskt fyrir sjónir einhverra hluta vegna. Hann segir að „helst virðist þetta gerast þegar bið verður á dælingu eða einhver truflun verður í innhringingu eftir heimild. Það hefur ekki fengist nein skýring á þessu, hvorki frá bankakerfinu né annars staðar en við munum vinna áfram í að fá leiðréttingu á þessu. Við höfum það eftir viðskiptavinum okkar að þetta sé viðloðandi sjálfsafgreiðslustöðvar allra olíufélaganna.“

Talsmaður EGO segir jafnframt að vandamálið sé í tölvukerfi Reiknistofu bankanna og að svo virðist sem þeir treysti sér ekki til að uppræta vandamálið. Þeir hafi ítrekað rætt við þá sem fara með þessi mál fyrir hönd bankanna án þess að bætt hafi verið úr þessu.

Helgi Steingrímsson, forstjóri Reiknistofu bankanna, kannast ekki við þetta mál og segir að það hafi ekki borist inn á sitt borð. „Þetta getur verið vandamál hjá þessum aðila sérstaklega. Það er ekki hægt að fullyrða að vandamálið sé hjá Reiknistofunni því það getur hæglega verið á hinum endanum,“ segir Helgi.

Algengasta orsökin fyrir því að fólk gerir athugasemdir við kortafærslur er þessi: Tölva sjálfsafgreiðslustöðvarinnar hringir í Reiknistofu bankanna og biður um heimild. Ef ætlunin er að fylla tank bílsins fyrir allt að 5000 krónur til dæmis, en síðan kemst ekki bensín á bílinn fyrir nema að andvirði 4500 krónur, þá sendir tölvan boð til Reiknistofunnar um að leiðrétta 5000 krónur og taka út 4500 krónur. Á einhverju gefnu tímabili eru þessar tvær færslur báðar í kerfinu. Í einhverjum tilfellum getur staðið þannig á að fólk eigi lægri upphæð á reikningnum en sem nemur hinni tvöföldu færslu og þá getur fólk lent í vandræðum um næst þegar kortið er notað. Í langflestum tilfellum leiðréttist þetta strax en einstaka sinnum tekur það lengri tíma en þó aldrei lengur en níu daga.

svavar@frettabladid.is

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefur þú örugglega fengið Fréttablaðið í morgun, og þarft sennilega ekkert að **hringja í síma 550 5000** til að láta vita að þú hafir ekki fengið neitt blað í morgun.

En ef þú þekkir einhvern sem hefur **ekki fengið Fréttablaðið**, biddu hann endilega um að láta okkur vita, því annars er þessi auglýsing alveg gjörsamlega tilgangslaus.

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Mikilvægt er að halda orkukostnaði við sumarbústaðinn í lágmarki:

# Þétta veggi og deila rafmagni

Sumarbústaðaeigendur geta sparað umtalsverða fjármuni við rekstur á bústöðum sínum með því að þétta veggi og spara ekki til smíða í upphafi.

Í þéttri sumarhúsabyggð, eins og algeng er hér á landi, getur einnig verið sniðugt að vera með eitt rafmagnsinntak fyrir fleiri en einn bústað, en að sögn Viðars Sýrussonar, rafverktaka og formanns sumarbústaðaeiganda í Kjós, er það mikil sparnaðarleið. „Það kostar mikið að setja upp rafmagnskerfi og þess vegna getur það verið sniðug leið fyrir nágranna í sumarbústaðabyggð að vera með eitt rafmagnsinntak fyrir fleiri en einn bústað.“

Til lengri tíma er mesti sparnaðurinn þó fólginn í vandaðri smíði og þéttum veggjum þar sem það kemur í veg fyrir varmaútstreymi. „Það er betra að vanda til verka í upphafi þegar bústaðurinn er byggður. Það kostar kannski aðeins meira í upphafi að byggja vandað hús en það er hins vegar ljóst að til framtíðar borgar það sig margfalt til baka. Rekstrarkostnaður við vel byggða og góða bústaði er því oft minni heldur en við hús sem eru kannski ekki alveg eins vönduð.“ -mh



**SUMARBÚSTAÐUR Í GRÍMSNESI** Sumarbústaðir hér á landi eru margir hverjir orðnir stórir og miklir, og því mikilvægt að huga vel að rekstrarkostnaðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





# 100 KRÓNUR* FYRIR BÖRN

## 22.900 ** KR. FYRIR AÐRA

+ Bókaðu á www.icelandair.is

Sölutímabil: 9. til 17. febrúar.
Ferðatímabil: 15. febrúar til 31. mars (síðasta heimkoma 10. apríl).

Þessi flug gefa 3.000 Vildarpunkta.

* *Fyrir börn 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.*
*Innifalið: Flug báðar leiðir. Flugvallarskattar bætast við.*
** *Innifalið: Flug báðar leiðir og flugvallarskattar.*

ALLT AÐ 140 FLUG Á VIKU TIL 22 ÁFANGASTAÐA

VILDARPUNKTAR

VISA

Nýttu 10.000 Vildarpunkta sem 6.000 kr. ef bókað f. 10. mars

ICELANDAIR
www.icelandair.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.668 **+0,79%** **Fjöldi viðskipta:** 777 **Velta:** 9.736 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Tryggingamiðstöðin** | 10,00% | **Vinnslustöðin** | -4,88% |
| **FL Group** | 2,55% | **Icelandic Group** | -4,81% |
| **Landsbankinn** | 2,50% | **MOSAIC** | -2,78% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 54,00 +0,00% ... Atorka 6,09 -1,77% ... Bakkavör 53,70 -1,83% ... Dagsbrún 5,61 -0,18% ... FL Group 24,10 +2,55% ... Flaga 3,88 +0,00% ... Íslandsbanki 20,70 +1,47% ... KB banki 988 +1,23% ... Kögun 62,10 -0,64% ... Landsbankinn 28,70 +2,50% ... Marel 67,50 -0,74% ... Mosaic Fashions 17,50 -2,78% ... SÍF 4,05 -0,74% ... Straumur-Burðarás 21,00 -0,47% ... Össur 102,50 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

**Viðskiptaleikskólann**
Nýr framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, Halla Tómasdóttir, var kynnt til sögunnar á Viðskiptaþingi. Hún tekur við blómlegu búi hins atorkusama Þórs Sigfússonar. Halla hélt stutta tölu og greinilegt að mikill hugur er í henni að takast á við spennandi verkefni á þessum vettvangi. Hún lýsti því meðal annars að hún vildi sjá Viðskiptaráðið reka grunnskóla og leikskóla, líkt og það gerir með Verslunarskólann og HR. Gárungarnir skemmtu sér við að búa til starf í viðskiptaleikskóla, þar sem börnin gætu gert afleiðusamninga með hafragrjón á grundvelli langtímaspár um verðþróun og enginn fengi að föndra nema að leggja fram nákvæma viðskiptaáætlun um markaðssetningu handverksins. Lengi býr að fyrstu gerð og aldrei að vita að slíkt uppeldi eigi eftir að skjóta upp kollinum í hugmyndum um að gera Íslands að fjármálamiðstöð, en nefnd undir forystu Sigurðar Einarssonar vinnur að því.



**Eggið og hænan**
Annars var áberandi í skýrslu Viðskiptaráðsins og í umræðum á Viðskiptaþingi að menning og menntun skipar nú hærri sess í umræðum um blómlegt viðskiptalíf. Hreiðar Már, forstjóri KB banka, sagði söguna sýna að þar sem fjármálastarfsemi blómstraði, blómstruðu mennning og listir einnig. Listamaðurinn Gabríela Friðriksdóttir var í pallborði og velti hún fyrir sér hvað dragi fólk að. „Ég veit að fólki finnst gaman að fara í banka," sagði hún og uppskar hlátur gesta. Augljóst er að öflugt viðskipta- og menningarlíf á mikla samleið, en auðvitað alltaf spurning hvort kemur á undan eggið eða hænan.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Hagnaður sænska fjármálafyrirtækisins **SEB** nam 8,4 milljörðum sænskra króna á síðasta ári og jókst um rúm 14 prósent frá árinu áður. Árið í fyrra var það besta í sögu félagsins.

Krónan veiktist um 0,2 prósent í 11 milljarða króna viðskiptum á millibankamarkaði í gær. Gengisvísitala krónunnar byrjaði í 105,30 stigum við upphaf viðskipta en endaði í 105,50 stigum við lok dags.

Lítil viðskipti voru á skuldabréfamarkaði í gær, eða sem nemur 385 milljónum króna. Mest voru viðskipti með HFF150644 fyri 274 milljónir króna og hélst ávöxtunarkrafa flokksins óbreytt.




**ICELANDIC GROUP SENDIR FRÁ SÉR AFKOMUVIÐVÖRUN** Rekstrarniðurstaða á fjórða fjórðungi 2005 verður undir væntingum stjórnenda félagsins.

## Afkoma IG verður slök

Icelandic Group sendi í gær frá sér afkomuviðvörun vegna uppgjörs fjórða ársfjórðungs 2005 sem verður birt 16. mars næstkomandi. Í tilkynningu frá félaginu segir að rekstrarniðurstaðan á tímabilinu verði undir væntingum.

Ástæður fyrir lakari afkomu en við var búist eru meðal annars að væntingar um afkomubata hjá Coldwater í Bretlandi gengu ekki eftir og talsverður kostnaður við endurskipulagningu hjá Icelandic France var gjaldfærður á fjórðungnum. Þá gekk rekstur rækjufyrirtækisins Ocean to Ocean í Bandaríkjunum verr en búist var við og hráefnisverð olli því að afkoma framleiðslustarfsemi í Asíu var ekki í samræmi við áætlanir.

Icelandic Group vinnur nú að ýmsum hagræðingaraðgerðum en áður birt rekstrarmarkmið fyrir árið 2006 munu standa óbreytt. Samkvæmt þeim eru tekjur áætlaðar 110-120 milljarðar króna og EBITDA-framlegðin 5,5 prósent af tekjum eða 6,1 til 6,6 milljarðar króna.

# Hér verði miðstöð fjármála og landið í Evrópusambandinu

**Ísland 2015 var yfirskrift Viðskiptaþings Viðskiptaráðs sem fram fór í gær. Forsætisráðherra spáir Evrópusambandsaðild og telur tímabært að endurskoða bann við erlendum fjárfestingum í sjávarútvegi. Ræddir voru möguleikar á að koma hér upp miðstöð fjármála, og stóriðjustefna stjórnvalda var gagnrýnd.**



**FRÁ PALLBORÐSUMRÆÐUM Á VIÐSKIPTAÞINGI** Guðfinna Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, Berglind Ásgeirsdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri OECD, Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, Hannes Smárason, forstjóri FL Group, Bjarni Benediktsson þingmaður og Gabríela Friðriksdóttir myndlistarmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég ætla að leyfa mér að setja fram spá um að við verðum orðnir aðilar að Evrópusambandinu árið 2015," sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra í ræðu sinni á Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs Íslands í gær. Hann sagðist undrast litla umræðu atvinnulífsins um Evrópumál og benti á að í þeim efnum hafi launþegahreyfingin staðið fyrir mun meiri umræðu. Hann segir ekki forsendur til að taka af skarið um málið nú þar sem umræðan sé ekki nógu þroskuð, en telur um leið ljóst að henni verði ekki frestað mikið lengur. „Hvorki í atvinnulífinu né á vettvangi stjórnmálanna."

Jón Karl Ólafsson, fráfarandi formaður Viðskiptaráðs, upplýsti í kjölfar ræðu ráðherra að Evrópumál hafi verið rædd og sjónarmið ólík hjá atvinnurekendum, en sú umræða hafi hingað til ekki verið uppi á borðum. Hann segir að búið sé að setja á laggirnar vinnuhóp á vegum Viðskiptaráðs undir heitinu Krónan sem fjalli um gengið og Evrópumál og telur líklegt að niðurstöður hans verði til umræðu á viðskiptaþingi að ári.

Forsætisráðherra upplýsti einnig að sett hafi verið á fót nefnd sem ætlað sé að fjalla um forsendur alþjóðlegrar fjármálastarfsemi hér á landi og nauðsynlegar breytingar sem koma þurfi á til að ýta undir hana með það fyrir augum að laða hingað auknar fjárfestingar. Hann segir einnig tímabært að endurskoða fyrri ákvarðanir sem takmarka fjárfestingu erlendra aðila í tilteknum atvinnugreinum, svo sem sjávarútvegi. „Ég tel að slíkar takmarkanir geti dregið úr möguleikum okkar til að laða erlent fjármagn inn í íslenskt efnahagslíf," segir hann.

Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri KB banka kom einnig inn á möguleika fjármálageirans og áréttaði að einhver mikilvægasta auðlind þjóðarinnar væri það traust sem aflað hafi verið í alþjóðaviðskiptum og varaði við ábyrgðarlausri umræðu þar sem vegið væri að því trausti. Hann benti einnig á að forsenda þess að hér yrði miðstöð fjármála væri að bankarnir yrðu hér áfram með höfuðstöðvar sínar, en rekstri hér fylgdi áhætta vegna krónunnar, því ef hún veiktist lækkaði um leið eiginfjárhlutfall bankanna.

Ágúst Guðmundsson, stjórnarformaður Bakkavarar Group, var einnig fenginn til að vera forspár, en taldi það erfitt verk enda breytingar nú hraðari en nokkru sinni fyrr og vöxtur efnahagslífsins aldrei meiri. Hann gerði stóriðjustefnu stjórnvalda að umtalsefni og dró í efa að hún yrði til að ýta undir áframhaldandi vöxt.

Í sinni ræðu sagði Halldór Ásgrímsson að nýta yrði tækifæri til frekari framkvæmda og tryggja með því hagvöxt, en dreifa þeim „þannig að þær hafi sem jákvæðust áhrif á aðra atvinnustarfsemi og efnahagslífið í heild." Ágúst sagði hins vegar fyrirséð að krónan héldist sterk og því myndi útflutningur ekki aukast með stóriðju, heldur flytjast milli geira þegar fyrirtæki brygðust við genginu og flyttu starfsemi sína á brott. Ágúst taldi menntun þjóðarinnar þann grunn sem byggja þyrfti á enda myndi ungt fólk skapa sín eigin tækifæri og benti á að íslenskir háskólar röttuðu ekki á lista yfir þá 500 bestu í heiminum. „Af hverju ættum við að sætta okkur við minni metnað í menntamálum en í öðru sem við gerum?" spurði hann.

**olikr@markadurinn.is**


**Ingimundur í 5. sæti**

Tryggjum velferð og öryggi í málum er varða:

- Fjölskylduna og einstaklinga
- Menntun einstæðra og ungra foreldra
- Gæslumál barna
- Íþróttir og tómstundir grunnskólabarna
- Velferðarsvið / þjónustumiðstöðvar

Tryggjum valmöguleika sem fullnægja þörfum borgarbúa.



Ingimundur Sveinn Pétursson

www.mundi.is

**Bindandi kosning**

5


# Sjö prósent réttindahækkun

**Lífeyrissjóðurinn Gildi skilaði 17,8 prósenta raunávöxtun í fyrra. Eignir eru 10,8 prósent yfir skuldbindingum..**

Lífeyrissjóðurinn Gildi skilaði góðri ávöxtun á fyrsta starfsári sínu. Sjóðurinn varð til við sameiningu Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna.

Nafnávöxtun sjóðsins nam 22,6 prósentum en að teknu tilliti til verðbólgu var ávöxtunin 17,8 prósent. Lífeyrissjóðurinn segir árangurinn helgast af fjárfestingarstefnu sjóðsins og hagstæðra skilyrða á verðbréfamörkuðum, einkum á innlendum hlutabréfamarkaði. Ávöxtun innlendra hlutabréfa Gildis var umfram hækkun úrvalsvísitölu.

Innlend hlutabréf í eigu Gildis hækkuðu um 71,5 prósent meðan vísitalan hækkaði um 64,7 prósent.

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt sem miðast við stöðu sjóðsins í árslok 2005 eru eignir 10,8 prósent umfram heildarskuldbindingar. Í ljósi þessarar góðu stöðu hefur stjórn sjóðsins ákveðið að leggja til við ársfund, sem haldinn verður 26. apríl, að áunnin réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega verði hækkuð um sjö prósent frá 1. janúar 2006



**ÁRNI GUÐMUNDSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI** Lífeyrissjóðurinn Gildi ávaxtaðist vel á síðasta ári og í ljósi þess að eignir eru vel yfir skuldbindingum stefnir í að lífeyrisgreiðslur sjóðfélaga hækki.

# Marel ætlar að þrefalda stærð sína

Á næstu árum ætlar Marel að þrefalda stærð sína og ná 15 til 20 prósenta markaðshlutdeild á sviði hátæknibúnaðar fyrir matvælaiðnað. Þá ætlar félagið að minnka vægi kostnaðar í krónum úr 24 prósentum í 7 prósent á næstu þremur árum.

Afkoma Marel var kynnt á fundi í vikunni og um leið framtíðarsýn. Hörður Arnarson, forstjóri Marel, segir bjart yfir til lengri tíma litið, þó að hátt gengi krónunnar sé fyrirtækinu erfitt núna. Hann segir tímamót að verða hjá hátæknifyrirtækjum í matvælaiðnaði og samþjöppun fyrirséða á þeim markaði. „Þar ætlum við okkur stórt hlutverk. Þessi iðnaður er 20 til 40 ára gamall og komið að kynslóðaskiptum í mjög mörgum þessara fyrirtækja,“ segir hann og bætir við að reynslan sýni að á slíkum tímapunkti verði samþjöppun sem hafi í för með sér aukna hagkvæmni. „Við höfum markað okkur mjög skýra stefnu um hvernig og hvar við ætlum að vaxa á þessum markaði og teljum okkur hafa mjög góðan grunn að byggja á,“ segir hann. Ætlunin er að allt að þrefalda stærð fyrirtækisins á næstu þremur til fimm árum. Gangi það eftir verður Marel komið með ársveltu upp á 400 til 500 milljónir evra, samanborið við 130 milljónir evra í fyrra. Horft er til samruna við tvö til fjögur lykilfyrirtæki á markaðnum, en Hörður segir ekki hægt að segja til um hvenær af þeim viðskiptum verður. „Þetta er ekki svo langt komið, en við erum að ræða við og skoða fjölmörg fyrirtæki,“ segir hann.


**FORSTJÓRINN KYNNIR AFKOMU OG FRAMTÍÐARSÝN** Hörður Arnarson, forstjóri Marel, fór yfir afkomu fyrirtækisins á fundi í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Garðabæ. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Með auknum vexti í útlöndum segir Hörður svo vægi kostnaðar í krónum í rekstrinum minnki sjálfkrafa. „Augljóst er að vilji stjórnvalda er að hafa krónuna sterka áfram og við verðum að bregðast við því.“

**- óká**


# Yuchai vinnuvélar á frábæru verði




YC18


YC15

YUCHAI

Við höfum hafið innflutning á Yuchai vinnuvélum frá stærsta framleiðanda á smágröfum í Kína.

Vélarnar eru gangöruggar og dugmiklar við mokstur og henta því vel fyrir bæði stóra sem smáa verktaka.

Vélarnar eru frá 1500 kg og upp í 13300 kg, með fullkomnum búnaði eins og hann gerist bestur á þeim vélum sem fluttar hafa verið til landsins undanfarin ár.

Vélarnar eru með heimsþekktum mótorum eins og Perkins / Kubota og Cummins.

Helstu hlutir vélanna eru framleiddir af viðurkenndum framleiðendum, en hagkvæmni við samsetningu og góðir samningar við framleiðendur gera okkur kleift að bjóða þessar vélar á verðum sem koma þægilega á óvart.

Yuchai vinnuvélar hafa verið á markaði í Evrópu og Ameríku síðan 1991.

Boðið verður upp á vökvafleyga og skóflur í ýmsum stærðum. Vökvabora sem tengdir eru við gröfuarminn, og val á borum í ýmsum sverleikum. Þetta ætti t.d. að gera girðingarvinnu afar einfalda og fljótvirka og auðvelda plöntun trjáa af ýmsum stærðum.

Fyrir minni vélar eigum við til kerrur með uppákeyrslubúnaði sem venjulegir pallbílar og jeppar geta dregið ásamt öflugum fólksbílum.

## *Kynningarverð*

| Gerð | Hús/grind | Mótor | Þyngd | Breidd | Verð án vsk. | Verð m/ vsk. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| YC 15 SLH-5 | Með grind | Laidong Diesel | 1500 kg | 1014 mm | 989.000 | 1.231.305 |
| YC 15 BPH-7 | Með húsi | Perkins Diesel | 1600 kg | 1014 mm | 1.193.000 | 1.485.285 |
| YC 15 SLH-2 | Með húsi | Perkins Diesel | 1780 kg | 1100 mm | 1.389.000 | 1.729.305 |
| YC 35-7 | Með húsi | Cummins Diesel | 3700 kg | 1494 mm | 2.584.000 | 3.217.080 |

***Grafskófla fylgir hverri vél og er innifalin í verði.***

***Yuchai gröfur á verði frá kr. 989.000 án vsk.***

VÉLAR & ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is



# Fimm stjörnu bílar

**Allir þessir bílar hafa fengið 5 stjörnur, eða hæstu einkunn í öryggisprófun EURO NCAP.**




**Renault Laguna BREAK**
Nýskr. 12.2002,
5 dyra, sjsk., ekinn 57 þ.
5 stjörnur EURO NCAP




**Renault Laguna II**
Nýskr. 08.2004, 2000cc.
4 dyra, sjsk., ekinn 16 þ.
5 stjörnur EURO NCAP.




**Renault Laguna II V6**
Nýskr. 09.2003, V6
5 dyra, sjsk., ekinn 34 þ.
5 stjörnur EURO NCAP.




**Renault Megane II Saloon**
Nýskr. 03.2004,
4 dyra, bsk., ekinn 43 þ.
5 stjörnur EURO NCAP




**Renault Scenic II**
Nýskr. 08.2004,
5 dyra, sjsk., ekinn 16 þ.
5 stjörnur EURO NCAP




**Renault Scenic II**
Nýskr. 11.2004,
5 dyra, sjsk., ekinn 8 þ.
5 stjörnur EURO NCAP

bíla land B&L notaðir bílar

Grjóthálsi 1
bilaland.is

Opið mán-fös 10-18
og lau 12-16

575 1230

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Fjölmennt og eftirtektarvert Viðskiptaþing

## Umræða um ESB og menntun

Framtíðarspá Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra á Viðskiptaþingi í gær um að Íslendingar verði orðnir fullgildir aðilar að Evrópusambandinu árið 2015 og þörfin á eflingu menntunar í landinu bæði í grunnskólum og ekki síður í háskólum landsins, var það sem hæst bar hjá þeim sem töluðu á hinu fjölmenna þingi.

*Ástæða er til þess að hvetja til meiri umræðu um Evrópumálin almennt í þjóðfélaginu, svo við getum verið við því búin að taka ákvörðun í þeim efnum ef og þegar að því kemur að við þurfum að gera upp hug okkar varðandi þessi mál.*

Forsætisráðherra drap á mörg athyglisverð atriði í ræðu sinni og gaf svar við mörgum spurningum sem hafa verið ofarlega í umræðunni nú síðustu daga. Hann kom inn á arðsemi virkjana hér á landi og gat þes að Búrfellsvirkjun væri nú nánast afskrifuð til fulls eftir 40 ára starfrækslu og væri nú í betra ástandi en í upphafi. Þar var hann með óbeinum hætti að svara Ágústi Guðmundssyni stjórnarformanni Bakkavarar, sem var annar aðalræðumaður viðskiptaþings, en hann hefur gagnrýnt stóriðjustefnu stjórnvalda.

Í þeim kafla ræðunnar sem bar yfirskriftina Ísland og Evrópa sagði forsætisráðherra að stóra spurningin fyrir árið 2015 væri hvort Íslendingar yrðu þá með sjálfstæða íslenska krónu eða hvort við yrðum þá orðnir fullgildir aðilar að ESB. Hann sagði að við yrðum að viðurkenna að sveiflur í gengi krónunnar væru vandamál og spurningar væru uppi um möguleika lítilla gjaldmiðla á markaðnum. Í framhaldi af því spáði hann aðild okkar að Evrópusambandinu 2015. Ákvarðanir nágrannaþjóða um aðild að evrópska myntbandalaginu hefðu mikil áhrif í þessum efnum, en hinsvegar væru engar pólitískar forsendur nú fyrir ákvörðum um aðild af okkar hálfu. Hvatti hann til meiri umræðu um Evrópumálin og ekki síst atvinnulífið. Eins og forsætisráðherra benti réttilega á, hefur mun meiri umræða verið um þessi mál á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar. Ástæða er til þess að hvetja til meiri umræðu um Evrópumálin almennt í þjóðfélaginu, svo við getum verið við því búin að taka ákvörðun í þeim efnum ef og þegar að því kemur að við þurfum að gera upp hug okkar varðandi þessi mál.

Ágúst Guðmundsson sagði að það væri ekki auðvelt að spá áratug fram í tímann, því breytingar á allra síðustu árum hefðu verið langt umfram allar væntingar á sínum tíma. Hann minnti á mikilvægi netsins og hvernig samkeppnishæfni smárra og afskekktra landa hefði aukist með tilkomu þess. Efling þekkingar- og þjónustuiðnaðarins ætti að taka fram yfir stóriðjustefnuna, en sérstaka áherslu lagði hann á að ríkið ætti að hafa forystu um eflingu menntunar, og markmiðið ætti að vera að háskólar okkar ættu að verða með þeim bestu í heimi. Þetta er metnaðarfullt markmið sem full ástæða er til að stefnt verði að. Hér á landi eru nú þegar háskólar á ýmsum sviðum auk Háskóla Íslands sem stendur á gömlum og væntanlega traustum grunni. Það þarf að hlúa enn frekar en gert hefur verið að starfsemi þeirra, því framtíðin felst í menntun og þekkingu, hvort sem við verðum utan eða innan Evrópusambandsins árið 2015.


NÝJA REYKJAVÍK - KRAFTMIKIL, SKEMMTILEG, ÖRUGG OG HEILBRIGÐ

ÞAÐ SKIPTIR MÁLI HVER STJÓRNAR Í REYKJAVÍK



Ég er fæddur Reykvíkingur og Guðmundur heitinn maðurinn minn líka, foreldrar mínir voru Reykvíkingar og afi minn og amma. Þess vegna skiptir mig miklu máli hverjir stjórna borginni minni. Dagur er maður nýja tímans og ég treysti honum fyrir því hvernig borgin verður fyrir barnabörnin mín, sem eru orðin ellefu talsins. Mér finnst mjög mikils virði að læknir gefi sig að því að starfa fyrir alla borgarbúa, ekki síður okkur sem eldri erum. Svo líst mér ljómandi vel á Dag og það sem hann hefur sagt og ég treysti honum.

*Elín Torfadóttir, framhaldsskóla- og leikskólakennari*

DAGUR 1. SÆTI


## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Ríkisvæðingin...**



Jón Karl Ólafsson forstjóri Icelandair og formaður Viðskiptaráðs kom við á Morgunvakt Ríkisútvarpsins í gærmorgun á leiðinni á þing ráðsins sem haldið var í gær. Jón Karl vitnaði í skýrslu ráðsins og hafði sitthvað að athuga við ríkisreksturinn. „Við erum með jafn mörg ráðuneyti og í Bandaríkjunum.“ Jón Karl sagði að menn vildu gjarnan sjá einföldun stjórnkerfisins. „Ef við horfum til baka hefur orðið ágætis ríkisvæðing hér. Á sama tíma hefur fyrirtækjum í einkageiranum tekist að draga saman og einfalda hjá sér ferla til sparnaðar.“

Svo mörg voru þau orð. Þegar Sveinn Helgason fréttamaður spurði um pólitíkina svaraði Jón Karl að þessi efnisþáttur skýrslunnar yrði á endanum framlag til pólítískrar umræðu fyrir kosningar.

**... og skattbyrðin.**

Í ágúst í fyrra gaf Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra út tilmæli til ráðherra sinna um endurskoðun á skipan ráðuneyta og verkaskiptingu þeirra. Nefnd var skipuð og áttu ráðherrarnir Björn Bjarnason og Árni Magnússon að hafa forystu um málið og skyldi verkinu hraðað.

Skemmst er frá því að segja að nefndin kom aldrei saman á síðasta ári og hefur því endurskoðunarstafið varla verið skipulagt enn.

Geir H. Haarde formaður Sjálfstæðisflokksins hafði að vísu á orði í áramótagrein að hann teldi heppilegt að fækka ráðherrum og binda fjölda þeirra við níu eða tíu.

Jón Karl talaði líka um flókið og margbrotið skattkerfi en ekki um aukna skattbyrði, enda varla um slíka að ræða í rekstri fyrirtækja á síðari árum.

Því liggur beint við að álykta að „ríkisvæðing“ ríkisstjórnarinnar sé í auknum mæli borin uppi af venjulegum skattborgurum, öldruðum og öryrkjum. Talsmenn þeirra hafa verið ódeigir við að sýna fram á að skattbyrði síðustu ára hafi þyngst. Embættismenn fjármálaráðuneytisins kljást við skattborgarana í vefriti fjármálaráðuneytisins en hafa neyðst til að leiðrétta útreikninga sína í sannleiksstríðinu um skattbyrðina.

johannnh@frettabladid.is

# Móðir jörð er ekki til sölu

Í DAG
LÍFIÐ ER LANDAMÆRADEILA



ÞORVALDUR GYLFASON

*Hvar eigum við að draga mörkin milli þess, sem er leyfilegt, og hins, sem er það ekki? Mestallur ágreiningur um stjórnmál hverfist um þessa grundvallarspurningu.*

Húsnæðismál Rússlands og landbúnaðarmál hafa verið í ólestri svo lengi sem elztu menn muna og eru það enn, þótt kommúnistar hafi hrökklazt frá völdum fyrir fimmtán árum. Ófremdin stafar meðal annars af því, að of margir Rússar höfðu lengi og hafa margir enn óvenjulegar skoðanir á jarðnæði. Móðir Jörð er ekki til sölu, var sagt um allt Rússland. Hugsjónin var þessi: maður selur ekki jarðnæði, ekki frekar en ömmu sína. Af þessari hugsun leiddi alls kyns höft og hömlur, sem stóðu í vegi fyrir eðlilegri verðmyndun og hagkvæmri nýtingu húsnæðis og lands. Þegar kommúnistar voru við völd, mátti húsaleiga lögum samkvæmt ekki nema meira en 3% af tekjum manna, en algengt var og er vestar í álfunni, að heimilin verji þriðjungi tekna sinna til húsnæðisþarfa. Engan þarf því að undra á húsnæðiseklunni í Sovétríkjunum sálugu. En nú hafa tökin verið losuð þarna austur frá, hömlurnar bíta minna en áður, og húsnæðismálin eru á réttri leið. Það tekur að vísu langan tíma að vinda ofan af vandanum.

Íslendingar eru að sumu leyti sama sinnis og Rússar. Þess vegna halda yfirvöldin hér heima uppteknum sið og úthluta lóðum út og suður í stað þess að selja þær á réttu verði, markaðsverði. Og þess vegna meðal annars máttu þau á sínum tíma ekki heyra það nefnt að selja aflaheimildir á markaðsverði frekar en að afhenda þær ókeypis og lögðu með því móti stóran stein í vörðu aukins ójafnaðar um landið. Í þessu ljósi verður það einnig skiljanlegra, hvers vegna Reykjavíkurflugvöllur er ennþá þar sem hann er á einum dýrmætasta skika borgarlandsins: landrýmið hefur ekki verið verðlagt, svo að fjárhagstjónið af völdum óbreyttrar staðsetningar vallarins er hvergi fært til bókar. Ef menn fá ekki að vita, hvað hlutirnir kosta, fara þeir jafnan verr með fé en ella.

Niðurníðsla húsnæðis innan um allsnægtir í mörgum bandarískum borgum er angi á sama meiði. Hún stafar öðrum þræði af hámarksleigulöggjöf, sem sviptir eigendur húsnæðis hvatanum til að halda húsum sínum við og byggjendur hvatanum til að reisa ný. Þess vegna líta sum hverfin í Bronx út eins og Dresden eftir stríð, eða Bagdad nú.

Hvar eigum við að draga mörkin milli þess, sem er leyfilegt, og hins, sem er það ekki? Mestallur ágreiningur um stjórnmál hverfist um þessa grundvallarspurningu. Hvar eigum við að draga mörkin milli löngunarinnar til að lyfta lífskjörum okkar með því að skipta sem mest við önnur lönd til dæmis með aðild að Evrópusambandinu og hins að sveipa um okkur varnarhjúpi til að bægja frá hættunni á að tapa þjóðlegum sérkennum okkar? Hvar eigum við að draga mörkin milli þess varnings, sem okkur finnst rétt að leyfa að ganga kaupum og sölum, og hins, sem okkur finnst, að eigi ekkert erindi á markað? Fólk er ólíkt sem betur fer og dregur því mörkin á ólíkum stöðum.

Tökum dæmi. Þegar forfeður okkar og mæður drifu sig á kjörstað til að kolfella Uppkastið 1908 gegn vilja flestra helztu forustumanna landsins, eins og ég lýsti á þessum stað á fullveldisdaginn 1. desember, notuðu þau tækifærið til að innleiða áfengisbann. Þannig gerðist það, að bjór varð ekki lögleg söluvara á Íslandi eins og í öðrum löndum fyrr en 1989. Og þannig stendur á því, að Íslendingar gátu ekki greitt með krítarkortum í ÁTVR fyrr en fyrir fáeinum árum, af því að lánsviðskipti vegna vínkaupa voru óheimil að lögum. Og hér er einnig að finna skýringuna á því, hvers vegna bjór og borðvín eru ófáanleg í matvörubúðum – 98 árum eftir atkvæðagreiðsluna forðum daga. Leiðslurnar eru langar í lífi þjóðar. Það verður að teljast ólíklegt, að nýtt áfengisbann næði fram að ganga í nýrri þjóðaratkvæðagreiðslu. Hitt er ekki víst, hvort Reykvíkingar myndu leyfa sölu víns og bjórs í Melabúðinni, mættu þeir greiða atkvæði um það. Væri ekki vert að reyna það? Það komst hreyfing á flugvallarmálið með atkvæðagreiðslunni 2002. Hvers vegna beita borgarstjórnarmenn sér ekki fyrir svipaðri meðferð í vínsölumálinu? – svo að Reykjavík geti þá kannski orðið ögn líkari Kaupmannahöfn, London, París, Róm og Ríó.

Á þá allt að vera frjálst? Sumum finnst það, öðrum ekki. Mörkin eru á hreyfingu. Fimm hundruð hagfræðingar sendu bandarískum yfirvöldum bréf í fyrra til að mæla með lögleiðingu hampefna af ýmsu tagi. Ég hefði ekki skrifað undir.

## EFST Á BAUGI:

KOSNINGAR TIL STÚDENTARÁÐS HÍ:

## Þvælist pólitíkin fyrir hagsmunabaráttunni?



Jarþrúður Ásmundsdóttir fyrrverandi formaður Stúdentaráðs.

### Stúdentar ganga fyrir

„Nei, ég held hún geri það ekki. Það skiptir ekki máli hvaðan góðar hugmyndir koma, heldur hvort fólk geti komið sér saman um að vinna saman til að bæta kjör stúdenta. Vaka hefur einbeitt sér að vinna að hagsmunum óháð pólitískum vinklum og einbeitt sér að málefnum stúdenta, en látið vera að álykta um hluti sem snerta aðra þætti þjóðfélagsins. Ég held að þeir sem taka á annað borð þátt í stúdentapólitík hafi fyrst og síðast áhuga á málefnum stúdenta óháð hvort þeir séu til hægri eða vinstri.

Það er vissulega pólitík í spilunum að því leyti að það er samkeppni um umboðið til að leiða Stúdentaráð. Þrjár fylkingar hafa keppt um það umboð í þrjú ár og taka þátt þannig þátt í þeirri pólitík. En á tíma mínum í stúdentaráði varð ég aldrei vör við að pólítískur skoðanamunur hafi hamlað því að brýnum verkefnum var ýtt úr vör.“



Guðmundur Steingrímsson fyrrum Háskólaráðsliði.

### Pólitíkin er drifkraftur

„Nei, ég held að það séu fyrst og fremst pólitískar skoðanir sem gera að verkum að fólk vill berjast fyrir hagsmunum stúdenta. Mér fannst þessi skipting Röskvu og Vöku til hægri og vinstri réttlætanleg á meðan ég var í háskóla og býst við að það hafi ekki breyst. Það er rétt að mörg stefnumála fylkinganna eru þau sömu, en það komu líka upp stór mál þar sem afstaða fólk var til hægri eða vinstri.

Það hafa alltaf stöku sinnum risið upp öfl sem vilja kveða niður pólitíkina, eins og Háskólalistinn, og heimta algjöra fagmennsku. Ég held að það hljóti að verða á kostnað hugsjónanna. Mér finnst engin ástæða að aftengja pólitískar hugsjónir og metnað sinn fyrir hönd stúdenta.

Stúdentapólitíkin getur vissulega verið stökkpallur til frekari pólitískari frama, fyrir þá sem standa sig. Það er eðlilegt að það sé sóst eftir slíku fólki og skiljanlegt að fólk sem nær góðum árangri hafi líka metnað á öðrum vettvangi.“


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# Uppbygging leikskóla

**UMRÆÐAN**
LEIKSKÓLAR



**SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR**

*Uppbygginguleikskólanna verður ekki lokið fyrr en bilið milli fæðingarorlofs og leikskólavistar hefur verið brúað.*

Sú breyting hefur orðið á í valdatíð Reykjavíkurlistans að leikskólinn hefur verið viðurkenndur í raun sem fyrsta skólastigið. Undantekningalítið hafa börn við upphaf grunnskóla gengið í leikskóla og flest í ein fjögur ár. Innra starf leikskólanna er metnaðarfullt og ánægja barna og foreldra mikil eins og sést á könnunum sem gerðar hafa verið á viðhorfi fólks til leikskólans síns.

Ég stýrði á síðasta kjörtímabili starfshópi sem mótaði stefnu um gjaldfrjálsa skólagöngu fyrir fimm ára börn í leikskólum, sem verið er að hrinda í framkvæmd um þessar mundir. Þetta er í eðli sínu viðurkenning á leikskólum sem fyrsta skólastiginu, jafnframt því að draga úr kostnaði barnafjölskyldna og þar með auka möguleika þeirra á samverustundum utan vinnu.

Fyrir síðustu kosningar var stefnt að því að tryggja öllum börnum 18 mánaða og eldri leikskólavist. Það markmið hefur náðst, eins langt og það nær. Öll börn sem náð hafa 18 mánaða aldri í september fá boð um leikskólavist.

Samanlagt fæðingarorlof foreldra á Íslandi er hins vegar aðeins níu mánuðir. Færa má fyrir því rök að það ætti að vera lengra eins og víða er í kringum okkur. En þetta er sá veruleiki sem blasir við foreldrum. Veruleiki sem ég þekki ágætlega enda sjálf með barn á þessum aldri.

Ég tel að hvorki dagmæðrakerfið né heimgreiðslur séu lausn á þessum vanda. Dagforeldrakerfið er að mínu viti barn síns tíma, án þess að ég vilji gera lítið úr þeirra starfi. Kerfið tryggir einfaldlega ekki nægilegt öryggi fyrir foreldra. Dagforeldrar veikjast eins og annað fólk og þeir þurfa að taka sér frí eins og aðrir, svo ekki sé minnst á að þeir anna ekki eftirspurn. Foreldrar í Reykjavík þekkja í fæstum tilvikum dagforeldrið og fjölskyldu þess fyrirfram, barnið er ómálga og starfsemin oftast inni á heimili dagforeldrisins. Það er því ljóst að öryggi foreldranna er ekki mikið. Það getur alltaf eitthvað komið fyrir barn, sem gerir það að verkum að öll athygli þarf að beinast að því. Hvernig getur dagforeldri með 4-5 börn sinnt hinum á meðan, ef slíkar aðstæður koma upp?

Í leikskólum Reykjavíkur er það vinnuregla að aldrei séu færri en tveir starfsmenn með barni eða barnahópi. Þessi vinnuregla kemur ekki til útaf engu. Hún er til að tryggja öryggi barnanna.

Þessi mál verða ekki leyst með öðrum hætti en að tryggja börnum leikskólavist eftir að fæðingarorlofi lýkur. Ég tel að heimgreiðslur séu ekki það sem foreldrar og atvinnulífið þurfi á að halda. Uppbyggingu leikskólanna verður ekki lokið fyrr en bilið milli fæðingarorlofs og leikskólavistar hefur verið brúað.

*Höfundur á sæti í menntaráði Reykjavíkur og gefur kost á sér í 2.-4. sæti í opnu prófkjöri Samfylkingarinnar.*



# Hvernig stúdentaráð viljum við?

UMRÆÐAN
STÚDENTARÁÐ HÍ



SIGURÐUR ÖRN HILMARSSON OG HARALD BJÖRNSSON

*Ráðið á ekki að vera einhvers konar litla Alþingi fyrir stúdenta í stjórnmálaleik. Það á að vera vettvangur fyrir fólk með bæði þá hugsjón að gera góðan skóla betri og aðferðir sem koma því til leiðar.*

Í dag er seinni dagur kosninga til háskólaráðs og Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Þá er einnig kosið um það hvort Stúdentaráð eigi að einbeita sér að hagsmunum stúdenta eða velta fyrir sér hinum ýmsu landsmálum sem snerta okkur stúdenta ekki beint. Sýn Vöku á starfsemi ráðsins er einföld: Stúdentaráð Háskóla Íslands á að vera hagsmunafélag okkar stúdenta og virk réttindaskrifstofa. Ráðið á að koma fram í krafti þeirra rúmlega 9.000 stúdenta sem þar stunda nám og vera öflugur málsvari þegar berjast þarf fyrir rétti þeirra, en ekki síður á það að láta óhikað til sín taka í þeim málum sem betur mega fara innan skólans.

Við viljum að Stúdentaráð beiti sér af krafti í þeim málum er varða okkur stúdenta, hvort sem það eru mál sem varða kennsluhætti við skólann, fjárskort, aðstöðu- og húsnæðisvanda eða baráttuna gegn upptöku skólagjalda. Hins vegar viljum við ekki að ráðið fari að álykta í nafni allra stúdenta í málum sem koma þeim ekki beint við. Til þess hefur ráðið ekkert umboð og eru ungliðahreyfingar stjórnmálaflokkanna hentugri vettvangur fyrir slíkt. Nemendum skólans er ljóst að innan Háskólans bíða mörg stór verkefni sem skipta okkur öll miklu máli og því er mikilvægt að hagsmunafélag okkar beini kröftum sínum í rétta átt.

**Framkvæmdaafl innan Háskólans**

Innan Háskólans gerast góðir hlutir oft mjög hægt. Ýmist liggur vandinn í svifaseinni stjórnsýslu, íhaldssömum stjórnendum og/ eða fjárskorti skólans. Það nægir ekki einungis að benda á vandamálin og bíða eftir meiri peningum heldur þarf að ganga í verkin. Háskólinn hefur ýmis úrræði til að koma góðum málum í gegn, en til að hann geti beitt sér þarf að sýna fram á þörfina fyrir breytingar og koma til móts við hann við framkvæmdina. Þetta hefur Vaka gert ítrekað á undanförnum árum með góðum árangri.

Innan Vöku starfar fjöldi stúdenta, sem hafa það eitt að markmiði að bæta hag stúdenta sem mest. Í krafti þeirra viljum við vera framkvæmdaafl innan Háskólans, því margt getum við gert sjálf til að bæta skólann okkar. Sem dæmi um þetta má nefna stúdentakortin, en þau hafa lengi verið baráttumál og m.a. veita þau nemendum við Háskólann sólarhringsaðgang að sínum byggingum. Ekki komst skriður á málið fyrr en Vaka tók málið upp á sína arma, samdi við Háskólann um fjármögnun gegn því að Vökuliðar tækju að sér alla framkvæmd við að koma kortunum í gagnið. Þessi vinnubrögð hafa gert það að verkum að kortin eru nú orðin að veruleika, eftir áralanga bið.

**Spurning um árangur**

Það eru raddir innan Háskólans sem vilja gera Stúdentaráð að pólitísku afli sem nýtir krafta sína til að taka virkan þátt í þjóðfélagsumræðunni fyrir hönd stúdenta. Slíkt ráð tæki sér víðtækt ályktunarvald sem það nýtti til að taka afstöðu í þjóðfélagslegum deilumálum í umboði stúdenta. Vaka telur Stúdentaráð ekki hafa slíkt umboð þar sem stúdentar eru fjölbreyttur þverskurður af þjóðfélaginu og hafa ólíkar skoðanir og áhugasvið. Það eina sem allir stúdentar við Háskólann eiga sameiginlegt er að þeir nema við sama skólann og ráðið á að gæta hagsmuna þeirra með það í huga, í stað þess að álykta fyrir hönd þeirra í málum sem snerta þá lítið eða óbeint sem háskólastúdenta.

Hagsmunabarátta snýst um árangur, og þrátt fyrir að Vaka sé stolt af því sem félagið hefur gert í þágu stúdenta með aðferðum sínum þá er það aukaatriði í komandi kosningum. Þær snúast fyrst og fremst um hvort muni skila meiru fyrir stúdenta: Pólitískur þrýstingur eða markvissar framkvæmdir. Ráðið þarf að sjálfsögðu að vera öflugur talsmaður fyrir stúdenta, hvort sem er gagnvart Háskólanum eða stjórnvöldum, en eingöngu í málum sem snerta okkur beint. Ráðið á ekki að vera einhvers konar litla Alþingi fyrir stúdenta í stjórnmálaleik. Það á að vera vettvangur fyrir fólk með bæði þá hugsjón að gera góðan skóla betri og aðferðir sem koma því til leiðar.

Veljum Vöku til forystu!

*Sigurður Örn er formannsefni Vöku til Stúdentaráðs. Harald skipar 1. sæti Vöku á lista til Stúdentaráðs.*

# *Þróun nemendahópsins í framhaldsskólum*

HJALTI JÓN SVEINSSON,
SKÓLAMEISTARI VERKMENNTASKÓLANS Á AKUREYRI, VMA.

Aldrei hafa verið jafnmargir nemendur í Verkmenntaskólanum á Akureyri og á þessu skólaári. Á haustönninni voru ríflega 1.200 nemendur í skólanum og nú á vorönn eru þeir um 1.150. Báðar annirnar höfum við auk þess verið með um 700 nemendur í fjarnámi. Þá er þess að geta að hlutfall nemenda í iðnnámi og hvers konar starfsnámi hefur verið að hækka allra síðustu árin. Er þess jafnframt að geta að þeim nemendum hefur fjölgar stöðugt sem ljúka stúdentsprófi að loknu starfsnámi.

Um skeið tók Háskóli Íslands ekki við stúdentum nema þeir kæmu af hinum hefðbundnu bóknámsbrautum, þ.e. félagsfræðabraut, málabraut eða náttúrufræðibraut. Síðastliðið vor var leyst úr þeim ágreiningi og nú býður HÍ alla stúdenta velkomna – að því tilskyldu að þeir hafi nægjanlegan undirbúning í tilteknum námsgreinum. Hinar ýmsu deildir HÍ, sem og aðrir háskólar, eru í auknum mæli farnar að gera meiri kröfur til stúdenta í greinum eins og stærðfræði. Afleiðingu þessarar þróunar má sjá í auknum fjölda brautskráðra stúdenta sem hafa skráð sig í einstakar greinar bæði í dagskóla og fjarnámi VMA í því skyni að búa sig enn betur undir háskólanám og til að uppfylla ofangreindar kröfur. Fer þessi hópur ört stækkandi. En ýmis önnur teikn eru á lofti um að nemendaflóran sé að breytast.

Það er staðreynd að það hlutfall nemenda, sem eru á svokölluðu fyrsta árs róli, hefur verið að hækka á síðustu árum og um leið hefur hlutfall innritaðra og brautskráðra nemenda orðið óhagstæðara. Þetta er áhyggjuefni vegna þess að í ljós kemur að margir nemendur okkar eiga stöðugt erfiðara með að ráða við byrjunaráfanga í stærðfræði. Hópur þeirra nýnema sem ekki hafa staðist kröfur samræmds prófs í stærðfræði fer stækkandi. Af þeim sökum er stór hópur nemenda að glíma við byrjunaráfanga í stærðfræði í mörg skipti.

Til glöggvunar skal þess getið að þeir nýnemar sem ekki hafa náð tilætluðum árangri í samræmdu prófi 10. bekkjar í stærðfræði þurfa að fara í undirbúningsáfanga þegar þeir koma inn í framhaldsskólann ¿ eða réttara sagt þá skóla sem bjóða upp á hina svokölluðu almennu námsbraut. Inn í aðra skóla eru þeir ekki teknir. Sumir þurfa að endurtaka þann áfanga einu sinni og jafnvel tvisvar áður en þeir komast í eiginlegan byrjunaráfanga, STÆ 1026. Þegar þeir síðan koma þangað þarf mikill fjöldi að reyna við hann allt upp í þrisvar sinnum áður en þeir komast í næsta áfanga fyrir ofan eins og STÆ 1224 – og svo koll af kolli, því að þegar hér er komið við sögu er kálið sannarlega ekki sopið. Ýmislegt hefur verið gert til þess að snúa þessari þróun við en til þess að svo megi verða þurfa bæði skólastigin, grunnskóli og framhaldsskóli, að vinna saman. Á meðan verið er að undirbúa styttingu náms til stúdentsprófs um eitt ár og færa byrjunaráfanga í kjarnagreinum, þar á meðal stærðfræði, niður í grunnskólann sé ég ekki annað en að ástandið muni versna enn. Spurningin er sú af hvaða nemendum ber að hafa hliðsjón.

www.volkswagen.is



# Betri stjórnmálamenn

UMRÆÐAN
STJÓRNMÁLA-
MENN



ALBERT JENSEN

*Allt er þetta fegrað af stjórnmálamönnunum sem undanfarin ár hafa sagt að verið sé að vinna í málunum og horfa tómlátum augum á það sem er að gerast. Sífelldar eigin kauphækkanir, gera svo svefninn í þingsalnum notalegri.*

Ef undan er skilið valdatímabil fyrsta föðurlandssvikarans, Gissurar jarls, Norðmanna og grimmilegra stjórnunarháttа Dana, komast stjórnvöld síðustu fimmtán ára lengst í valdhroka og virðingarleysi við þjóðina.

Aldrei áður, hefur minnsta valdaklíkan ráðið ferðinni á Íslandi. Klíkan hefur nafn og var við upphaf sitt, virtur flokkur. Nú flýtur hún eingöngu á oddaaðstöðu við kosningar og eigingirni hinna flokkanna. Allir gefa flokkarnir sig út fyrir að vinna þjóðinni gagn. En síngirni þeirra og vesaldómur snýr hugsjónum og öllum góðum áformunum í andhverfu sína svo úr verður sýndarveruleiki. Menn þurfa ekki að ofreyna hugann, til að sjá ástæðu þess, að ekki fæst í gegn að kosið sé um menn en ekki flokka. Allir vita, að þá gengi ekki að sitja á Alþingi, en virka bara eins og peð, eða atkvæði formanna flokkanna. Flokksveldið gefur formönnunum kost á einræði, sem oft reynist lífbátur lítilsigldra stjórmálamanna.

Farinn vegur núverandi stjórnvalda, er valdaður ótakmarkaðri eigingirni og glámskyggni á flestum sviðum. Fyrir borð eru bornir allir helstu hagsmunir þjóðar vorrar og snýr það versta að óbornum kynslóðum. Þar á ég við óhugnanleg skemdarverk á landinu okkar, en samfara því, hefst yfirþyrmandi stóriðja með tilheyrandi mengun. Sjávarauðlindin var færð nokkrum mönnum að gjöf, eða til framseljanlegs nýtingarrétts. Lokað er á nýliðun. Því flæða nú peningar þjóðarinnar úr mikilvægasta atvinnuveginum, í gæluverkefni manna sem pólitíkusar hafa gert auðuga á hennar kostnað. Nýjasta dæmið er útgerðarmaðurinn sem keypti stærsta bílaumboð landsins. Sala ríkisbankanna, símans, póstsins og annarra mikilvægustu þjónustukerfa og tekjulinda í eigu þjóðarinnar, voru svik. Öll þessi fyrirtæki, sem áður þjónuðu þjóðinni, hafa snúið blaðinu við. Nú snýst allt um að græða á þjóðinni og hagræða í eigin þágu.

Dæmin eru mýmörg. Útibúum er fækkað og störf lögð niður. Þjónustan er stórskert svo gráðugir einstaklingar geti eignast sem mest og drottnað. Landsbankinn keypti Eimskip og hætti strandsiglingum og færði flutninga á veikbyggða vegi þjóðarinnar. Þar með margfaldaðist hættan á þjóðvegunum og kostnaður. Sveitarfélög landsins sitja uppi með aukinn hafnarkostnað. Þegar Landsbankinn hafði grætt nokkra milljarða á Eimskip og með kaupum og sölu fiskveiðikvóta, seldi hann fyrirtækin. Mér skilst að nú sigli skip fyrrum óskabarns þjóðarinnar, undir erlendum fánum. Með ábyrgðarlausri lánastarfsemi urðu bankarnir valdir að skaðlegri hækkun íbúðaverðs. Afleiðingarnar eru varanleg stórhækkun afborgana og fasteignaverðs. Bankarnir hafa í óseðjandi græðgi sinni, sett mikinn fjölda ungs fólks í viðskiptafjötra. Rök þeirra fyrir eyðileggingarstarfsemi gagnvart Húsnæðislánasjóði, eru fáránleg, en hugmyndin er að fólk geti hvergi leitað skjóls og meiri gróði. Menn sem fyrir fáum árum áttu vart til hnífs og skeiðar, kaupa nú erlend félög fyrir tugi og hundruð milljarða. Ábyrgðarlausir eigendur bankanna tefla á tæpasta vaðið í ínlánagleði og fjárfestingum. Fari þeir á hausinn, fylgja sparifjáreigendur með, öndvert við það sem áður var.

Nú er verið að undirbúa þjóðina undir það, að selja frá sér eina af síðustu eignum sínum, Landsvirkjun, en það mundi fullkomna glæpinn gagnvart henni. Misréttið í þjóðfélaginu er komið á rauða strikið. Það þýðir að þjóðin er við það að skipast í tvær andstæðar fylkingar. Vísitölufyrirkomulagið breikkar stöðugt bilið í launamálum, en það misrétti þótti ekki nóg gagnvart öldruðum og öryrkjum, svo þingheimur gerði alræmdar breytingar og síðan verða snauðir bara snauðari. Eiturlyfjasala og önnur glæpamennska hefur stóraukist, enda lög til varnar gegn illþýði grútmáttlaus.

Svo óljós eru lögin, að dómarar og lögregla vita oft ekki hvað má og hvað ei og glæpalýðurinn blómstrar. Eitursalar eru morðingjar sem á að meðhöndla samkvæmt því. Allt er þetta fegrað af stjórnmálamönnunum sem undanfarin ár hafa sagt að verið sé að vinna í málunum og horfa tómlátum augum á það sem er að gerast. Sífelldar eigin kauphækkanir, gera svo svefninn í þingsalnum notalegri. Þingkona og rithöfundur, sagði fyrir mörgum árum, að fólkið ætti skilið það sem það kysi. Það er rangt. Fólkið á betra skilið en það sem boðið er fram af hálfu flokkanna.

Í aðdraganda kosninga, auglýsi ég því eftir betra fólki til þjónustu fyrir þjóðina.

*Höfundur er trésmiður.*

# Að bjarga mannslífum

UMRÆÐAN
ÞAGNARSKYLDA
LÆKNA



SIGURÐUR ÞÓR GUÐJÓNSSON

Í fréttum Ríkisjónvarpsins 4. febrúar var haft eftir sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli að það væri ótækt að læknar „aðstoði svokölluð burðardýr við úthreinsun efna úr líkamanum án þess að láta lögreglu vita hver viðkomandi sé“, eins og það var orðað í netútgáfu fréttarinnar.

Sýslumaður ætlar að kynna ráðherrum heilbrigðis- og dómsmála viðhorf sín. Það var einnig talað við Kristínu Sigurðardóttur lækni. Hún sagði eitthvað á þá leið, eins og eðlilegt er, að læknar geri engan greinarmun þegar þeir sinni sjúklingum sínum. Allir fengju þá hjálp sem þeir þyrftu á að halda. Þetta mál kemur öllum við vegna þess að trúnaðarskylda lækna við sjúklinga er fjöreggið í samskiptum þeirra en þau eru oft einmitt upp á líf og dauða. En það er mikilvægt að nota réttar hugkvíar í svona umræðu.

Í netútgáfu fréttarinnar var fyrirsögnin „Læknar hafa hjálpað burðardýrum“ og er þetta sótt í orð sýslumannsins. Orðalagið er sérlega villandi. Við þessar aðstæður er læknir ekki, eins og gefið er í skyn, að hjálpa „burðardýrum“ við ólöglega iðju heldur er hann að hjálpa sjúklingi, hver sem hann er, í aðstæðum sem eru lífshættulegar. Það er með ólíkindum að maður í stöðu sýslumanns rugli svo gjörsamlega saman hugkvíum og hér er raunin. Hann gerir lækna, sem eru að gera frumskyldu sína, að eins konar vitorðsmönnum í glæpsamlegri iðju. Það er alveg ljóst hvað sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli ætlast til af yfirvöldum; að þagnarskyldu lækna verði breytt og þeim gert skylt að gefa upp nöfn þeirra „burðardýra“ sem til þeirra leita.

En gerum nú ráð fyrir læknum verði skylt að tilkynna lögreglu nöfn „burðardýranna“. Til hvers mun það leiða? Það mun leiða til þess að þeir sem eru með eiturlyf í iðrum sínum munu ekki þora að leita sér læknishjálpar til að losna við þau. Þar af leiðandi kann þeim að verða mjög sársaukafullur bani búinn. Örlög Litháans fyrir fáum árum, sem ekki var veitt læknishjálp í slíkum aðstæðum og lét lífið, ættu að vera öllum í fersku minni. Ef reglur hindra fólk í að leita sér læknishjálpar í lífshættu væru þau þar með beinlínis að stofna lífi þess í voða. Hér verða minni hagsmunir að víkja fyrir hinum meiri. Enginn mælir eiturlyfjasmygli bót og það á að lögsækja þá sem slíkt athæfi stunda ef hægt er. En menn hljóta líka að viðurkenna að lífi manna, líka þeirra sem brjóta lögin, megi ekki stofna í augljósa hættu. Líf manna vegur einfaldlega þyngra á metunum en hagsmunir lögreglu. „Burðardýr“ sem er að losa sig við efni er engin ógnun við líf annarra en sjálfs sín, en ógnun við heill annars fólks er eina viðunandi réttlætingin á rofi trúnaðar við tiltekinn skjólstæðing og þá eftir réttum og lögmætum leiðum. Það eru því engin haldbær rök fyrir kröfu sýslumannsins á Keflavíkurflugelli. Og dóms- og heilbrigðisyfirvöld hljóta að gera sér það ljóst.

Þagnarskyldan er sáttmáli milli lækna og sjúklinga sem sýslumenn mega ekki að ráðskast með eftir eigin skilgreiningum og hagsmunum. Og sýslumönnum ber að virða mannslífin framar refsigleðinni.

*Höfundur er rithöfundur.*





Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

# Sumar 2006



**Vinsælasta sólarströnd Ítalíu - Ath. tilboð á fyrstu 300 sætunum**
**Rimini** frá 43.895 kr.
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð í maí eða 21. júní. Riviera íbúðahótelið.

**Heitasti staðurinn í fyrra. Brottfarir í júní og ágúst að seljast upp**
**Króatía** frá 45.895 kr.
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjónmeð 2 börn, 2-11 ára, vikuferð í maí eða sept. Diamant íbúðahótelið.

**Margar brottfarir í júní og ágúst að seljast upp**
**Costa del Sol** frá 39.696 kr.
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 3 börn, 2-11 ára, vikuferð 25. maí eða 22. júní. Castle Beach íbúðahótelið.

**Frábærir gististaðir Margar brottfarir að seljast upp**
**Mallorca** frá 35.495 kr.
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð 25. maí eða 22. júní. Brasilia íbúðahótelið.

**Glæsilegasta nýjungin sumarið 2006**
**Fuerteventura** frá 34.695 kr.
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð í maí eða júní. Oasis Royal íbúðahótelið.

**Sala hafin! - Ath. tilboð á fyrstu 300 sætunum**
**Benidorm** frá 17.188 kr.
Flugsæti til Alicante með sköttum. Gildir í valdar brottfarir. Netverð á mann.

**Sala hafin! Barcelona – alltaf vinsæl**
**Barcelona** frá 23.990 kr.
Flugsæti með sköttum. Fargjald A. Netverð á mann.

**Sala hafin! Lloret de Mar – frábærir gistivalkostir**
**Lloret de Mar** frá 36.495 kr.
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, 5 nætur í maí eða júní (nema 29. júní). Bolero íbúðahótelið.

Bókaðu beint á www.heimsferdir.is

Bókaðu núna og tryggðu þér 10.000 kr. afslátt á mann!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500


# Eru börn misvelkomin á Íslandi?

Hér á Íslandi eru öll börn velkomin, óháð því hvernig þau koma undir. Hlúa ber að barnafjölskyldum, sama hver samsetning þeirra er. Eða hvað?

Kjörforeldrar á Íslandi hafa að undanförnu reynt að vekja athygli yfirvalda á því misrétti sem ríkir gagnvart barneignum á Íslandi. Vísað hefur verið í virkt meðgöngu- og mæðraeftirlit, svo og ókeypis ungbarnaeftirlit fyrst eftir að barnið kemur í heiminn. Konur sem njóta læknisfræðilegrar aðstoðar til að verða þungaðar fá þá aðstoð niðurgreidda af ríkinu, vegna þess að þá fellur hin þráða barneign í flokk heilsufarsvandamála.

En hvað gerist, fari það svo að tæknifrjóvgun lukkist ekki? Og hvað gerist, kjósi hinir verðandi foreldrar að skauta framhjá erfiðum og íþyngjandi meðferðum og fara strax í ættleiðingarferlið? Sé sú leið farin, þá bregður svo við að lausn á ófrjóseminni, sem áður taldist heilsufarsvandamál, telst allt í einu til persónulegra útgjalda – og nýtur þannig engrar fyrirgreiðslu ríkisvaldsins. Það eru engir styrkir veittir, engar skattaívilnanir. Ríkissjóður fær aukasporslur í kassann með því að skattleggja að fullu stéttarfélagsstyrki sem veittir eru vegna ættleiðinga.

Það er meira að segja svo, að í umræðu á Alþingi um styrki til ættleiðinga viðraði þingmaðurinn Pétur Blöndal þá skoðun að leggja

**UMRÆÐAN**
TÆKNIFRJÓVGANIR



**ÓLÖF ÝRR ATLADÓTTIR**

*Það má gefa sér að undanfarin 26 ár hafi meira en níu hundruð foreldrar íslenskra barna mátt sætta sig við að opinberlega sé litið á barneign þeirra sem hver önnur vörukaup, en ekki sjálfsagðan hluta fjölskyldulífs.*

megi barneign að jöfnu við bílakaup: „Varðandi það að fólk sem er búið að vera barnlaust í fimm ár hafi ekki verið búið að öngla saman eða létta á skuldum sínum sem nemur 1 millj. þá fer maður nú bara að efast um að það geti tekið á sig þær byrðar sem það að ala upp barn hefur í för með sér fjárhagslega. Það er nefnilega töluverður kostnaður fólginn í því að ala upp barn. Og hafi fólk, tveir vinnandi og ekkert barn, ekki náð því að öngla saman þessum kostnaði, sem er hálft bílverð, á fimm árum þá fer maður nú að efast um ýmislegt fleira“.(http://www.althingi.is/altext/130/02/r09171339.sgml)

Þessi orð dæma sig auðvitað sjálf. Sé samsvarandi röksemdafærslu beitt, þá má gera ráð fyrir að þeir foreldrar sem njóta liðsinnis heilbrigðiskerfisins við að eignast sín börn geti „önglað saman“ fyrir kostnaði við venjubundið meðgöngueftirlit og fæðingu, sem að öllu jöfnu er mun ódýrara ferli en ættleiðingarferlið. Því hlýtur að mega draga þá ályktun af orðum stjórnarþingmannsins að honum þyki óþarft að styrkja barneignir á Íslandi yfirhöfuð – ég geri ráð fyrir að hann líti öll íslensk börn sömu augum, hvernig sem tilurð þeirra er háttað.

Á árunum 1981-2004 voru 440 börn af erlendum uppruna ættleidd hingað til landsins. Það má gefa sér að undanfarin 26 ár hafi meira en níu hundruð foreldrar íslenskra barna mátt sætta sig við að opinberlega sé litið á barneign þeirra sem hver önnur vörukaup, en ekki sjálfsagðan hluta fjölskyldulífs. Þessi börn eru virkir þátttakendur í íslensku samfélagi. Þau eiga eftir að leggja sitt til þess í framtíðinni. Þau hafa þegar auðgað íslenskt mannlíf umtalsvert.

Hversu mörg þúsund kjörforeldra þarf til þess að þetta ranglæti verði leiðrétt?

*Höfundur er móðir þriggja ára stúlku og framkvæmdastjóri Vísindasiðanefndar.*

# Ekki meir, ekki meir!

Þær koma í huga lokalínurnar í ljóði Steins Steinarrs, Hallgrímskirkja, en þær eru: „Húsameistari ríkisins! Ekki meir, ekki meir!“ eftir lestur fréttatilkynninga frá fjármálaráðuneytinu undanfarna mánuði; Ekki meir, ekki meir!

Fjármálaráðuneytið er ráðuneyti okkar allra, a.m.k. hvað varðar grundvallarstaðreyndir, enda kostað af almannafé, en er í reynd ráðuneyti ákveðinna ráðherra og stjórnmálaflokks, ef marka má fréttir á heimasíðu þeirra undanfarna mánuði.

**Blekkingin**

Hinn 27. janúar síðastliðinn kom tilkynning frá ráðuneytinu sem m.a. birtist í Morgunblaðinu þann 28. janúar undir fyrirsögninni: „Skattgreiðslur hafa lækkað frá 1994“. Þar ber ráðuneytið saman 120 þúsund króna tekjur á mánuði árið 1994 við sömu krónutölutekjur, endurtekið sömu krónutölutekjur árið 2006 og 2007. Þarna er ekki verið að bera saman skattbyrði af sömu rauntekjum milli ára, heldur er borin saman skattbyrði af lágum tekjum í ár við skattbyrði af mikið hærri tekjum árið 1994.

Ráðamenn og ákveðnir fjölmiðlamenn halda því sífellt fram að skattar hafi hækkað vegna þess að tekjur hafi hækkað. Þannig sé kerfið einfaldlega byggt upp. Það er rétt svo langt sem það nær. Þeir hafa hins vegar sleppt því að tala um að skattar hafa líka hækkað vegna þess að skattleysismörkin hafa setið eftir að raungildi. Þó viðurkenndi Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar Alþingis og þingmaður Sjálfstæðisflokksins, þetta á Fréttavaktinni á NFS þann 19. janúar síðastliðinn, að það hafi verið meðvituð ákvörðun stjórnvalda að auka skattbyrðina með því að halda skattleysismörkunum niðri. Þetta bitnar þó verst á þeim sem minnstar tekjur hafa. Lágmark er að halda þessum staðreyndum til haga.

Blekking ráðuneytisins felst í að bera saman skattbyrði af tekjum í dag við skattbyrði af mikið hærri rauntekjum áður. Þannig er skattbyrði fyrir 120 þúsund króna tekjur á mánuði nú árið 2006, sem er 12,5% (en 11,1% fyrir undir 70 ára með frádrátt vegna framlags í lífeyrissjóð) borin saman

**UMRÆÐAN**
KJÖR ELDRI BORGARA



**ÓLAFUR ÓLAFSSON, EINAR ÁRNASON OG PÉTUR GUÐMUNDSSON.**

*Það væri nær að stjórnvöld einbeittu sér að því að bæta kjör þeirra sem verst standa í þessu þjóðfélagi, frekar en að reyna að breyta staðreyndum með fréttatilkynningum og „fréttaflutningi“.*

við skattbyrði 120 þúsund króna tekna árið 1994 og fengið út að skattbyrði hafi lækkað úr 21,9%. Hins vegar jafngilda 120 þúsund í dag aðeins 80.500 krónum árið 1994 að raungildi miðað við verðlag og þá var greitt 12,1% af þeim tekjum í skatta.

Þannig er smá skattahækkun orðin að mikilli skattalækkun í meðförum ráðuneytisins og „æskileg niðurstaða fengin“. Þess má geta að 120 þúsund krónur árið 1994 jafngilda rúmlega 186 þúsund krónum árið 2007 og ætti því að bera saman við skattbyrði af þeim tekjum í þannig samanburði, en ekki við skattbyrðina af 120 þúsundum í dag eins og ráðuneytið gerir.

**Nýjar fréttatilkynningar**

Síðan koma nýjar fréttatilkynningar t.d. þann 6. febrúar sl. þar sem sleppt er að líta á þróun skattbyrði frá árinu 1988 heldur bara frá árinu 1994. Þar er ekki getið um þróun skattbyrði fyrir einstakling með lágar tekjur eins og gagnrýnin um skattbyrði hefur fjallað, heldur einungis um tekjur nú upp á tæplega 179 þúsund krónur á mánuði, 357 þúsund krónur og 536 þúsund krónur á mánuði. Þannig virðist ráðuneytið varast það eins og heitan eldinn að fjalla um hækkun á skattbyrði lægri tekna, sem samtök eldri borgara hafa ítrekað bent á síðustu árin. Að auki er ekki beðist velvirðingar á fréttatilkynningu ráðuneytisins frá 27.janúar síðastliðinn þar sem kolrangar niðurstöður um þróun skattbyrði eru sýndar, heldur reynt að gefa til kynna að ráðuneytið hafi tekið tillit til verðlagsbreytinga fyrir launaþróun.

Því miður er það ósatt enda allt aðrar niðurstöður sem ráðuneytið fær 6. febrúar t.d. fyrir einstakling með 120 þúsund króna tekjur á mánuði árið 1994 (nú um 178 þúsund), en í fyrri fréttatilkynningu frá 27. janúar 2006. Ráðuneytið bar saman skattbyrði af 120 þúsund króna tekjum á mánuði árið 1994 við skattbyrði af sömu krónutölutekjum, árið 2006 og 2007 og fékk þannig ranglega út mikla skattalækkun.

**Staðreynd málsins**

Í raun er líka eðlilegra að miða við árið 1988 þegar núverandi skattkerfi byrjaði. Staðreyndin er sú að skattbyrðin hefur stóraukist. Sá með 120 þúsund á mánuði árið 2006 greiðir 12,5% tekna sinna í skatta nú eins og áður sagði eða 15.035 krónur á mánuði (litlu minna eða tæpar 13.300 krónur ef hann er yngri en 70 ára og fær frádrátt vegna greiðslna í lífeyrissjóð). Hann greiddi hins vegar aðeins 3,7% af sömu rauntekjum árið 1988 þegar staðgreiðslukerfi skatta var tekið upp. Skattgreiðslan er 10.595 krónum hærri á mánuði og á föstu verðlagi. Það gerir 127.140 krónur í aukna skattbyrði á ári þó tekjur hans hafi ekkert hækkað umfram verðlag. Þannig fara meira en mánaðartekjur í aukna skattbyrði af þeim hluta teknanna sem einungis breytist eins og verðlag. Þetta er hrein og klár skattahækkun.

Þannig leyfa starfsmenn í ráðuneyti fjármála sér að vinna. Þeir snúa staðreyndum á haus og svo koma ráðherrarnir, valdir þingmenn og valdir „fjölmiðlamenn“ og endurtaka blekkinguna. Það væri nær að stjórnvöld einbeittu sér að því að bæta kjör þeirra sem verst standa í þessu þjóðfélagi, frekar en að reyna að breyta staðreyndum með fréttatilkynningum og „fréttaflutningi“. Ekki meir, ekki meir af blekkingum.

*Ólafur er formaður Landssambands eldri borgara. Einar er hagfræðingur LEB. Pétur er verkfræðingur og fyrrverandi stjórnarmaður í Félagi eldri borgara í Reykjavík.*



## ALLT Í STÍL

Það er smart að fá sér farða í stíl við fötin fyrir sumarið. Ýmiss konar samsetningar lífga sannarlega upp á útlitið.

TÍSKA 4



## PÓSTMÓDERNÍSK PEYSA

Hafsteinn Júlíusson heldur upp á peysu sem hann keypti fyrir nokkrum árum. Hann fylgist vel með stefnum og straumum í tískuheiminum.

TÍSKA 5



## ALLT HITT

**[TÍSKA, HEIMILI OG HEILSA]**

**Skipulagsdagar** eru nú í gangi hjá Ikea. Þar má finna fjölbreyttar vörur sem ættu að geta komið mörgum að gagni við að koma hlutunum í röð og reglu á heimilinu.

**Ný** dansnámskeið hefjast hjá Kramhúsinu í lok mánaðarins en skráning er þegar hafin. Námskeiðin standa yfir í sex vikur og hægt er að skrá sig hjá Kramhúsinu auk þess sem þar má nálgast frekari upplýsingar.



**Tískuvikan** er svo sannarlega mál málanna í tískuheiminum þessa dagana eins og sést kannski best hér í Fréttablaðinu. Fyrir þá sem vilja fá frekari upplýsingar um tískuvikuna er bent á heimasíðuna olympusfashionweek.com.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 9. febrúar, 40. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.43 | 13.42 | 17.42 |
| Akureyri | 9.38 | 13.27 | 17.17 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími **550 5000**

Auglýsingasími Allt **550 5880**

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is


# Haustlínur lagðar í New York

***Tískuvikan í New York stendur nú sem hæst en þar kennir ýmissa grasa.***

Tískuhönnuðir eru alltaf svolítið langt á undan okkur hinum enda er það þeirra starf. Þeir setja línurnar fyrir komandi tísku og í raun segja okkur hverju við eigum að klæðast. Þessa dagana eru tískuhönnuðir í óða önn að að kynna línur sínar fyrir haustið 2006. Nú þegar hafa verið stórar tískuvikur í Mílanó, París og Rio de Janeiro.

Þessa stundina stendur hins vegar yfir tískuvika í New York. Þangað mæta allar stjörnur tískuheimsins auk alls fína og fræga fólksins úr öðrum skemmtanabrönsum. Vikan fer að mestu leyti fram í Bryant Park á Manhattan þar sem hálfgerðar tjaldbúðir hýsa alla hönnuðina. Tískuvikan stendur til morguns en það sem af er hafa tískusýningar Marcs Jakobs, Max Azria, Jill Stuart, Carolinu Herrera, Tse og Oscar de la Renta vakið hvað mestu athyglina.

Þar sýna einnig stórir fataframleiðendur á borð við Lacoste, DKNY, Kenneth Cole, Ralph Lauren og fleiri. Stærstu hönnuðirnir eiga þó enn eftir að sýna sína hausttísku. Þar má sem dæmi nefna Önnu Sui, Calvin Kleine, Veru Wang, J. Mendel og síðast en ekki síst ber að nefna Karl Lagerfeld sem lýkur tískuvikunni á morgun. Lagerfeld ætlar einnig að brydda upp á þeirri nýbreytni að hafa sýninguna og tónlistina úr henni aðgengilega á iTunes strax og sýningunni lýkur.

Meira á bls. 2



Tískustraumar komandi hausts eru alls ráðandi í New York þessa dagana. Þessi mynd er frá sýningu Max Azria sem þótti sérstaklega vel heppnuð. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

## Borgað fyrir að vera edrú

TVÖFALDAR LÍKUR Á BATA.

Í Bandaríkjunum hafa meðferðaraðilar brugðið á það ráð að borga vímuefnaneytendum fyrir að halda sér frá fíkniefnum og tóbaki. Í San Francisco fá fíkniefnaneytendur greitt sem samsvarar um 2.500 krónum fyrir hverja viku sem þeir geta skilað þvagsýni sem sannar að þeir hafi ekki neytt fíkniefna næstu daga á undan. Reykingamenn við háskólann í Flórída fá gjafabréf sem meðal annars er gjaldgengt á Amazon.com fyrir að standast reykingapróf og í New York getur ungt fólk í meðferð unnið sér inn talsverða fjárhæð með því að halda sér edrú. Í hvert skipti sem einstaklingur stenst próf fær hann greidda lága upphæð, sem fer stigvaxandi. Eftir tvo mánuði getur heildarupphæðin verið komin hátt í 40.000 krónur.

Þrátt fyrir að fjárhæðirnar séu ekki alltaf háar hefur það mjög sterk áhrif að vera umbunað á jákvæðan hátt fyrir viðleitni til að halda sig frá fíkniefnum. Slíkt umbunarkerfi getur tvöfaldað líkur á bata og allt að 60 prósent þeirra sem taka þátt endast í tólf vikur.



Fíkniefnaneytendur og reykingamenn í Bandaríkjunum geta fengið borgað fyrir að halda sig frá vímugjöfum sem þeir eru háðir. NORDICPHOTO/GETTY IMAGES


# Barnahúsgögn sem stækka

Barnahúsgögnin okkar bjóða upp á ótal samsetningarmöguleika og sveigjanleika sem gerir þér kleift að nota eitt og sama rúmið allt frá því barnið hættir í grindarrúminu og fram á unglingsár.



3ja ára



6 ára



9 ára



12 ára

www.design.is @ 2006

HÚSGAGNAHEIMILIÐ

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is



**Alpahúfur** eru aftur orðnar heitar eftir að hafa verið úti í kuldanum um skeið.

LOPI
Uppskriftir og prjónar
Handprjónasamband Íslands
Skólavörðustíg 19 • sími 552 1890
www.handknit.is





Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics
Augnháralitur og augnbrúnalitur sem fagaðilar nota. Auðveldur í notkun.
Allt sem þarf í einum kassa – þægilegra getur það ekki verið.
SÖLUSTAÐIR:
APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

FAGMENNSKA Í 11 ÁR
BRÚN(N) Á 15 MÍNÚTUM
BÓKAÐU NÚNA Í SÍMA 561 3060
BRÚÐKAUP ÚTSKRIFT GOTT SKAP
SNYRTISTOFAN
HELENA FAGRA
S. 561 3060
LAUGAVEGI 163






Argos
Sumarlistinn kominn
Flottari en nokkru sinni
Hundruð nýrra tilboða
verð 800.-
BM stórverslunin loksins á Íslandi
Flottur fatnaður á alla fjölskylduna
í litlum og stórum stærðum
Útsala enn meiri verðlækkun
verð frá kr. 250.-
BM Austurhrauni 3 Gbæ/Kays húsið
S. 5552866 bm@bmagnusson.is www.bmagnusson.is
Opið mánud.- föstud. 10-18, laugard. 11-14.

# Haustískan í New York

*Nú stendur yfir tískuvika í New York þar sem hausttískan 2006 er kynnt.*

Það er alltaf mikið um dýrðir á Manhattan og allt iðar í mannlífi þegar tískuvikan fer fram. Stjörnur og fallegt fólk má finna á hverju götuhörni. Margir eru einungis komnir til að sýna sig og sjá aðra en flestir eru komnir til að sjá hvaða straumar verða ríkjandi í tískuheimnum næsta haust.

Tískuvikan hófst síðastliðinn föstudag og lýkur nú á morgun með sýningu snillingsins Karl Lagerfelds. Engar drastískar breytingar má enn sjá á nýjum haustlínum hönnuða. Það sem helst ber til tíðinda er fatnaður sem er víður um mittið. Hönnuðir virðast vilja að fatnaðurinn hreyfist meira með líkamanum. Dökkur litir eru áberandi eins og vera ber á haustinn og áhrif Austur-Evrópu halda áfram að vera áberandi. Innan um þessa dökku en sterku liti má þó á ýmsum stöðum finna áberandi og jafnvel skæra liti, aðeins til þess lýsa upp skammdegið. Margir hönnuðir leggja líka mikið upp úr hálsmálum, krögum og boðungum. Svo er bara að bíða og sjá athuga betur þróunina næsta haus og vetur.

*steinthor@frettabladid.is*



Oscar de la Renta var samur við sig á sýningu sinni og sýndi klassískan og glæsilegan hátíðarkvenfatnað. Litirnir hvítur og svartur voru afar áberandi.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



Áhrif Austur-Evrópu sjást bersýnilega á þessari mynd sem er frá sýningu Max Azria. Skemmtileg munstur og dökkir litir sem eru þó mjög heitir.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



Haustlínan hjá Carolinu Herrera var fáguð og glæsileg með smá áhrifum frá stjörnum 6. áratugarins.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



DKNY sýndi sína skemmtilegu en hefðbundnu haustlínu. Karan var ein af þeim sem blönduðu mjög björtum litum við dökka liti haustsins. Stúlkurnar á þessari mynd eru í gamaldags enskum skólabúningum en fatnaður herrans er meira með klassísku sniði.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



Kenneth Cole dró fram rúllukragann á sýningu sinni. Cole virtist leggja mikið upp úr krögum og hálsmálum á sinni sýningu en þar voru einnig áberandi mittisháar buxur.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Topptísku barflugur

Íslendingar eru óskaplega fínt fólk. Ekki spillir fyrir að nú eru allir hér orðnir svo óskaplega ríkir og hafa því efni á að klæða sig á mælikvarða heimsborgara. Hér spretta upp fínar búðir sem bjóða upp á fín merki, í töskum og fleiru, svo sem Gucci, Fendi, D og G og Prada, svo nú getum við talist menn með mönnum. Landsbyggðarfólk segist varla geta farið í Kringluna öðruvísi en að klæða sig upp, svo fínt er fólkið í Reykjavík og hver hefur ekki upplifað að fara í fína búð, ekki kannski alveg í sparifötunum og vera tekinn út frá toppi til táar af fína afgreiðslufólkinu. Þeir fóru reyndar flatt á því hjá Hermés í París þegar kona af svörtum uppruna kom í tískuhús þeirra á Faubourg St. Honorégötu á lokunartíma og var ekki hleypt inn. Starfsfólk áttaði sig ekki á að þarna var komin sjálf Oprah Winfrey og Hermés tískuhúsið er ekki enn búið að bíta úr nálinni með þetta.

Það eru þó ekki allir sem hafa gengið inn í þotutískuna á Íslandi hvort sem um ræðir efnahag eða lífsstíl. Hér hafa nefnilega líka sprottið upp annars konar búðir sem selja notuð eða gömul föt sem ekki síður eru vinsæl enda þessi endurvinnsla ekki lengur lífsstíll heldur tíska bæði hér á landi og annars staðar.

Í Íslandsdvöl minni nú er ég búinn að fara nokkrar barferðir, meðal annars með Bjarka vini mínum sem þekkir íslenskan tískuheim eins og lófann á sér. Á börunum blómstrar þessi margbreytilega tíska og er á við tískusýningar heimsþekktra hönnuða að sitja úti í horni og skoða klæðnað gesta. Bartískan endurspeglar oftast það andrúmsloft sem á staðnum er. Munurinn milli bara er þó ótrúlegur og er ekki lengur hægt að segja að allir klæði sig eins á Íslandi þótt allir séu sólbrúnir með litað ljóst hár. Nú klæðast bara allir eins á hverjum bar. Á B5 var huggulegt fólk sem lét vel um sig fara á leðurbekkjunum sem reyndar eru svo djúpir að ég, meðalmaður á hæð, náði ekki til gólfs. 101 bar var hins vegar fullur af landsliði þotufólks og skil ég vel af hverju Dorrit heldur þar vinkvennafundi. Þar var sjónvarpsfólk og leikkonur, ein eldri flugfreyja og önnur yngri með gervihár og aðstoðarmenn hátt settra manna. Þó var eins og að Louis Vuitton væri eina tískumerkið sem þetta fólk þekkir. Á Vegamótum voru allar stúlkur í pallíettuhlýratoppum og strákar með skyrtuna utanyfir sem fór úr tísku í París fyrir tíu árum. Skemmtilegast var að sjá barflugur á Sircus en þar virtust vera samankomnir allir viðskiptavinir Fríðu frænku og allra flóamarkaðsbúðanna. Eitt fannst mér þó sláandi. Það eru ekki bara íslenskar konur sem eru drukknar heldur karlarnir líka.








Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá **hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.**

&

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTSÖLULOK

á Laugavegi um helgina

allt að 70% afsláttur



gs skór eva gallerí sautján Kultur menn DIESEL barnadeild

Laugavegi 89-91





# Allt í stíl fyrir sumarið

***Daginn er tekið að lengja, útsölurnar gengnar yfir og vorið og birtan er framundan.***

Vortískunni fylgja alltaf fallegir glaðlegir litir bæði í fatnaði og snyrtivörum. Við árstíðaskipti er líka gaman að stokka upp í fataskápnum, færa flíkurnar til, dökku vetrarpeysurnar aftast og gula og bleika dótið fremst. Það er nefnilega alls ekki nauðsynlegt að kaupa handa sér alltaf eitthvað nýtt á hverju ári heldur um að gera að nýta eldri flíkur og spila svo einhverju nýju með.

Snyrtivörurnar í sumar eru líka í líflegum litum, gulir og grænir augnskuggar eru flottir og fjólu-lillabláa litapallíettan er áberandi. Klæðaburður og snyrtivörur eiga alltaf samleið og stundum getur verið kúnst að tefla saman réttu litunum.

Málið er bara að prófa sig áfram og vera óhræddur við áberandi áferð og liti.



*Allir toppar frá Topshop. Allar snyrtivörur frá Mac.*









Á nýjustu forsíðu má sjá Scarlett Johansson og Keiru Knightley á Evu-klæðunum einu saman,

# Naktar Hollywood stjörnur á forsíðu

***Tískumógúllinn Tom Ford fékk nokkra þekkta leikara til þess að fletta sig klæðum fyrir mars hefti Vanity Fair.***

Að sögn ritstjóra kvikmyndatímaritsins Vanity Fair, Graydon Carter, vildi hann gera eitthvað aðeins poppaðra en venjulega. Mars blað



Tom Ford

Vanity Fair er það vinsælasta á árinu sökum Óskarsverðlaunahátíðarinnar og þar gafst því kjörið tækifæri til þess að vekja smá athygli. Þetta sérstaka blað Vanity Fair í mars er yfirleitt kallað Hollywood en hefur nú fengið gælunafnið Tommywood. Tom Ford fékk nokkuð frjálsar hendur við stíliseringar á myndunum en myndirnar tók hin heimsþekkta Annie Leibovitz.

Á forsíðunni eru tvær af mest upprennandi leikkonunun samtímas, þær Keira Knightley og Scarlett Johansson, ásamt Ford sem þó er fullklæddur. Inni í blaðinu eru svo fleiri þekktir leikarar fáklæddir og má þar meðal ananrs nefna Angelinu Jolie. Reyndist nokkuð létt að lokka stjörnurnar úr fötunum og komust jafnvel færri að en vildu. Upprunulega stóð reyndar til að Rachel McAdams væri með á forsíðunni en hún hætti við „Ég hef alltaf sagt og ég meina það, að mér finnst fólk líta betur út án fata en í fötum," sagði Tom Ford og sannar mál sitt heldur betur með þessum ögrandi myndum. ■

# Póstmódernísk peysa

***Hafsteinn Júlíusson er 21 árs nemi í vöruhönnun við Listaháskóla Ísland. Uppáhaldsflíkin hans er peysa.***

Hafsteinn keypti peysuna þegar hann var á interrail-ferðalagi ásamt þremur vinum sínum. „Það má eiginlega segja að þessi peysa hafi verið svolítið framúrstefnuleg á sínum tíma. Ég þorði ekki að ganga í henni fyrr en fyrir rúmi ári síðan. Ég vissi samt alltaf að ég myndi að nota hana einhvern tímann.“ Hafsteinn segir að peysan hafi á einhvern óútskýranlegan hátt kallað á hann í byrjun, með því að vera blátt áfram, svöl með óhefðbundnum formum. Hafsteinn segir að peysan sé póstmódernísk og þegar tíska 9. áratugarins hafi verið endurvakin hafi honum fundist það vera rétti tíminn til þess að klæðast peysunni.

Hafsteinn segist almennt pæla mikið í tísku. „Ég fylgist mikið með tíðarandanum og hvað er töff og hvað ekki. Ég reyni að horfa í kringum mig og met það sem ég klæðist eftir ástandi samtímans. Ég versla helst erlendis, það er ódýrara. Skemmtilegast finnst mér að versla í second handverslunum og þá aðallega hér heima.“

Akkúrat þessa stundina er Hafsteinn mest að skoða hip hoptískubylgjuna sem byrjaði að ryðja sér til rúms í New York í byrjun 9. áratugarins. „Uppháir körfuboltaskór, niðurþröngar gallabuxur, hettupeysur og þröngar dúnúlpur eru í miklu uppáhaldi þessa stundina. Tribe Called Quest, De la Soul, Black Sheep, Beastie Boys og fleiri voru allir holdgervingar þessarar tísku. Hún er alveg ýkt svöl.“

Hafsteinn er einmitt á leið til New York í byrjun mars og þar ætlar hann heldur betur að versla. „Ég mun vafalaust kaupa mér föt í þessum anda. Ég er líka alltaf veikur fyrir hettupeysum. Annars verður maður mest að kíkja á menninguna og skoða hönnunarbúðir þarna úti,“ segir spekingslegur Hafsteinn að lokum.

*steinthor@frettabladid.is*



Hafsteinn Júlíusson hefur átt þessa peysu í þrjú ár en byrjaði ekki að klæðast henni fyrr en fyrir ári síðan. Honum þótti hún nefnilega of póstmódernísk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hálsmen fyrir karla

***Margt bendir til þess að hálsmen fyrir karlmenn séu aftur að verða vinsæl.***

Hálsmen hafa heldur betur farið halloka í karlmannatískunni á undanförnum árum. Þeir einu sem skreytt hafa sig með hálsmenum að einhverju ráði eru sjóræningjar, hermenn og Keith Richards. Ýmsir tískuhönnuðir hafa hins vegar að undanförnu sett hálsmen á fyrirsætur sínar sem og annað skart eins og sést hefur á tískusýningunum.

Í ýmsum tískuverslunum, til dæmis í New York, hafa hálsmen og annað glingur rokselst, meðal annars frá framleiðandanum Rust og Mary Jo Pane. Hálsmenin þykja nokkuð gróf og eru til dæmis með ýmiss konar tákn úr búddatrú. Hálsmenin eru af ýmsu tagi en eru samt flest nátengd þeim miklu rokk og ról áhrifum sem nú eru áberandi í tískustraumum karlmanna, sérstaklega í sumartískunni.



Johnny Depp er væntanlega ánægður með að hálsmen eru komin aftur í tísku.

## kynþokki }

### Elle kynþokkafyllst

ELLE MACPHERSON ER KYNÞOKKAFYLLSTA KONA ÁSTRALÍU.

Ofurfyrirsætan Elle Macpherson varð hlutskörpust í könnun í heimalandi sínu Ástralíu þar sem kosið var um kynþokkafyllstu konu allra tíma. Kosningin var á vegum karlatímarits þar í landi. Aðrar þekktar ástralskar konur sem lentu ofarlega í könnuninni voru meðal annars Kylie Minogue, Natalie Imbruglia og Olivia Newton-John. Elle Macpherson er ein af þekktustu fyrirsætum heims þótt hún hafi ekki stundað mikið af fyrirsætustörfum að undanförnu. Hún varð fyrst fræg fyrir að sitja fyrir hjá tískutímaritinu Elle en þar sat hún fyrir í hverju einasta tölublaði í sex ár samfleytt.







**Kerti** gefa heimilinu fallega birtu og yl. Þó að daginn sé farið að lengja er enn jafn dimmt á kvöldin og fátt notalegra en að kveikja á kertaljósum.


PÍANÓSTILLINGAR
Skjót og fagmannleg þjónusta • Verð frá 12.500 m/vsk
Kristinn Leifsson
S. 661-7909 • netfang: kristinn@pianostilling.is





Fallegar yfirbreiðslur sem lífga upp á gamla sófa og vernda nýja.
Sófalist,
Síðumúla 20 (2.hæð)
Sími 553 0444
www.sofalist.is
sofalist@internet.is



GÆÐAHÚS FRÁ HÚS & HÖNNUN
Íbúðarhús · Sumarhús / Íslensk reynsla · Þitt öryggi
Hús & Hönnun ehf
FAGMENNSKA · GÆÐI · HAGSTÆTT VERÐ
Láttu drauminn rætast!
Kynntu þér málið og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
Suðurlandsbraut 16 · Sími 517 4200 · www.husoghonnun.is



NÝKOMNAR MJÖG GÓÐAR KAFFIHITAKÖNNUR
Vandaðar heimilis- og gjafavörur
DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322




Hinar vinsælu dönsku bókahillur komnar aftur
Tekk - Kirsuberja - Hlynur
Hringið og biðjið um mynda- og verðlista
HEIMILISPRÝÐI
HÚSGAGNAVERSLUN V/HALLARMÚLA · 108 REYKJAVÍK
SÍMI 553 8177 & 553-1400




## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

# Frumleg frumskógartré frá Kyrrahafslöndum

Ættkvíslin Schefflera er kennd við þýska grasafræðinginn J.C. Scheffler frá Danzig sem rannsakaði gróður Kyrrahafseyja um miðbik nítjándu aldar. Til ættkvíslarinnar teljast um 150 til 200 tegundir, en grasafræðinga greinir mjög á um fjöldann. Sumir þeirra vilja skipta ættkvíslinni í fleiri og smærri eftir DNA-greiningum, því þótt allar tegundirnar eigi sameiginlega frumgerð virðist eins og þær hafi þróast á mismunandi máta, á mismunandi tímum og á mismunandi stöðum. Hvað sem því líður eru allar „sjefflerur“ náskyldar bergfléttunni og tilheyra Árelíuætt. Útbreiðslusvæði þeirra spannar allt hitabelti og heittempraða belti Kyrrahafsins frá Kóreu, um Pólýnesíu til Ástralíu og Nýja-Sjálands. Með mönnum hafa þær borist til Hawaii-eyja, Mið-Ameríku og eyjanna á Karíbahafi.

Það sem einkennir sjefflerurnar eru sérkennileg blöð sem minna helst á gamaldags kerruhjól. Blöðin eru sett saman úr nokkrum, oftast 7-10, smáblöðum sem ganga út frá sameiginlegri miðju. Blöðin eru dökkgræn og gljáandi og allt svipmót plantnanna hið skrautlegasta. Í hitabeltinu blómgast sjefflerurnar stórum kvíslskúfum með mörgum smáum blómum. Kvíslskúfarnir standa upp úr greinaendum í toppi plantnanna og í fyllingu tímans þroskast þar ber í margvíslegum litum, oftast rauð eða rauðgul. En það sem merkilegt er að eftir aldinþroska deyja blómgreinarnar oftast niður að jörð þar sem plönturnar skjóta út nýjum greinum. En blómgunin og fræþroskinn getur líka alveg gengið frá þeim.



Sjöfingratré með berjum.

Sjefflerur eru ekki eiginleg tré, en hafa ótrúlega aðlögunarhæfni. Venjulega eru þær runnvaxnar, allt að 10 metra háar, en geta myndað granna boli sem standa eins og tré. En þar er ekki öll sagan sögð, því flestar tegundir hafa líka þann hæfileika að mynda heftirætur eins og bergfléttan og geta þannig vaxið upp eftir trjábolum og klettaveggjum líkt og hún þegar tækifæri bjóðast.

Sjefflerur hafa verið ræktaðar sem pottaplöntur í meira en öld og hafa gengið undir ýmsum nöfnum, bæði alþýðuheitum sem vísindanöfnum. En sem pottaplöntur eru þær afar þolnar og lífseigar. En til að þær verði til einhverrar prýði þarf nú samt að sinna þeim með jafnri vökvun, áburðargjöf og umpottun á nokkurra ára fresti.



Regnhlífartré.

Hér á landi hafa einkum tvær tegundir náð vinsældum og eru að jafnaði auðfundnar í blómabúðum. Þær eru:

**Regnhlífartré**
**Schefflera actinophylla**
**Notkun:** Laufplanta. Stofutré.
**Birta:** Meðal birta. A-V-N-gluggar.
**Hiti:** Heittempråð: 15-20°C.
**Vökvun:** Mold þorni á milli ¿ en aldrei um of.
**Umpottun:** Eftir þörfum í stærri pott.
**Áburðargjöf:** Dauf í hvert sinn sem vökvað er mars-sept.

Regnhlífartréð hefur stór laufblöð og myndar dálítið tré. Það getur orðið æði stórt, gamalt og fyrirferðarmikið í stofum. Blöðin gulna í of sterku sólskini. Varist dragsúg og ofvökvun á veturna. Gefið áburð vikulega á sumrin. Plantan þolir klippingu mjög vel. Klippið eftir þörfum í mars-apríl. Nýir toppar og greinar vaxa fljótt út þegar plantan hefur verið klippt.

**Sjöfingratré**
**Schefflera arboricola**
**Notkun:** Laufplanta. Stofutré.
**Birta:** Lítil birta. Ekki í glugga.
**Hiti:** Heittemprað: 15-20°C.
**Vökvun:** Mold þorni ögn á milli vökvana.
**Umpottun:** Eftir þörfum í stærri pott.
**Áburðargjöf:** Dauf í hvert sinn sem vökvað er mars-sept.

Sjöfingratré er smágerðara og greinarnar eru það linar að plönturnar vaxa ekki upprétt án stuðnings. Það er góð kerjaplanta sem hentar vel í skrifstofum, anddyrum og gróðurskálum. Skolið eða strjúkið af blöðunum reglulega. Notið blaðgljáa af og til svo að blöðin haldist gljáandi. Plantan þolir klippingu mjög vel. Vökvið reglulega með daufu áburðarvatni á sumrin. Notið volgt vatn og látið plöntuna ekki standa lengi í blautri mold. Vökvið lítið á veturna. Sjöfingratré þarf ekki mikla birtu og getur staðið nokkuð fjarri gluggum. Plöntur fást allt árið. Til eru nokkrar sortir með ýmis konar blaðlögun, blaðstærð og blaðlit. Fjölgun tekst sjaldan í heimahúsum.


Áberandi öryggi
Það er stíll yfir því að vera staðlaður
EN 471 staðall um sýnileika

DYNJANDI
allt fyrir öryggið
Skeifan 3 108 Reykjavík Sími: 588 5080 www.dynjandi.is



Stefán Jóhann við borðið góða sem tengdapabbi hans gaf fjölskyldunni og kom frá Teigi í Mosfellsbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Heldur upp á gamalt stofuborð

***Stefán Jóhann Stefánsson hagfræðingur tyllir sér gjarnan við stofuborðið sitt til að lesa blöð, glugga í bækur eða bara horfa út um gluggann þegar tími gefst frá prófkjörsbaráttunni.***

„Mér þykir einna vænst um borðið í stofunni af öllum þeim ágætu innanstokksmunum sem ég hef í kringum mig,“ segir Stefán Jóhann þegar hann er inntur eftir sínu eftirlætishúsgagni á heimilinu. Þegar nánar er grennslast fyrir kemur í ljós að þetta er gamalt borð sem á sína sögu og hefur vissulega staðið undir veisluföngum við ýmis tækifæri þannig að það gæti frá mörgu sagt ef það mætti mæla. „Þetta borð kemur inn á mitt heimili frá tengdapabba. Hann fékk það frá manni sem hann hafði verið í viðskiptum við og kallaður var Matthías á Teigi sem rak stórt hænsnabú að Teigi í Mosfellssveit á sínum tíma. Þegar ég og kona mín, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, hófum búskap fyrir tuttugu og fimm árum var okkur gefið borðið. Reyndar fékk vinur okkar afnot af því meðan við bjuggum í Svíþjóð en það var bara tímabundið,“ segir Stefán sem gjarnan lætur fara vel um sig við borðið og gluggar þar í blöð og bækur eða horfir út um gluggann þar sem hann hefur gott útsýni yfir autt svæði næst húsinu og Vatnsendahæðina lengra frá. „Ég fylgist héðan með fólki ganga hjá og börnum leika sér á blettinum fyrir framan. Þar var komið upp mörkum og þar er oft mikið líf.“ Þessa dagana hefur Stefán í mörg horn að líta þar sem hann býður sig fram í 3. sæti á lista Samfylkingarinnar. „Það eru margir sem taka þátt og þetta hefur verið mikið fjör,“ segir hann að lokum.

*gun@frettabladid.is*








Keramik fyrir alla

Saumaklúbbar, vinnustaðir, gæsir....



Kynnist listamanninum í hvort öðru.

„bókið kvöld fyrir eigin hóp“

**Keramik fyrir alla**

sími 552 2882, Laugavegi 48b.

Sjá lýsingu: www.keramik.is



**Góðir skór** eru mikilvægir þegar farið er út að hlaupa. Ekki síður er áríðandi að teygja vel að túrnum loknum.















# Fyrirburum vegnar vel

*Í Kanada hafa 149 börn sem vógu undir einu kílói við fæðingu sannað að fyrirburar geta átt sömu möguleika síðar á lífsleiðinni og börn sem fæðast á réttum tíma.*

Ný kanadísk rannsókn gefur til kynna að börnum sem fæðast löngu fyrir tímann geti vegnað jafn vel og öðrum börnum síðar á lífsleiðinni. Jafnvel börn sem fæðast mjög snemma geta dregið önnur börn uppi og átt sömu möguleika þegar kemur að menntun, atvinnu og að lifa sjálfstæðu og innihaldsríku lífi á fullorðinsárunum.

„Það kom okkur skemmtilega á óvart að jafnvel þótt um fjórðungur barna sem fæðist löngu fyrir tímann eigi við einhvers konar fötlun að stríða vegnar þeim langflestum vel á fullorðinsaldri,“ segir dr. Saroj Saigal sem stýrði rannsókninni. „Hvað menntun og atvinnu varðar var lítill munur á milli fyrirburanna og þeirra sem höfðu fæðst eftir fulla meðgöngu.“



Svipað var ástatt með kanadísku fyrirburana um tvítugt og jafnaldra þeirra sem fæddust eftir fulla meðgöngu, þó svo að um fjórðungur þeirra ætti við einhverskonar fötlun að stríða.NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Rannsóknin var kynnt í blaði amerísku læknasamtakanna í gær. Í leiðara blaðsins gagnrýnir barnalæknirinn dr. Maureen Hack niðurstöður rannsóknarinnar. Hún bendir á að langstærsti hluti þeirra barna sem tóku þátt í rannsókninni tilheyrði mjög efnuðum fjölskyldum, auk þess sem heilbrigðisþjónusta í Kanada standi öllum til boða. Í öðrum löndum og hjá efnaminni fjölskyldum eigi fyrirburar ekki sömu möguleika og aðrir.

„Rannsóknin sýnir að við kjöraðstæður geti fyrirburar braggast merkilega vel,“ segir dr. Hack. „Hins vegar er greindarvísitala fyrirbura oft lægri og því gætu þeir átt erfiðara með nám en aðrir. Það stafar af öllu því sem fyrirburar þurfa að ganga í gegnum – þeir eru veikari, stríða við meiri öndunarerfiðleika og sýkingar.“

Árið 2004 fæddist hálf milljón barna fyrir tímann í Bandaríkjunum einum. Kanadíska rannsóknin er því mikilvæg sönnun fyrir marga um þá möguleika sem fyrirburar eiga. Fylgst var með 149 börnum sem fæddust á áttunda og níunda áratugnum, frá fæðingu og fram yfir tvítugt. Öll vógu þau innan við eitt kíló við fæðingu.

Fyrirburarnir glímdu við kvilla á borð við heilalömun, blindu, einhverfu og greindarskerðingu í 27 prósentum tilvika en aðeins 2 prósent jafnaldra þeirra sem fæddust eftir fulla meðgöngu.

82 prósent fyrirburanna luku framhaldsskóla á móti 87 prósentum jafnaldra þeirra. 32 prósent héldu í áframhaldandi nám á móti 33 prósentum. 48 prósent fyrirburanna voru komnir í fasta vinnu á móti 57 prósentum jafnaldranna. 23 prósent fyrirburanna voru í hjónabandi og 11 prósent áttu orðið börn. Hjá jafnöldrunum voru hlutföllin 25 og 14 prósent. Dr. Saigal segir tölfræðilegan mun vart marktækan.

„Þegar litið er til langs tíma eiga fyrirburar sömu möguleika og aðrir. Jafnvel þótt þeir glími við erfiðleika á fyrstu árum ævinnar geta þeir náð sér á strik síðar. Foreldrar fyrirbura geta því verið vongóðir. Ef rétt er að öllu staðið geta börn þeirra tekið fullan þátt í samfélaginu,“ segir dr. Saigal. Þó að öðrum fyrirburum vegni ekki öllum eins vel og þeim í kanadísku rannsókninni segir hún flesta þeirra spjara sig ágætlega. ■

# Orkustöðvarnar örvaðar í dansi

***Marta Eiríksdóttir fyllir fólk krafti með því að kenna því orkudans í ævintýrahúsinu Púlsinum í Sandgerði.***

„Þetta er dans sem hjálpar manni að auka orkuflæði í líkamanum og losa um ýmsar hömlur. Þannig eflir hann kraft og gleði og hjálpar fólki að komast í gott form,“ segir Marta Eiríksdóttir í Púlsinum um námskeið sem hún mun halda í orkudansi og hefst í byrjun mars. Hún segir orkudansinn bæði andlega og líkamlega reynslu sem henti öllum aldurshópum. „Tónlistin fer inn á mismunandi orkustöðvar í líkamanum og hver og einn vinnur út frá sjálfum sér þótt hann sé í hóp og fylgi leiðbeinanda. Þetta er orkudans, teygjur og slökun. Þó er það svo merkilegt með þennan dans að fólk fær yfirleitt ekki strengi af honum. Þegar það vinnur svona inn á við þá nálgast það líkamann með öðrum hætti heldur en í öðru púli. Það eru einhverjir töfrar sem gerast,“ segir Marta sem er grunnskólakennari og kennir einnig leiklist, sjálfstyrkingu og dansjóga. Hún kveðst fá fólk alls staðar að í orkudansinn sem hún er með einu sinni í viku, á föstudagskvöldum. „Við vindum ofan af okkur þreytu vikunnar og daginn eftir vaknar maður fullur af bjartsýni og orku. Þetta eru magnaðir tímar og við dönsum berfætt þannig að ekki þarf að fjárfesta í dansskóm!“ ■



Orkudansinn er dansaður af innlifun.




## staðreynd }



## Vökvaskortur vandamál

VIÐ ÍÞRÓTTAIÐKUN EÐA ERFIÐISVINNU GETUR VATNSÞÖRF LÍKAMANS FJÓRFALDAST.

Mannslíkaminn þarf að meðaltali þrjá lítra af vatni á sólarhring, bara til að halda líffærakerfunum gangandi. Við erfiðisvinnu eða mikla íþróttaiðkun getur þörfin farið upp í sex til tólf lítra á sólarhring. Mikilvægt er að bregðast jafnóðum við aukinni vatnsnotkun.

Líkaminn er um 70% vatn. Það þýðir að manneskja sem vegur 50 kg er í raun með 35 lítra af vatni innbyrðis. Við 3% vökvatap, sem jafngildir aðeins 1 lítra hjá áðurnefndri manneskju, koma fram líkamleg einkenni. Við 5% vökvatap og meira eru einkennin orðin mjög greinileg: hausverkur, þvoglumælgi, áhugaleysi, árásargirni og óskýr sjón. Þessi einkenni geta komið fram á aðeins örfáum klukkutímum, sum eða öll. Við 15% vökvatap getur ástandið orðið lífshættulegt.

Besta ráðið við vökvatapi er að sjálfsögðu að drekka vatn. Fylgjast þarf með vökvainntökunni til að hægt sé að tryggja nægilegt magn. Betra er að drekka lítið og oft en mikið og sjaldan en þó ætti ekki að skammta vatnið. Forðast skal koffíndrykki, eins og kóladrykki, orkudrykki, kaffi og te. Þeir hafa vatnslosandi áhrif og stuðla því að enn frekara vökvatapi.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Við bjóðum þér gott starfsumhverfi!**
Starfskraft vantar í bókhald Ingvars Helgasonar ehf. Um er að ræða starf í 6-9 mánuði og viðkomandi þarf að hefja störf fljótlega. Reynsla af afstemningum er mikill kostur.
**Nánari upplýsingar veitir Árni Ólafur í síma 525 8054. Umsóknir skulu sendar á tölvupóstfangið aoh@ih.is.**

**Fjarðarbakarí Hafnarfirði**
óskar eftir fólki til afgreiðslustarfa sem fyrst. Tvískiptar vaktir í boði.
**Upplýsingar í s. 895 8192 kl. 8-18.**

**NK kaffi kringlunni.**
Óskum eftir að ráða fók í fullt starf, einnig helgarstörf. Ekki yngri en 18 ára.
**Upplýsingar á staðnum eða í síma 568 9040.**

**Kexverksmiðjan Frón óskar eftir starfsmönnum í eftirtalin störf**
Pökkun, þrif o.fl. Vinnutími 8-17 virka daga.
**Uppl. í s 856 2799.**

**Óskum eftir fólki í afgreiðslu.**
Á dagvaktir mándag-föstudag á aldrinum 20-40 ára.
**Upplýsingar í síma 864 6112 eða á www.keiluhollin.is.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Góðir tekjumöguleikar**
Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun o.fl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

**Just-Eat.is**
Vantar nokkra góða bílstjóra á eigin bíl til að keyra út mat um helgar. Þarf að geta byrjað strax. Uppl. í s. 820 6992.

Óskum eftir tæknimanni á verkstæði. Umsóknir sendast á info@tolvuvirkni.is

Vanan háseta vantar á beitingavélabátinn Kristrúnu RE-177, sem er gerð út frá Reykjavík. Uppl. í símum 520 7306 og 893 5458.

Vanan starfsmann vantar í slægingu og saltfiskverkun, einnig annað starfsfólk. Mikil vinna. Uppl. í s. 892 5522.

Eðalverk ehf óskar eftir vönum vélamönnum og verkamönnum. Uppl. hjá Stefáni í s. 661 2277.

Verkland ehf. óskar eftir kranamanni á Liebherr 112 HC byggingarkrana, sem fyrst. Góður aðbúnaður. Laun eftir samkomulagi. Uppl. í s. 897 7445.

**Húsgagnaverslun**
Óskum eftir að ráða starfsfólk í húsgagnaverslun. Um er að ræða sölumenn og starfsmenn á lager. Óskum eftir vönu og reglusömu fólki. Upplýsingar gefur Kristján, s. 860 1113.

Gott tækifæri til að græða mikinn pening á mjög áhugaverðan hátt. Áhugaverðir sendi e-mail á cobra@visir.is.

Industria óskar eftir að ráða rafvirkja, símvirkja og verkamenn í ljósleiðaralagnir innanhúss. Uppl. í s. 822 2590 og 822 2561.

**Bón og þvottur**
Óskum eftir verkstjóra og vönum mönnum á bónstöð hjá Bílkó. Góð laun fyrir gott fólk. Frekari upplýsingar um stöðuna gefur Guðni í s. 660 0560.

**Dekkjaverkstæði**
Óskum eftir verkstjóra og vönu fólki til starfa hjá hjólbarðaverkstæði Bílkó. Framtíðarstarf Uppl. í s. 660 0560 Guðni

Saumastofan saumnálin óskar eftir starfskrafti, sveigjanlegur vinnutími. Skemmtilegur vinnustaður. Uppl. í s. 552 8514 milli 9-18 Erna og Eygló.

Stýrimann og háseta vana netaveiðum vantar á 270 tonna netabát sem fer til grálúðveiða. Uppl. í s. 896 9513.

Vanur maður óskast á jarðýtu strax! Upplýsingar í síma 554 3079 & 899 3041.

TJ. Glans óskar eftir starfskrafti á sjálfvirka bílaþvottastöð. S. 515 2700.

Teitur Jónasson ehf óskar eftir vönum hópferðabílstjórum. Uppl. í s. 515 2700.

## Atvinna óskast

26 ára kk óskar eftir vinnu á leigubíl. Uppl. í s. 697 3103.

56 ára karlmaður óskar eftir vinnu við akstur. Er með meirapróf og er vanur byggingaverkamaður. Uppl. í s. 867 7986.

Járnamenn. 2 vanir járnamenn geta bætt við sig verkum. Uppl. í síma 692 0367 og 849 0880.

Ung kona óskar eftir að þrífa í heimahúsum. Er dugleg og vandvirk. S. 866 4237.

## Viðskiptatækifæri

Ef þú villt skapa þér algjört fjárhagslegt frelsi skaltu skoða á www.sigradu.com.

## TILKYNNINGAR

*Merki (logo) Grímsnes-og Grafningshrepps*

*Sveitarstjórn Grímsnes-og Grafningshrepps efnir til samkeppni um merki (logo) sveitarfélagsins. Senda þarf inn, með dulnefni, teikningu og/eða útfærslu af merki með skýringum. Rétt nafn höfundar þarf að fylgja í lokuðu umslagi merktu dulnefninu. Skilafrestur er til 31. mars 2006. Sveitarstjórn mun velja besta logoið úr innsendum tillögum, sem verður eign sveitarfélagsins og áskilur sér allan rétt til notkunar á því. Veitt verða verðlaun, 100.000 kr. fyrir besta logoið.*

*Merkist: Skrifstofa Grímsnes-og Grafningshrepps*
*Borg*
*801 Selfossi*
*Logo sveitarfélagsins*

**Félagsmenn í hestamannafélaginu Gusti**

***Boðað er til félagsfundar fimmtudaginn 9. febrúar kl 20.15 í veislusal félagsins.***

Fundarefni: Kynning bæjarstjóra og viðræðunefndar félagsins á hugmyndum um nýtt félagssvæði á Kjóavöllum og nágreni.

Stjórn hestamannafélagsins Gusts

## ATVINNA

**Akkurat**

**594 5000** Stórhöfða 27 // 110 Reykjavík
akkurat@akkurat.is // www.akkurat.is
Halla Unnur Helgadóttir, löggiltur fasteignasali

# AKKURAT KYNNIR!
## FASTEIGNIR Í DANMÖRKU

Frum





Akkurat, kynnir í samstarfi við Fasteignafélag í Danmörku. Íbúðir, hús og sumarhús sem eru vel staðsettar án ábúendaskyldu á góðu verði.
**Upplýsingar gefur:**
**Viggó Sigursteinsson, sölufulltrúi, GSM 824 5066**



## ATVINNA

**SÖLUFÓLK**

Góð laun í boði og tryggar tekjur. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Verkefni frá kl. 17-22 virka daga og frá kl. 13 um helgar.

Nánari upplýsingar veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515 6158 frá kl. 9-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá á lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is.

# Glæst framtíð

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt úthringiverkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólkið.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

# KAUPVENJUR

## *Búðir í besta falli tímasóun*

Eggert Skúlason fjölmiðlamaður er ekki mikið fyrir verslanir. Hann gerir þó góð kaup í útlöndum og kaupir þá tölvuleiki og tónlist.



**Hver er eftirlætisbúðin þín?**
Ég fer ógeðslega sjaldan í búðir en ég held ég verði bara að segja í Hagkaup. Það er sniðið fyrir svona vitleysinga eins og mig, maður leiðist einhvern veginn áfram og er svo allt í einu búinn að kaupa eitthvað allt annað en maður ætlaði sér.

**Hvað finnst þér er skemmtilegast að kaupa?**
Mér finnst ekki gaman að kaupa neitt, mér finnst í besta falli tímasóun að fara í búð.

**Verslar þú í útlöndum?**
Já, þá er maður alltaf að græða svo mikið, það er svo ódýrt. Þá fer ég og kaupi tölvuleiki og DVD.

**Einhverjar venjur við innkaupin?**
Helst að reyna að forðast þau.

**Tekurðu skyndiákvarðanir í fatakaupum?**
Ég kaupi ekki á mig föt, það er eiginlega bara konan mín. Ég held hún taki engar skyndiákvarðanir.

# SJÓNARHORN



Máninn lágt á himni skín. Fréttablaðið/Stefán.

## VISSIR ÞÚ

...að krossferðirnar fóru fram á 11. til 13. öld?

...að upprunalega var þeim ætlað að „frelsa“ Jerúsalem og Landið helga undan múslimum? Ferðirnar voru flestar farnar að undirlagi Rómönsk-kaþólsku kirkjunnar en einnig lágu efnahagslegar ástæður að baki.

...að fyrsta krossferðin var farin 1095 þegar Alexíus I bað páfa um aðstoð gegn innrásarherjum múslima? Ríki Alexíusar I var þar sem nú er Tyrkland.

...að í fyrstu krossferðinni náðu krossfarar Jerúsalem á sitt vald? Þetta var árið 1099.

...að krossfararnir frömdu grimm fjöldamorð á íbúum Jerúsalem?

...að 1147 fóru Loðvík VII Frakkakonungur og Konráð III Þýskalandskóngur í aðra krossferð? Þeir náðu engum árangri.

...að 1187 hertók Saladín Tyrkjasoldán Jerúsalem?

...að svar kirkjunnar var þriðja krossferðin? Leiðtogar hennar voru Filippus II konungur Frakka, Ríkharður ljónshjarta og Friðrik I keisari Heilaga rómverska keisaraveldisins.

...að þeir þurftu að gefast upp þegar þeir voru komnir í sjónmál við Jerúsalem?

...að alls voru farnar níu krossferðir til Landsins helga?

...að auk þeirra voru farnar ýmsar aðrar krossferðir? Til dæmis til suðurhluta Frakklands gegn þeim sem kirkjan taldi heiðingja.

...að ýmsar krossferðir fóru fram í Mið- og Austur-Evrópu? Þar voru oftast á ferð Þjóðverjar sem reyndu að breiða út kristna trú með vopnavaldi.

...að ein furðulegasta og jafnframt dularfyllsta krossferðin var „Barnakrossferðin?“

...að sagan segir að 20.000 börn hafi marserað að Miðjarðarhafi en áður en þau komust til Landsins helga dóu flest þeirra úr hungri og vosbúð og þau sem lifðu voru seld í þrældóm?

...að þetta er líkast til einungis þjóðsaga sem myndaðist út frá misskilningi í þýðingu? Orðið „pueri“ var notað yfir hópa af bændum á vergangi á þessum tíma. Á latínu þýðir pueri strákur en á miðöldum var merkingin niðrandi. Í síðari annálum var orðið þýtt sem barn og þaðan er misskilningurinn fenginn.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



- þegar þú kaupir parket
HARÐVIÐARVAL
Krókhálsi 4 • 110 Reykjavík • Sími 567 1010 • www.parket.is

# Hvers virði er Háskóli Íslands?

UMRÆÐAN
HÁSKÓLI ÍSLANDS



SIGURRÓS EIÐSDÓTTIR

*Nú stendur ein elsta menntastofnun þjóðarinnar, Háskóli Íslands, mun verr fjárhagslega en einkaskólarnir og grípa þarf til aðgerða ef ekki á illa að fara.*

Vissir þú að Háskóli Íslands rekur deildir sínar fyrir hundrað þúsund krónum minna á hvern nemanda en einkareknu háskólarnir sem hann keppir við? Sú skekkta samkeppnisstaða sem þarna birtist hefur mjög slæm áhrif á rekstur Háskóla Íslands. Það er ekki er hægt að reka Háskólann áfram við þessar aðstæður án þess að það bitni á gæðum námsins. Eins og staðan er í dag njóta einkareknu háskólarnir þeirrar sérstöðu að innheimta skólagjöld ofan á grunnframlagið frá ríkinu, sem er það sama til allra háskólanema óháð því hvar þeir stunda nám.

Skólagjöld einkaskólanna eru þar að auki lánshæf hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna en af hverjum tveimur krónum sem LÍN lánar skilar aðeins önnur sér til baka. Í ljósi þess má segja að ríkið niðurgreiði skólagjöld nemenda við einkaskólana og framlag hins opinbera til hvers nemanda þeirra hækki. Á sama tíma mæta beiðnir Háskóla Íslands um aukið fjármagn litlum skilningi og ekki er einu sinni greitt með öllum nemendum sem stunda nám við skólann.

Að sjálfsögðu kemur þetta óréttlæti hart niður á HÍ sem menntastofnun. Röskva hafnar skólagjöldum alfarið því þau ógna jafnrétti til náms og allar fylkingar Stúdentaráðs hafa lýst sig sammála þeirri skoðun. Nú stendur ein elsta menntastofnun þjóðarinnar, Háskóli Íslands, mun verr fjárhagslega en einkaskólarnir og grípa þarf til aðgerða ef ekki á illa að fara. Óbreytt ástand er ekki valkostur.

Röskva telur bestu leiðina til þess að leiðrétta fáránlega samkeppnisstöðu Háskóla Íslands að skólagjöld einkarekinna háskóla dragist frá ríkisframlagi til hvers nemanda. Þannig má tryggja að Háskóli Íslands haldi velli, þrátt fyrir aukna samkeppni við aðra háskóla.

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur ekki gagnrýnt samkeppnisstöðu Háskólans eins og vera skyldi þrátt fyrir að allar fylkingar í ráðinu séu sammála um að helsta hlutverk þess sé að berjast fyrir hagsmunum stúdenta. Áhugaleysi ráðsins er því óskiljanlegt, þar sem hagsmunir háskólans og stúdenta fara saman í þessu máli. Sanngjarnt samkeppnisumhverfi á háskólastigi er eitt helsta hagsmunamál stúdenta við Háskóla Íslands og ber stúdentaráði að beita sér af fullum þunga í þeirri baráttu.

*Höfundur situr í fyrsta sæti á háskólaráðslista Röskvu.*

# Stjórnvöld tefja verðlækkun

UMRÆÐAN
MATARVERÐ



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

*Þetta er alger skrípaleikur og almenningur hlýtur að sjá í gegnum þetta sjónarspil.*

Stjórnvöld skýrðu frá því um áramót, að ætlunin væri að skipa nefnd til þess að kanna lækkun matvælaverðs hér á landi en upplýst hefur verið að matarverð er rúmlega 40% hærra hér en í löndum Evrópusambandsins. Ýmsir hafa fagnað þessari nefndarskipun og talið, að nú væri stórum áfanga náð. En er það rétt? Nei því miður. Þessi nefndarskipun er einungis til þess fallin að slá ryki í augu almennings og gerð í því skyni að tefja málið.

Fyrir nokkrum árum flutti Rannveig Guðmundsdóttir, alþingismaður Samfylkingarinnar, þingsályktunartillögu á Alþingi um athugun á hinu háa matvælaverði hér á landi og hvaða ráðstafanir mætti gera til þess að lækka það. Hefur Rannveig hvað eftir annað tekið þetta mál upp á Alþingi og gert samanburð á matvælaverði hér og í löndum ESB. Hún hefur ítrekað bent á, að matvælaverð væri hér mikið hærra en í löndum ESB.

Tillaga Rannveigar um athugun á matvælaverði hér og erlendis var samþykkt. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands var falin athugun málsins og skilaði stofnunin ítarlegri skýrslu um málið. Þar koma allar staðreyndir málsins fram. Tíundaðar eru ástæður hærra matvælaverðs hér en í löndum ESB og hvaða ráðstafanir megi gera til þess að lækka matarverðið o.s.frv. Sl. haust tók Rannveig mál þetta enn upp á Alþingi en þá hafði forsætisráðherra engan áhuga á málinu og vildi ekkert gera! Hvað er hér á seyði? Hvers vegna er verið að skipa nýja nefnd til þess að rannsaka það, sem er áður búið að rannsaka hjá Hagfræðistofnun? Er verið að tefja málið? Eða er verið að slá ryki í augu almennings? Þetta eru forkastanleg vinnubrögð. Það er engu líkara en að tilgangurinn með þessu sjónarspili sé sá að tefja málið, þar eð ekkert gerist varðandi lækkun matarverðs á meðan nýja nefndin er að störfum.

Ríkisstjórnin er hér að hundsa Alþingi. Í stað þess að fara eftir skýrslu Hagfræðistofnunar og hefjast handa við að lækka matarverðið er skipuð ný nefnd til þess að fjalla um allt það sama og áður hefur verið fjallað um. Þetta er alger skrípaleikur og almenningur hlýtur að sjá í gegnum þetta sjónarspil. Það vantar algerlega viljann til aðgerða. Þess vegna er reynt að svæfa málið í nefnd!

Vildarþjónusta fyrirtækja




Alltaf að vinna?

Í meira en 100 ár höfum við aðstoðað fyrirtæki við fjármálin. Við leggjum áherslu á langtímasamband og sérhæfðar lausnir sem taka mið af sérstökum aðstæðum og starfsumhverfi viðskiptavina okkar.

Leyfðu okkur að aðstoða þig og nýttu tímann í annað.

SPH – fyrir þig og fyrirtækið!

sph

550 2000 | www.sph.is

**FJODOR DOSTOJEVSKÍ (1821-1881) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Mesta hamingjan er að þekkja uppsprettu óhamingjunnar.“*

*Fjodor Dostojevskí er einn kunnasti rithöfundur Rússa. Þekktur fyrir bækur á borð við Fávitann og Glæp og refsingu.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 9. FEBRÚAR 1983

# Leitin að Shergar hefst

Á þessum degi árið 1983 hófst mikil leit að verðlaunastóðhestinum Shergar sem stolið var úr hesthúsum í Keldare-héraði á Írlandi. Shergar var þá mjög þekktur hestur enda hafði hann sigrað á Derby-veðreiðunum árið 1981.

Tveir grímuklæddir og vopnaðir menn höfðu ráðist inn á heimili yfirdýrahirðisins daginn áður. Ræningjarnir lokuðu fjölskyldu hirðisins inni meðan þeir neyddu hann til að hleypa Shergar út úr stíu sinni. Ræningjarnir tróðu síðan hirðinum og hestinum inn í kerru og keyrðu af stað. Manninum var sleppt fjórum stundum síðar. Ræningjarnir kröfðust tveggja milljóna punda lausnargjalds að morgni 10. febrúar. Við lok þess dags hafði krafan lækkað niður í 40 þúsund. Eigendur hestsins neituðu að borga til að ýta ekki undir fleiri rán á hestum. Mörg símtöl bárust lögreglu og fjölmiðlum þar sem fólk taldi sig hafa orðið vart við Shergar en öll voru þau til einskis. Hvorki fannst tangur né tetur af Shergar og ekki er enn vitað hverjir voru að verki. Flestir telja þó að IRA hafi átt þátt í ráninu.



SHERGAR

## MERKISATBURÐIR

**1946** Maður hrapar í djúpa gjá í Aðaldalshrauni í Þingeyjarsýslu. Hann finnst heill og hress þremur dögum síðar.

**1959** Togarinn Júlí frá Hafnarfirði ferst við Nýfundnaland og með honum 30 manns.

**1964** Bítlarnir koma í fyrsta sinn fram í bandarísku sjónvarpi í þættinum The Ed Sullivan Show.

**1984** Rússneski leiðtoginn Júrí Andropov andast.

**1984** Maður með lambhúshettu rænir útibú Iðnaðarbankans í Breiðholti. Málið er enn óupplýst.

**2002** Margrét Bretaprinsessa, systir Elísabetar drottningar, andast 71 árs að aldri.

## ANDLÁT

**Helga G. Pálsdóttir**, elliheimilinu Grund, lést laugardaginn 28. janúar. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Páll Jóhannesson**, frá Herjólfsstöðum í Álftaveri, Mánatúni 2, Reykjavík, lést mánudaginn 6. febrúar.

**Soffía Jónsdóttir**, Dalbraut 27, áður Laugarásvegi 41, andaðist á Landspítalanum Fossvogi mánudaginn 6. febrúar.

**Anna Björk Daníelsdóttir**, Fjóluhvammi 13, Hafnarfirði, andaðist á heimili sínu aðfaranótt þriðjudagsins 7. febrúar.

**Baldur G. Johnsen**, fyrrverandi yfirlæknir, andaðist á hjúkrunarheimilinu Skjóli aðfaranótt þriðjudagsins 7. febrúar.



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Páll Jóhannesson**

frá Herjólfsstöðum í Álftaveri,
Mánatúni 2, Reykjavík,

lést mánudaginn 6. febrúar.

**Guðlaug Jóhannsdóttir og fjölskylda.**



†

*Ástkær eiginkona, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Katrín S. Jónsdóttir,**

lést á Hrafnistu Reykjavík, aðfaranótt sunnudagsins 5. febrúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Hlöðver Helgason**

| | |
|---|---|
| **Sævar Hlöðversson** | **María Pétursdóttir** |
| **Hjálmar K. Hlöðversson** | **Elínborg Pétursdóttir** |
| **Guðjón H. Hlöðversson** | **Björg Ragnarsdóttir** |
| **Hafdís Hlöðversdóttir** | **Sigmar Teitsson** |
| **Gunnar Hlöðversson** | **Sigurlaug M. Ólafsdóttir** |
| **Valgerður O. Hlöðversdóttir** | **Pétur Andrésson** |

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
**- allt að 50% afsláttur**
Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

**TILBOÐ**
*Á LEGSTEINUM, FYLGIHLUTUM OG UPPSETNINGU*
**10-50% AFSLÁTTUR**
Yfir 40 ára reynsla
Sendum myndalista

Steinsmiðjan *MOSAIK*
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is



**VAR EKKI LEIÐUR Á FRÉTTUM** Jóhann Hlíðar starfaði í lengri tíma sem fréttamaður Stöðvar 2 og síðar NFS. Hann segir gott að líta aðeins upp úr fréttamennskunni þó svo að hann hafi ekki verið kominn með leið á henni. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

JÓHANN HLÍÐAR HARÐARSON: MARKAÐSSTJÓRI VIÐ HR

# Skapar jákvæða ímynd

„Þetta snýst í stórum dráttum um það að reyna að skapa Háskólanum í Reykjavík jákvæða ímynd bæði í skólasamfélaginu og í vitund fólks,“ segir Jóhann Hlíðar Harðarson sem er landsmönnum að góðu kunnur sem fréttamaður á Stöð 2 og síðar NFS. Hann tók í byrjun mánaðarins við stöðu markaðsstjóra Háskólans í Reykjavík. „Það hefur verið brjálað að gera frá fyrsta degi,“ segir Jóhann glaðlega enda vanur miklu álagi í sínu gamla starfi. „Við viljum að fólk sjái kosti þess að sækja nám við háskólann og skapa vitund um að hér sé unnið mikið fræði- og rannsóknarstarf auk þess að skapa háskólanum orð á alþjóðlega vísu,“ segir Jóhann og segir stóran kost að þekkja klukkuverkið hinumegin við borðið þegar kemur að því að miðla upplýsingum til fjölmiðla.

„Þetta er alveg rosalega spennandi verkefni og það er líka gaman að líta aðeins upp úr fréttamennskunni,“ segir Jóhann en áréttir að hann hafi samt ekki verið orðinn leiður á henni. Hann var nýkominn úr sex mánaða fæðingarorlofi þegar hann frétti af starfinu og sótti um.

„Ég hafði sjálfur verið í námi við viðskiptaháskólann í Árósum en sá skóli var fyrir tíu árum að fara mikið inn á það svið sem HR er að fara í dag, að vera alþjóðlega þenkjandi skóli með framsækið og tæknivætt umhverfi fyrir nemendur. Mér fannst alltaf að HR væri að gera spennandi hluti af því ég þekkti það frá Danmörku og þetta var umhverfi sem mig langaði að hrærast í,“ segir Jóhann en samt sem áður kom honum skemmtilega á óvart hversu kraumandi vinnustaðurinn nýi er.

Þó að mikið sé að gera í vinnunni segir Jóhann nýja starfið mun fjölskylduvænna. „Bæði konan mín og stelpan mín sem er unglingur finnst æðislegt að ég skuli vera í fríi allar helgar,“ segir Jóhann hlæjandi en bætir þó við að hann muni sakna margs úr fréttamennskunni. Fyrst og fremst vinnufélaganna en einnig þess að vakna á morgnana og vita ekkert hvað dagurinn ber í skauti sér. „Svona spennufíkill eins og ég á eftir að sakna þess,“ segir hann glettinn.



**Á ÁRSHÁTÍÐ** Fjórir verkfræðingar voru sæmdir heiðursmerki fyrir vel unnin störf.

# Fjórir verkfræðingar heiðraðir

Fjórir verkfræðingar voru sæmdir heiðursmerki Verkfræðingafélags Íslands fyrir vel unnin störf innan verkfræðinnar og í þágu félagsins. Voru heiðursmerkin veitt á árshátíð félagsins sem haldin var þann 4. febrúar.

Verkfræðingarnir fjórir eru: Albert Albertsson vélaverkfræðingur, Guðrún Hallgrímsdóttir matvælaverkfræðingur, Valdimar K. Jónsson vélaverkfræðingur og Viðar Ólafsson byggingarverkfræðingur.

## AFMÆLI



**Jón Sen** fiðluleikari er 82 ára.



**Valdimar Örnólfsson** íþróttastjóri er 74 ára.



**Magnús Bjarnfreðsson** blaðamaður er 72 ára.



**Haukur Ingibergsson** forstjóri Fasteignamats ríkisins er 59 ára.



**Egill Ólafsson** tónlistarmaður er 53 ára.

## JARÐARFARIR

13.00 **Njáll Sveinbjörnsson**, Háaleitisbraut 22, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju.

14.00 **Þóra María Emilía Björnsdóttir** verður jarðsungin frá Siglufjarðarkirkju.

15.00 **Hrafnhildur Sigurðardóttir**, Stekkjarbergi 12, Hafnarfirði, verður jarðsungin frá kapellu kirkjugarðanna í Hafnarfirði.

15.00 **Jón Sigurður Pétursson** vélstjóri, Teigagerði 1, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

# ORMSSON

SMÁRALIND SÍMI 530 2900 / LÁGMÚLA 6 SÍMI 530 2800

# KALDIR DAGAR

## 15-20% afsláttur af kæli- og frystiskápum



Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

RadioNAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

Umboðsmenn um land allt

AEG
Fullkomin lögun og leikni





# STUÐ MILLI STRÍÐA Ríkisrekin börn

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR** TEKUR ÓTTAKAST VEGNA VELFERÐAR BARNA



Hvert sem litið er, eru hætturnar að finna fyrir blessuð börnin. Ógnir barnanna eru orðnar það margar að ég hef týnt tölunni.

Ógnir á netinu, hið óheilbrigða lífserni barnanna, óttann við að einhver geri þeim illt, að þau sofi ekki nóg, að þau lesi ekki nóg, að þau tali ekki nóg, að það sé ekki búið að skipuleggja daginn fyrir þau nóg þannig að þau villist nú ekki á þessum mínútum sem þau hafa frjálsan út í ósóma og vitleysu.

Með öllum þessu ógnum og hræðsluköstum koma svo auðvitað lausnir. Foreldrar eiga að fylgjast betur með. Það á að taka upp skólabúninga svo fátækari börnin verði ekki lögð í einelti og það á að taka upp fríar skólamáltíðir.

Hugmyndin um fríar skólamáltíðir er svo sem ekki galin, en það er bara verið að ræða hana út frá kolröngum forsendum. Það er ekki verið að ræða hvað það sé nú gott fyrir börn að fá hollan og staðgóðan hádegisverð og hvað orka barnanna til náms eftir slíka máltíð eykst. Nei, það er verið að tala um skólamáltíðir út frá einelti og útskúfun. Það er ekki talað um að ef foreldrar þessara barna hafa ekki efni á að kaupa skólamáltíðir, sé ekki óraunhæft að ætla að þeir hafi ekki alltaf efni á að elda staðgóðan kvöldverð og hádegismaturinn gæti því verið eini heiti matur barnsins allan daginn. Þess í stað er talað um hversu hræðilegt það er fyrir barnið að sitja „eitt“ út í horni með samlokuna sína og jafnvel skyrið.

En nú þurfum við ekki að óttast mikið lengur. Fjölskyldunefnd forsætisráðherra hlýtur að fara að skila af sér skýrslu um hvernig hægt sé að verja æskuna frá hættum og firringu nútímans, þannig að tímarnir geti aftur orðið öruggir, eins og þegar unglingadrykkja í miðbænum viðgekkst og áður en foreldrar ofskipulögðu frítíma barna sinna og börnin þurftu því sjálf að finna sér eitthvað til dundurs, án eftirlits foreldra. ■






## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 7 | | | | | |
| 3 | | 2 | 4 | | | | | |
| | 1 | 4 | | | 6 | | | 3 |
| | | 8 | | | 9 | | | 6 |
| 6 | | 3 | | 7 | | 8 | | 1 |
| 5 | | | 6 | | | 4 | | |
| 1 | | | 2 | | | 5 | 3 | |
| | | | | | 5 | 6 | | 4 |
| | | | | | 8 | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 7 | 8 | 4 | 2 | 3 | 6 | 9 |
| 6 | 3 | 4 | 5 | 9 | 7 | 1 | 8 | 2 |
| 2 | 8 | 9 | 3 | 1 | 6 | 5 | 4 | 7 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 8 | 5 | 4 | 7 | 6 |
| 5 | 7 | 6 | 4 | 3 | 9 | 2 | 1 | 8 |
| 8 | 4 | 2 | 6 | 7 | 1 | 9 | 5 | 3 |
| 4 | 2 | 1 | 7 | 6 | 3 | 8 | 9 | 5 |
| 3 | 6 | 8 | 9 | 5 | 4 | 7 | 2 | 1 |
| 7 | 9 | 5 | 1 | 2 | 8 | 6 | 3 | 4 |






## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



## Veldu FordEscape 4x4

Nýtt tákn um gæði



# Sjálfskiptur. 200 hestöfl.

# Kauptu. 2.990 þús.

**Vertu á stæðilegri bíl. Escape.** Nýr og fallegri Ford Escape. Skoðaðu vinsæla sportjeppann frá Ford. Afl, rými og ríkulegur búnaður ásamt frábærum aksturseiginleikum og hagstæðu verði gera það að verkum að ánægðir eigendur Toyota RAV4 og Honda CR-V skipta um bíl. Veldu Ford Escape. Kjörin eru góð. Þú leigir Ford Escape eða kaupir og þú færð vestrænan sportjeppa í fullri stærð. Berðu saman bíla: Ford Escape og Toyota RAV4. Komdu í Brimborg, vertu á nýjum Escape.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

**Tugþúsundir aukalega. Þú ert klár í snjóinn.**
**Þú þarft ekki að hafa áhyggjur af snjónum. Fyrir utan frábært verð færðu aukalega Nokian gæða vetrardekk þér að kostnaðarlausu - klár undir bílinn og sumardekkin í farangursrýmið. Verðmæti 85.000 krónur. Kynntu þér frábær kjör á Ford Escape.**

*Gildir aðeins til 25. febrúar eða meðan birgðir endast.*

## Frábært tilboð á stæðilegri sportjeppa. Lægsta verð á öldinni.

## Skiptu um bíl. Komdu í dag. Vertu á Ford Escape.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL - gci50056



Ford Escape XLS
2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.690.000 kr.
Bílasamningur 36.650 kr.
Rekstrarleiga 48.980 kr.



Ford Escape XLT
3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 2.990.000 kr.
Bílasamningur 40.740 kr.
Rekstrarleiga 52.560 kr.



Ford Escape XLT Sport
3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.120.000 kr.
Bílasamningur 42.520 kr.
Rekstrarleiga 54.750 kr.



Ford Escape Limited
3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.330.000 kr.
Bílasamningur 45.380 kr.
Rekstrarleiga 58.300 kr.



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.




*Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

brimborg

***Öruggur staður til að vera á***

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuð sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd af Escape er sóllúga.

80% afsláttur




990 kr. ~~4.990~~ kr.

51% afsláttur




490 kr. ~~990~~ kr.

57% afsláttur




1.990 kr. ~~4.690~~ kr.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla


!

**Kl. 12.05**

***Jon Milner,*** *lektor í dönsku við Háskóla Íslands, heldur fyrirlestur um póstmóderníska siðfræði. Fyrirlesturinn er á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og verður í stofu 102 í Lögbergi og er fluttur á dönsku.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Puccini leikur á gítar*

Argentínski gítarleikarinn Sergio Puccini heldur tvenna tónleika á Myrkum músíkdögum. Fyrri tónleikarnir verða í Laugarborg við Akureyri í kvöld en þeir seinni í Norræna húsinu á laugardaginn.

Þar frumflytur hann meðal annars verk eftir Karólínu Eiríksdóttur, sem hún skrifaði sérstaklega fyrir hann. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þau starfa saman, því fyrir fimm árum frumflutti Puccini gítarkonsert eftir Karólínu í Santa Fe í Argentínu.

Verkið, sem hann flytur eftir Karólínu í kvöld og á laugardaginn heitir Within the Circle og er samið á síðasta ári.

Á tónleikunum flytur hann einnig verk eftir sjö tónskáld frá Spáni, Kúbu, Mexíkó, Bandaríkjunum, El Salvador og Argentínu. Eitt þessara verka er frumflutt á þessum tónleikum og skrifað sérstaklega fyrir hann á síðasta ári, rétt eins og verk Karólínu, en það verk er eftir Manly Romero frá Bandaríkjunum og heitir Self Portrait.



SERGIO PUCCINI GÍTARLEIKARI

Sergio Puccini er fæddur í Rosario í Argentínu árið 1958 og mun vera fjarskyldur tónskáldinu fræga, Giacomo Puccini. Hann hefur flutt jafnt klassísk gítarverk sem nýja gítartónlist sem iðulega hefur verið samin sérstaklega fyrir hann.

# Sjö byltur svefnleysingjans

**Sinfóníuhljómsveit Íslands tekur jafnan þátt í Myrkum músíkdögum. Í kvöld ætlar hún að flytja verk eftir fjögur íslensk tónskáld.**



HARALDUR VIGNIR SVEINBJÖRNSSON Tónsmíðarnar héldu fyrir honum vöku veturinn 2002 til 2003 þegar verðlaunaverkið Sjö byltur svefnleysingjans varð til.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Heitið á tónverki Haralds Vignis Sveinbjörnssonar, Sjö byltur svefnleysingjans, gefur til kynna óvenjuleg tildrög þess, því verkið varð smám saman til á andvökunóttum tónskáldsins.

„Endrum og sinnum er maður að rembast við að finna nýjar aðferðir og melódíur, nýtt tónmál til að vinna með, og þá notar maður yfirleitt daginn og reynir að sofa vel, en í þetta sinn snerist það við,“ segir Haraldur Vignir. „Á daginn kom ekki neitt, en um leið og ég lagðist á koddann skutu hugmyndir upp kollinum og héldu fyrir mér vöku. Á endanum lét ég undan og fór að skrifa niður þessar hugmyndir.“

Verkið varð til úti í Svíþjóð veturinn 2002 til 2003 þegar Haraldur Vignir var þar í námi.

Verkið er samsett úr sjö örstuttum stefjum, sem eru endurtekin í ýmsum tilbrigðum.

„Tónlistin er sveiflukennd vægast sagt,“ útskýrir tónskáldið. „Þetta byrjar með látum og dalar síðan niður í rosalega rólega stemningu. Það má segja að tónlistin sé á mörkum hins hefðbundna tónmáls, en það eru mörg stílbrögð í gangi.“

Haraldur Vignir er eitt af yngstu tónskáldum landsins, en hann er ekki síður heimavanur í rokkheiminum en veröld sinfóníutónlistar. Áður fyrr lék hann á gítar með rokkhljómsveitinni Dead Sea Apple, og núna leikur hann á píanó með hljómsveit sem nefnir sig Menn ársins og sérhæfir sig jafnt í ljúfri og léttri kaffihúsastemningu sem „stuðmannalegu“ fjöri og sveiflu.

Tónverkið Sjö byltur svefnleysingjans hefur fengið afar góðar viðtökur. Haraldur hlaut fyrir það verðlaunin Tónskáld morgundagsins, sem Sinfóníuhljómsveit Helsingjaborgar veitir ungum tónskáldum. Sú hljómsveit frumflutti síðan verkið fyrir fullu húsi snemma árs 2004.

Þá um sumarið flutti Haraldur heim til Íslands og ekki dró úr ánægju tónskáldsins þegar hann var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2004 fyrir Bylturnar.

Það er Rumon Gamba sem stjórnar flutningi Sinfóníuhljómsveitarinnar á verki Haraldar, en á dagskrá tónleikanna í kvöld eru þrjú önnur verk.

Eftir Þorkel Sigurbjörnsson flytur hljómsveitin verkið Þrenjar, sem tónskáldið segir vera „viðráðanlegan, lítinn konsert fyrir fiðlu, selló og píanó“. Ekki er algengt að konsertar séu samdir fyrir þrjú einleikshljóðfæri, en heiti verksins, Þrenjar, mun þýða þríeggjað sverð.

Eftir Eirík Árna Sigtryggsson flytur hljómsveitin verkið Sjöstirni, en síðast á dagskrá tónleikanna er Sinfónía eitt eftir Þorstein Hauksson.

Tónleikarnir hefjast klukkan 19.30. ■

# Roni Horn sýnir í Safni

**Sýning á ljósmyndaverkum bandarísku myndlistarkonunnar Roni Horn verður opnuð á laugardaginn í Safni við Laugaveg. Á sýningunni verða um tuttugu verk, öll í eigu Safns og verða þau sýnd á þremur hæðum þess.**



RONI HORN - FÁLKI

Mikill meirihluti verkanna eru ljósmyndir og eru þær flestar teknar á Íslandi. Verkin á sýningunni eru frá árunum 1985 til 2004.

Roni Horn er meðal virtustu listamanna samtímans, þekkt fyrir ljósmyndir sínar, skúlptúra, textaverk og teikningar. Hún fæddist í New York árið 1955 og 1975 kom hún fyrst til Íslands. Hún hefur síðan komið hingað reglulega, á hér nú sitt annað heimili og fjölda vina og kunningja um allt land og lítur á íslenskt landslag sem framlengingu af vinnustofu sinni. Hún hefur ljósmyndað náttúru landsins, svo og byggingar og Íslendinga sjálfa í um tuttugu ár.

Auk þess að sýna verk sín í Galleríi i8, í Listasafni Reykjavíkur, á Kjarvalsstöðum og vera með staðbundna innsetningu í Háskólanum á Akureyri, hefur Roni Horn verið ötul við að tjá sig um umhverfismál og berjast gegn áformum um fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir á Íslandi og er skemmst að minnast birtingar á ljósmyndum hennar af íslenskri náttúru, sem varpað var á stórt tjald á hinum nýafstöðnu baráttutónleikum Hætta- hópsins, gegn virkjunaráformum, sem fram fóru í Laugardalshöll í janúar síðastliðnum.

Nýjasta verk Roni Horns í eigu Safns, er verkið Doubt by Water, sem samanstendur af tvíhliða ljósmyndum á gólfstöndum. Verkið fær áhorfandann til að upplifa ljósmyndir sem þrívíða hluti og áhorfandinn hreyfir sig um rýmið við skoðun myndanna. ■




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM15962



**PÁLMI GUNNARSSON** Þessi mynd er tekin árið 1979, þegar Mannakorn voru ekki nema þriggja ára.

# Þrítug Mannakorn

Mannakorn, hljómsveit þeirra Magnúsar Eiríkssonar og Pálma Gunnarssonar, hélt tónleika í Salnum í Kópavogi í gærkvöldi í tilefni þess að þrjátíu ár eru liðin frá því fyrsta plata hljómsveitarinnar kom út.

Í kvöld ætla þeir að endurtaka leikinn, og ekki þykir útilokað að efnt verði til þriðju tónleikanna vegna þess hve aðsóknin hefur verið góð. Á tónleikunum flytja þeir Magnús og Pálmi brot af úrvalslögum Mannakorna ásamt því að flytja lög sem þeir hafa flutt hvor fyrir sig.

Með þeim er úrvalslið hljóðfæraleikara, en á þessum tónleikum skipa Mannakorn þeir Gunnlaugur Briem á trommur, Ásgeir Óskarsson á slagverk, Agnar Már Magnússon á píanó, Stefán Már Magnússon á gítar og Þórir Úlfarsson á hammondorgel, að ógleymdum höfuðpaurunum Magnúsi, sem syngur og leikur á gítar, og Pálma, sem syngur og leikur á bassa. Auk þess verður heil strengjasveit á sviðinu.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20. ■

HILMIR SNÆR GUÐNASON
ÉG ER MÍN EIGIN KONA



| | | |
|---|---|---|
| fimmtudagur | 09.02 | aukasýning |
| föstudagur | 10.02 | UPPSELT |
| laugardagur | 11.02 | UPPSELT |
| fimmtudagur | 16.02 | aukasýning |
| föstudagur | 17.02 | laus sæti |
| laugardagur | 18.02 | laus sæti |

SÝNT Í IÐNÓ KL. 20
MIÐASALA: WWW.MIDI.IS OG Í IÐNÓ S. 562 9700
Landsbankinn
Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Aðalfundur
Íslandsbanka hf.



Aðalfundur Íslandsbanka hf. árið 2006 verður haldinn á Nordica Hótel þriðjudaginn 21. febrúar 2006 og hefst kl. 14.00.

Dagskrá

1. Aðalfundarstörf í samræmi við 10. grein samþykkta bankans.
2. Tillaga um heimild til stjórnar til kaupa á hlutabréfum í Íslandsbanka hf.
3. Tillaga um framlag í Menningarsjóð.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Atkvæðaseðlar og aðgöngumiðar að fundinum verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra í Íslandsbanka hf., Kirkjusandi, Reykjavík, 20. febrúar nk. kl. 9.00–16.00 og á fundardegi kl. 9.00–13.00. Einnig verða atkvæðaseðlar og aðgöngumiðar afhentir á fundarstað milli kl. 13.00 og 14.00 á fundardegi.

Dagskrá fundarins, tillögur og ársreikningar félagsins fyrir árið 2005 verða hluthöfum til sýnis á sama stað frá og með mánudeginum 13. febrúar 2006. Þessi gögn verða einnig aðgengileg á www.isb.is.

Framboðsfrestur til stjórnar rennur út miðvikudaginn 15. febrúar nk., kl. 14.00. Framboðum skal skila til forstjóra á Kirkjusandi.

Hluthafar eru vinsamlegast beðnir að vitja aðgöngumiða og atkvæðaseðla sinna á Kirkjusandi fyrir kl. 13.00 á fundardegi eða í síðasta lagi milli kl. 13.00 og 14.00 á fundarstað. Afhendingu aðgöngumiða og atkvæðaseðla verður hætt kl. 14.00.

8. febrúar 2006,
stjórn Íslandsbanka hf.

ÍSLANDSBANKI

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Freestyle
FREESTYLEKEPPNI TÓNABÆJAR 2006
Skráning er hafin í síma 510 8800
Upplýsingar og reglur á www.tonabaer.is
TÓNABÆR FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ
Kristall
ÍTR
Austurbær 17. febrúar

STYRKTARDANSLEIKUR
Gay Ball
HINSEGIN BÍÓDAGAR



IÐUSÖLUM
VIÐ LÆKJARGÖTU
Laugardaginn 11. febrúar kl. 23:30 og fram eftir nóttu
DJ DAGNÝ & DJ PÁLL ÓSKAR
Lítið á www.samtokin78.is

Heineken®
DJAMMIÐ UM HELGINA:
GRAND ROKK
Hefur opnað með stæl og fyrstu tónleikarnir á efri hæðinni eru á föstudagskvöldið en þá spilar
MEGASUKK
Spurningakeppnin að vanda kl. 17.30 á föstudag
MEIRA UM DJAMMIÐ Á
Heineken.is

*„People always look down their noses at hookers. Never give you a chance, because they think you took the easy way out, when no one could imagine the willpower it took to do what we do. Walking the streets, night after night, taking the hits and still getting back up.“*



- Charlize Thieron var mögnuð í hlutverki morðóðu vændiskonunnar Aileen í Monster en hún vissi eins og var að lífið á götunni er ekkert grín.

# bíó

bio@frettabladid.is

## Fer sínar eigin leiðir

Woody Harrelson er eini leikarinn úr Cheers sem hefur hlotið tilnefningu til óskarsverðlauna en hana hlaut leikarinn fyrir frammistöðu sína í People vs. Larry Flynt. Það er oft mikið um að vera í kringum Woody, hann er mikill náttúruverndarsinni og vill lögleiða maríjúana og og hefur nokkrum sinnum komist í kast við lögin.

Mörgum kann að þykja það stórfrétt að Harrelson er menntaður í leikhúsfræðum og enskum bókmenntum frá Hanover-háskólanum í Indíana. Leikferill hans hófst í leikriti Neils Simon, Biloxi Blues, og giftist Harrelson dóttur leikskáldsins skömmu síðar. Það hjónaband entist ekki lengi, aðeins í eitt ár. Stóra tækifærið kom þegar hann var ráðinn sem Woody í gamanþáttaröðunum Cheers og uppskar hann meðal annars Emmy-verðlaunin árið 1989 sem besti gamanleikari í aukahlutverki.

Woody reyndist erfitt að slíta sig frá hinum mjög svo treggáfaða nafna sínum og fá kvikmyndafyrirtækin til að taka sig alvarlega. Fyrstu myndirnar hans voru því eintóm vonbrigði og rötuðu margar hverjar ekki einu sinni á hvíta tjaldið heldur fóru beint á myndband. Það var ekki fyrr en hann lék á móti Michael J. Fox í Doc Hollywood að hjólin fóru að snúast fyrir alvöru. Árið eftir sameinaði hann krafta sína með Wesley Snipes í körfuboltamyndinni White Man Can't Jump og framtíð Harrelson var tryggð. Það er nánast ógjörningur að spá fyrir um myndir leikarans því þær geta verið allt frá snilld niður í argasta rusl.

-fgg



**WOODY HARRELSON** Lætur ekki segja sér fyrir verkum og hefur vakið máls á náttúruvernd og meðal annars verið handtekinn fyrir mótmælaaðgerðir á því sviði.



**CACHÉ - KVIKMYND EFTIR MICHAEL HANEKE**

## > Ekki missa af...

Þessi magnaða franska mynd hefur verið eyrnamerkt besta mynd Evrópu 2005 og ekki að ósekju. Daniel Auteuil og Juliette Binochet fara á kostum í hlutverki hjóna sem komast heldur betur í hann krappann þegar fortíð eiginmannsins varpar skugga á hjónaband þeirra. Myndin sló hressilega í gegn á franskri kvikmyndahátíð í Reykjavík og er því komin í almennar sýningar.



**BAMBI** Hefur brætt hjörtu fólks á öllum aldri áratugum saman.

## Krútt snýr aftur

Dádýrskálfurinn Bambi er ein ástsælasta teiknimyndapersóna Disneys. Þetta mikla krútt kom fyrst fram á sjónarsviðið í myndinni Bambi árið 1946. Síðan þá hafa ófá bjarnshjörtun brostið og milljón tár fallið við fráfall móður Bamba sem var drepin af veiðimönnum.

Nú sextíu árum síðar mætir Bambi aftur til leiks á hvíta tjaldinu í framhaldsmyndinni Bambi II. Hér fáum við að fylgjast nánar með því hvernig Bambi vex úr grasi undir verndarvæng hins stóra og stæðilega föður síns sem er flottasti hjörturinn í skóginum og óumdeildur konungur gresjunnar.

Bambi eignast nýja vini í skóginum og lendir vitaskuld í þvottekta Disneyævintýrum þannig að fólk á öllum aldri ætti að fá eitthvað fyrir sinn snúð í myndinni enda eru þeir fáir sem ekki eiga æskuminningar tengdar kálfinum krúttlega. ■


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


# Barátta verkakonunnar Josey fyrir réttlætinu

**Það er sannkallað óskarsverðlaunakvennastóð sem skipar aðalhlutverkin í kvikmyndinni North Country sem fjallar um endalausa baráttu verkakonunnar.**

Josey Aimes er að jafna sig eftir erfiðan skilnað. Hún er einstæð tveggja barna móðir sem ákveður að snúa aftur á heimaslóðirnar í lítinn smábæ norður af Minnesota í von um að hefja þar nýtt líf. Glory vinkona hennar er ein fárra kvenna sem starfar við námugröft og eftir nokkrar fortölur ákveður Josey að fara að vinna við námuna. Þessi ákvörðun hennar mælist illa fyrir hjá foreldrum hennar og rekst á við uppeldi barnanna.

Námugröfturinn er unnin við hættulegar aðstæður og vinnutíminn er langur. Það eru þó ekki þessi atriði sem reyna hvað mest á þolrifin heldur viðmótið sem Josey mætir hjá karlkynssamstarfsfélögum sínum. Kynferðislegt áreiti er látið viðgangast en Josey ætlar ekki að láta það ganga yfir sig. Þrátt fyrir alla erfiðleika ákveður hún að safna kjarki og standa á sínum rétti og Josey er nokk sama hvort hún stendur ein eða ekki. Áður en hún veit af hefur málið undið upp á sig og Josey er lögð af stað í baráttu sem engan endi virðist ætla að taka.

Leikstjórinn Niki Caro er einn sá efnilegasti í draumaverksmiðjunni og hefur meðal annars verið útnefnd sem eitt af hundrað nöfnum sem nauðsynlegt er að þekkja í Hollywood. Fyrsta mynd hennar, Memory & Rise, vakti ekki mikla athygli erlendis og fór leikstjórinn til starfa hjá sjónvarpi þar sem hún gerði sjónvarpsþáttaröðina Mercy Peak. Ári síðar skrifaði hún handritið að Whale Rider sem byggt var á sögu Witi Ihimaera. Sagan um litlu stúlkuna Paikea heillaði heimsbyggðina upp úr skónum og var Keisha Castle-Hughes meðal annars tilnefnd til óskarsverðlauna sem besta leikkona í aðalhlutverki.

Ævi hinnar suður-afrísku leikkonu Charlize Theron hefur ekki alltaf verið dans á rósum. Þegar hún var fimmtán ára réðst faðir hennar á móðir hennar sem skaut hann. Hann lést af sárum sínum en móðir Theron var aldrei ákærð. Þegar leikkonan var átján ára keypti móðir hennar farmiða fyrir hana og hún lagði af stað í ferðalag til Los Angeles án þess að þekkja þar sálu. Þar gekk hvorki né rak en þegar hún gerði uppsteyt í banka sem neitaði að innleysa ávísun frá móður hennar fékk Theron nafnspjald hjá umboðsmanni og eftir það fóru hjólin að snúast. Í fyrstu lék hún ljóshærðar eiginkonur en myndir á borð við Cider House Rules sönnuðu að hún kunni að leika. Theron uppskar síðan laun erfiðis síns þegar hún hlaut óskarinn fyrir leik sinn í Monster. ■



**GLORY OG BILL WHITE** Aðstoða Josey við að koma baráttumálum sínum á framfæri við erfiðar aðstæður.



**JOSEY AIMES** Fer að vinna við námugröft en kemst að því að ekki er allt sem sýnist því karlarnir vaða yfir þær örfáu konur sem þar eru.

**FRUMSÝNDAR UM HELGINA**

DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM



**North Country**

| | |
|---|---|
| InternetMovieDatabase | 7.2/ 10 |
| Rottentomatoes.com | 70% / Fersk |
| Metacritic.com | 68 / 100 |



**Zathura**

| | |
|---|---|
| InternetMovieDatabase | 5.9 / 10 |
| Rottentomatoes.com | 67% / Fersk |



**Bambi II**

| | |
|---|---|
| InternetMovieDatabase | 6,4 / 10 |


www.sigrunelsa.is

Ég vil vinna . . .

. . . að enn betri Reykjavík

Ég þarf stuðning þinn í

2.-4. sæti

í opnu prófkjöri Samfylkingarinnar

11.-12. febrúar



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR


# Bræðrabylta í geimnum

Bræðurnir Danny og Walter eru sex og 10 ára og gera því mest af því að fara í taugarnar hvor á öðrum. Einhvern góðviðrisdaginn endar ærslaleikur þeirra með því að Danny finnur undarlegt borðspil í dimmum kjallara heimilisins. Hann byrjar að spila og áttar sig strax á að þetta er ekkert venjulegt spil og áður en hann veit af hefur opnast gátt í herberginu hans út í geim. Þeir bræður sogast út í tómið.

Úti í geimnum lenda þeir í ýmsum hremmingum og komast að raun um að þeir verða að leggja allar væringar á hilluna og klára spilið eigi þeir að eiga afturkvæmt. Hætturnar leynast á hverju strái en sem betur fer verða þeir á vegi geimfara, sem Dax Shepard leikur, og sá er betri en enginn þegar í harðbakkann slær.

Það vantar ekki fjörið í þessa fjölskyldumynd þar sem bræðurnir lenda í eltingarleik við sex feta vélmenni og komast í bráðan háska vegna óstöðugs þyngdarafls myrku stjörnunnar Zathura.

Þráðurinn í Zathura minnir óneitanlega á Jumanji með Robin Williams þar sem Willams setti tilveruna á hvolf með því að hefja leikinn í furðuspilinu Jumanji, fyrir utan það auðvitað að nú er spilað upp á líf og dauða úti í geimnum. Robin Williams er líka fjarri góðu gamni að þessu sinni en það koma þó þungaviktarmenn við sögu því eðalleikarinn Tim Robbins leikur föður drengjanna og brúðumeistarinn Frank Oz, sem er þekktastur fyrir að ljá ungfrú Svínku og Yoda í Star Wars rödd sína, talar fyrir vélmennið ógurlega sem hrellir þá bræður. ■



**JONAH BOBO, DAX SHEPARD OG JOSH HUTCHERSON** Bræðurnir Danny og Walter eiga sér hauk í horni þar sem geimfarinn ráðagóði er annars vegar.




# MEISTARINN

Í kvöld kl. 20:05

**Anna Pála Sverrisdóttir**
**Snorri Sigurðsson**

Snorri Sigurðsson, 24 ára gamall aðjúnkt í líffræði við Kennaraháskóla Íslands, snýr aftur og etur kappi við Önnu Pálu Sverrisdóttur laganema og fyrrverandi keppanda úr Gettu betur, en hún sat hjá í fyrstu umferð. Sá sem krýndur verður Meistarinn mun fá að launum 5 milljónir króna í beinhörðum peningum. Hver verður meistari kvöldsins?

**16 manna úrslit**

**9. febrúar**
Anna Pála Sverrisdóttir
Snorri Sigurðsson

**16. febrúar**
Jónas Örn Helgason
Haukur Harðarsson

**23. febrúar**
Sævar Helgi Bragason
Kristján Guy Burgess

**2. mars**
Björn Guðbrandur Jónsson
Steinþór H. Arnsteinsson

**9. mars**
Erlingur Sigurðsson
Ólína Þorvarðardóttir

**16. mars**
Mörður Árnason
Stefán Már Halldórsson

**23. mars**
Illugi Jökulsson
Ágúst Gíslason

**30. mars**
Inga Þóra Ingvarsdóttir
Friðbjörn Eiríkur Garðarsson

GOTT FÓLK McCANN




**Algert lostæti**

...fyrir bragðlaukana og bráðhollt. Eplamassi sem fæst hjá Aftur til náttúru er góður á vöfflur, út í grauta og ofan á speltbrauð. Nammi namm...

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN: HELGI VALUR ÁSGEIRSSON

# *Nota mikið af sveppum og aromati í mat*

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?** Ég gæti ekki án beikons verið, því það er besti matur í heimi.
**Fyrsta minningin um mat?** Ég man fyrst eftir því þegar ég var lítill og bjó úti í Svíþjóð að hafa fengið sænska Nypon-súpu.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Indverski maturinn á Austur-Indíafélaginu er rosalega góður.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Já, mér finnst aspassúpa viðbjóðsleg. Hún er svo slepjuleg og græn.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum?** Mitt heimilisráð er að nota nógu mikið af sveppum og aromati í allan mat.
**Hvað borðar þú til þess að láta þér líða vel?** Beikon, að sjálfsögðu! En líka Wasa-Sport hrökkbrauð, bara með osti.
**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** Það er alltaf til beikon.
**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?** Að beikoni undanskildu þá myndi það líklega vera fajitas.
**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Ég hef smakkað margt undarlegt, t.d. krókódíl og kengúru. En undarlegast er örugglega emúi sem ég smakkaði á ástralska veitingastaðnum Reef and Beef. Hann er mjög góður með plómusósu. Sósan skiptir miklu máli upp á bragðið.



## PUCELA:

# *Skolli góð frá Spáni*



Vínin frá Pucela þykja skolli góð fyrir peninginn en þau eru á afar hagstæðu verði, hvort sem er í flöskum eða í kössum þar sem þau ganga undir heitinu Alberto.

Vínin eru framleidd af Guitierrez-fjölskyldunni á Spáni en með nokkrum nýja heimsáhrifum enda víngerðarmaðurinn frá Suður-Afríku og heitir Wouter Pienaar og var áður ábyrgur fyrir Zonnebloem-vínunum sem margir þekkja. Castilla Y Leon-héraðið er í hjarta Spánar, á mið-hásléttu Íberíuskagans. Sunnan við höfuðborg héraðsins, Valladolid, má finna einhverjar bestu vínekrur Spánar og í smábænum Serrada hefur vínfyrirtækið Hijos de Alberto Gutierrez höfuðstöðvar sínar. Pucela Tempranillo/Cabernet Sauvignon er úr 75 prósent tempranillo og 25 prósent cabernet sauvignon-þrúgum. Þroskað og léttkryddað vín sem hefur verið geymt á amerískum eikartunnum. Ávaxtaríkur ilmur og þægilegt eftirbragð. Gott með öllu kjöti.

*Verð í Vínbúðum 890 kr.*



**SKRÆLIR KARTÖFLUR** Jón Hallur Stefánsson skrælir kartöflur og sker þær niður í litla teninga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Dýrindis vetrarsúpa

Rithöfundurinn Jón Hallur Stefánsson segist hafa gaman af því að elda en flestar uppskrifir eldi hann eftir minni. Er hann ekki mikið fyrir að fara eftir uppskriftum, rétt eins og svo margir aðrir matgæðingar.

Jón Hallur ákvað að deila með lesendum Fréttablaðsins uppskrift að dýrindis kartöflu- og sellerísúpu sem hann eldar af og til. Uppskriftin að súpunni er eins og Jón Hallur man hana, enda segir hann mikilvægt að elda eftir tilfinningunni þegar kemur að matreiðslu gómsætra rétta.

**KARTÖFLU- OG SELLERÍSÚPA:**
**Ólífuolía**
**1-2 laukar**
**1/2 hvítlaukur**
**1 kíló kartöflur**
**1/2 kíló sellerí**
**1 bréf af baconi**
**1 bolli söxuð steinselja**
**1/2 dós sýrður rjómi**
**salt**
**brodd-kúmín**
**cajan pipar**
**vatn**

Vatn er hitað í potti og kryddið sett með. Laukurinn er saxaður og steiktur í olíu þangað til hann er orðinn glær. Þá er hann settur út í vatnið og hvítlaukurinn þá saxaður niður og steiktur þangað til hann lyktar vel. Eftir það er hann settur líka út í. Kartöflurnar eru skrældar og skornar niður í litla ferninga. Selleríið er jafnframt þvegið og skorið niður í litla bita. Eftir það eru kartöflurnar og selleríið sett í pottinn og síðan er allt látið sjóða í 45 til 60 mínútur.

Eftir að búið er að sjóða í dálítinn tíma en þó þannig að enn sé hægt að greina formin á kartöflunum er rjóminn settur út í og steinseljan á eftir honum. Þegar súpan er orðin tilbúin er stökku beikoni dreift yfir hana sem kurli. Einnig má strá steinseljunni yfir eftir á ef menn vilja.

-fb





SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

**HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?**

VIÐ ÓSKUM EFTIR TILNEFNINGUM FYRIR SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS SEM VERÐA VEITT Í FYRSTA SKIPTI 23. FEBRÚAR.

Verðlaunin eru til heiðurs þeim sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll. Lesendur eru beðnir að senda inn tilnefningar á **visir.is/samfelagsverdlaun** fyrir 16. febrúar.

**FORDÓMAR**

**Til atlögu gegn fordómum**
Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að brjóta á bak aftur fordóma í samfélaginu.


## GAMBERO ROSSO: *Ítalska vínbiblían komin út*

Biblía áhugamanna um ítölsk vín er bókin Vini d‘Italia frá Gambero Rosso sem er útgáfa tengd Slow Food-samtökunum. Nýverið kom út bókin fyrir árið 2006 þar sem fjallað er um öll helstu vín Ítalíu. Birtur er listi yfir þau vín sem hljóta „Tre bicchiere“ eða þrjú vínglös í einkunn hjá bókinni fyrir árið 2006. Eins og venjulega er listinn langur og lengist enn og eru nú 246 vín á listanum sem fá þrjú vínglös en það er hæsta einkunn sem bókin gefur. Það svæði á Ítalíu sem oftast fær „Tre bicchiere“ er Piedmonte með 56 vín og næst á eftir kemur Toscana með 42 vín, síðan Friuli með 26 vín og Veneto með 21 vín, önnur svæði minna. Vínsvæðin á Ítalíu eru samtals 20 og eru 17 af þeim með vín sem fá þrjú vínglös en þau svæði sem fengu ekki náð hjá Gambero Rosso eru Molise, Kalabría og Basilikata.

Slow Food-samtökin eru kunn meðal margra sælkera, en samtökin voru stofnuð árið 1986 á Ítalíu, er valinkunnum matmönnum þar í landi fór að ofbjóða innreið skyndibitamenningarinnar til landsins. Meginmarkmið Slow Food er að stuðla að og vernda bragðgæði og matarmenningu, hvar og hvernig sem þau birtast. Slow Food hefur að markmiði að miðla þekkingu og auka ánægju fólks af neyslu vandaðra matvæla, sporna gegn skyndibitamenningu sem ráðandi afls í matvælaframleiðslu. Í gegnum verkefni sem Slow Food kallar „Ark of Taste“ hafa samtökin beitt sér opinberlega og í gegnum grasrótina gegn útrýmingu ýmissa matvæla, dýrastofna, osta, skinku, villtra jurta og kryddtegunda, korns, ávaxta og svo má lengi telja, með það að markmiði að bæta bragðlauka almennings. Slow Food stendur auk þess fyrir ýmsum uppákomum víðs vegar um heim, formlegum og óformlegum, til þess að efla matarmenningu. ■



# VESEVO: *Vín mánaðarins og bestu kaupin*



Vesevo Sannio Falanghina 2004 hefur verið valið vín mánaðarins í nýjasta tölublaði Gestgjafans sem var að koma út. Að auki er í blaðinu sagt að vínið sé bestu kaupin, en afar sjaldgæft er að sama vínið sé valið bæði vín mánaðarins og bestu kaupin. Vínið kemur frá vínframleiðandanum Vesevo í Kampaníuhéraðinu á Suður-Ítalíu. Kampanía er þekkt fyrir matargerð, sérstaklega pitsurnar frá höfuðborginni Napólí, og hefur sótt í sig veðrið í víngerðinni undanfarið eins og mörg héruð suðursins.

Vesevo-víngerðin var stofnuð fyrir nokkrum árum og er Mario Ercolino víngerðarmaður fyrirtækisins, en hann var áður einn af eigendum Feudi di San Gregorio.

Vesevo Sanni Falanghina er gert úr falanghina-þrúgunni, en vín úr þessari þrúgu hafa aðallega verið gerð í Kampaníu. Þrúgan þekkist þó víðar, en talið er að uppruna hennar megi rekja til Grikklands og að Rómverjar hafi komið með hana til Ítalíu á sínum tíma.

Þorri Hringsson skrifar mjög vel um vínið í Gestgjafanum og segir meðal annars: „Það hefur ljósgylltan lit og unaðslega angan af peru, perubrjóstsykri, þroskuðum eplum, steinefnum, melónu, sítrusávöxtum og niðursoðnum aprikósum.

Það er nokkuð bragðmikið, þurrt og sýru- og ávaxtaríkt með góða lengd og frísklegan keim. Mjög góð kaup."

Einnig fæst í vínbúðum rauðvínið Vesevo Beneventano Aglianico. Rétt eins og falanghina er algianico-þrúgan útbreidd á Suður-Ítalíu og hafa menn náð framúrskarandi árangri með hana þar. Vínið er dökkrúbínrautt, með góða fyllingu. Þurrt, milt og tannínskt með dökkkrydduðum ávexti og hratkenndum.

*Fæst í Heiðrúnu og Kringlunni og kostar flaskan 1.190 kr.*

## VEITINGASTAÐURINN

**KRUA THAI**
TRYGGVAGÖTU 14, SÍMI 561 0039



# *Heiðarlegur og hressandi*

**Hvernig er stemningin?** Krua Thai er einn af þessum heiðarlegu taílensku stöðum sem eru einfaldir og ófínir en skreyttir með ýmiss konar „kitsch" plastdóti sem er hressandi og tilgerðarlaust. Andrúmsloftið er sumsé látlaust en „kósí". Það er alltaf ys og þys á þessum vinsæla veitingastað. Fólk snæðir ýmist inni á staðnum, en þar er ágætis pláss og nóg af borðum, eða tekur mat með sér heim og það er ævinlega löng röð fyrir framan kassann af fólki sem er að panta eða sækja mat. Dásamleg lykt af taílenskum kryddjurtum fyllir vitin.

**Matseðillinn:** Veitingastaðurinn býður upp á ósvikinn taílenskan mat og notast við frábært hráefni og ferskar kryddjurtir. Óhætt er að segja að maturinn á þessum yfirlætislausa stað jafnist við taílenskan mat í fínum taílenskum veitingahúsum úti í heimi. Ótrúlega langur og fjölbreyttur matseðill býður upp á bæði klassíska taílenska rétti og þá sem eru meira framandi. Forréttir eru allt frá stökkum og ferskum vorrúllum, ilmandi fiskikökum og bragðmiklum súpum upp í rótsterk taílensk salöt. Karríréttir eins og Masaman, rautt og grænt karrí eru ávallt á boðstólum ásamt miklu úrvali kjöt-, kjúklinga- og fiskrétta. Einnig er hægt að fá ýmsa núðlurétti eins og hinn klassíska Pad Thai sem er afbragðsgóður með jarðhnetum, grænmeti, kjúklingi og eggjum.

**Vinsælast:** Masaman-karrí hefur alltaf farið vel í bragðlauka Íslendinga enda er það frekar sætt en of bragðsterkt. Krua Thai er með ljúffenga útgáfu sem er með sterkum keim af jarðhnetum, og stútfullt af fersku grænmeti, kartöflum og kjöti að eigin vali. Laab-salatið er að aukast að vinsældum en þetta er logandi sterkt kjöthakk – annað hvort kjúklinga eða svína – með ferskum kryddjurtum borið fram á fersku salatbeði. Vorrúllur og Pad Thai-núðlur eru líka mjög vinsælir réttir enda kannski þeir sem Íslendingar þekkja best. En matseðillinn er svo fjölbreyttur að það er um að gera að prufa sem flesta og framandi rétti.





Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Segir myndin í símanum þínum eitthvað um þig?

**Það er enginn maður með mönnum nema að eiga GSM-síma með myndavél. Nú er hægt að fanga dýrmæt augnablik sem annars myndu hverfa og aðeins lifa í minningunni. Í daglegu amstri veistu aldrei hverju þú getur átt von á. Þú getur hitt átrúnaðargoðið þitt, orðið vitni að fæðingu og dauða, séð eitthvað ómótstæðilega fallegt eða leyft listrænum hæfileikum að njóta sín.**



**NÝFÆDD DÓTTIR ÚTVARPSMAÐURINN DODDI LITLI:** „Myndin sem ég nota hvað mest er af nýfæddri dóttur minni. Hún var tekin þegar hún var klukkutímagömul," segir útvarpsmaðurinn Doddi litli um GSM-myndina af dóttur sinni, Hildi Evu Þórðardóttur, sem verður fjögurra mánaða á sunnudaginn.





**ISTANBÚL, SOFFÍUKIRKJAN, 5. NÓVEMBER 2005 KLUKKAN 10.15. PÁLL STEFÁNSSON, LJÓSMYNDARI:** „Ég reyni alltaf á ferðum mínum í útlöndum að smella einni mynd með símanum og nota svo sem skjámynd þangað til næsta ferð er farin. Svona til að minna mig á hvar ég var, hvert ég fór. Gulu leigubílarnir eru alls staðar í Istanbúl, eins konar tákn fyrir borgina, svipað og þeir svörtu í London. Í baksýn er Soffíukirkjan, sem hefur verið stærsta guðshús í heimi í meira en fimmtán aldir. Istanbúl er fjölmennasta borg Evrópu. Frábær staður þar sem hinn íslamski og kristni heimur mætast."





**ÞORKELL BJÖRNSSON Í SJÓNMÆLINGU. EIDÍS ANNA BJÖRNSDÓTTIR, HÖNNUÐUR:** „Þessa mynd tók ég af besta elsta bróður mínum, Þorkeli Björnssyni, sem er sérstaklega myndarlegur þegar hann var sjónmældur fyrir um það bil tveimur árum. Ég tók myndina á gamla símann minn og lét færa hana yfir í nýja símann því ég vildi alls ekki glata henni. Þegar bróðir minn hringir í mig kemur þessi mynd á skjáinn hjá mér. Þess má geta að eftir sjónmælingu var hann skikkaður til að kaupa sér gleraugu sem hann gengur aldrei með."



**MATT SORUM TROMMARI FROSTI LOGASON, ÚTVARPSMAÐUR OG MÍNUS-MEÐLIMUR:** „Þessari mynd náði ég af Matt Sorum, trommara Cult, Guns N' Roses og Velvet Revolver í Osló, að fíra upp í vindli."







**JÓN TRYGGVI UNNARSSON OG KRISTJÁN BRYNJAR BJARNASON:** „Myndina tók Dagný, vinkona okkar, þegar við vorum að skreyta jólatréð. Mér þykir ótrúlega vænt um þessa mynd og þegar ég lít á hana kemst ég í hátíðarskap," segir Kristján Brynjar sem er smiður hjá Feðgum í Hafnarfirði en Jón Tryggvi er kranamaður hjá sama fyrirtæki. Þeir félagar leigðu saman á Laugaveginum á síðasta ári.



**FIENNES** Leikarinn Ralph Fiennes hefur m.a. leikið í myndinni Schindler's List.

## Fiennes skilur við Annis

Leikarinn Ralph Fiennes og kærasta hans til ellefu ára, leikkonan Francesca Annis, eru skilin. Fiennes, sem er 43 ára, hitti hina 61 árs Annis þegar þau léku saman í Shakespeare-leikritinu Hamlet í London. Fór Fiennes með hlutverk Danaprinsins en Annis lék móður hans Geirþrúði.

Fiennes og Annis skildu eftir að fréttir af framhjáhaldi Fiennes með rúmenskri konu birtust í blöðunum. Hefur Annis lagt fram kæru gegn dagblaðinu The Daily Mail fyrir að hafa sagt að hún hafi fyrirgefið Fiennes framhjáhaldið.





REYKJAVIK HOTELS

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

Grand rómantík

Valentínusar- og konudagstilboð



*Á föstudags- og laugardagskvöldum*
*10. febrúar – 4. mars*

Alls kr 17.900 - *fyrir parið*

Bókið á www.reykjavikhotels.is
eða bokun@grand.is eða í s. 514-8000

**Gisting**
Gisting fyrir tvo á herbergi með king size rúmi eina nótt ásamt morgunverði

**Matseðill**
Kjúklingaseyði með ballontine-sneiðum og ostakexi
Ofnbakaður byggsaltfiskur með shallotulaukscomfit og basilfroðu
Jarðaberja & vodkasorbet
Nautalund Wellington með bordolaise rauðvínsgljáa
Tiramízukaka með rósmarínsírópi

**Rauðvínsflaska**
Frá Chile – Torreon de Paredes
Reserva merlot

**Kaffi og koníak / líkjör**
Kaffi og Otard koníak eða Mozart líkjör




Atvinna í boði
Nemi óskast á hárgreiðslustofu. Uppl. í síma 554 1457.
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá
PANTAÐU Í SÍMA 550 5000 EÐA Á VISIR.IS




★★★★ VELJIÐ HÉR AÐ NEÐAN KVIKMYNDAHÚS OG SÝNINGARTÍMA SEM YKKUR HENTAR ★★★★

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| WALK THE LINE | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| FUN WITH DICK AND JANE | kl. 3.45, 5.50, 8 og 10.10 |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| THE FOG | kl. 8 B.I. 16 ÁRA |
| CHEAPER BY TE DOZEN 2 | kl. 4 og 6 |
| HOSTEL | kl. 10.10 B.I. 16 ÁRA |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| WALK THE LINE | kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA |
| MEMOIRS OF GEISHA | kl. 6 og 9 |
| LITTLE TRIP TO HEAVEN | kl. 6 og 10.10 B.I. 14 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| WALK THE LINE | kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 12 ÁRA |
| FUN WITH DICK AND JANE | kl. 8 og 10 |
| MEMOIRS OF GEISHA | kl. 5.20 |

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI



Söngkonan Sheryl Crow og hjólareiðakappinn Lance Armstrong eru hætt saman eftir tveggja ára samveru. Parið trúlofaði sig í september og ætlaði að gifta sig seinna á þessu ári. Þau sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem kom fram að það hefði verið sameiginleg ákvörðun að slíta sambandinu og báðu þau um að fá að vera í friði á þessum erfiðu tímum.



Liam Gallagher, söngvari Oasis, er að gera nágrönnum sínum lífið leitt þessa dagana með nýja hlaupabrettinu sínu. Hávaðinn sem brettinu fylgir er víst svo mikill að ekki er búandi í húsinu. Nágranninn sem býr fyrir neðan rokkarann segist hafa talað við hann en það hafi ekki borið neinn árangur og hleypur hann marga klukkutíma á viku. „Þegar hann flutti inn bjóst ég við því að hann gæti verið með læti þegar hann spilaði á gítarinn. Ég bjóst aldrei við því að þurfa að hlusta á hann koma sér í form á hlaupabretti,“ sagði nágranninn pirraði.



Fyrirsætan Kate Moss hefur hlotið titilinn best klædda konan af tímaritinu Glamour. Sienna Miller lenti í öðru sæti, Victoria Beckham í þriðja og Nicole Richie í því fjórða. Ekki er eins eftirsótt að lenda ofarlega á listanum yfir verst klæddu konurnar en þar vermir Jodie Marsh fyrsta sætið. Á eftir henni lentu Jordan, Paris Hilton og Britney Spears.

Hljómsveitin Sugababes spilar í fyrsta sinn á tónleikum á Bretlandi eftir mannabreytingar þann 5. mars. Mutya Buena hætti í hljómsveitinni í desember en í stað hennar kom Amelle Berrabah. Ný smáskífa Sugababes, Red Dress, kemur út 6. mars.








# Hvað er þetta?

## TÓNLIST

UMFJÖLLUN



**COLLEEN**

THE GOLDEN MORNING BREAKS

**Niðurstaða:** Colleen skapar sína eigin ævintýraveröld á milli svefns og vöku. Ótrúlega falleg plata þar sem naumhyggjan og fallegar tilviljunnarkenndar melódíur eru í fyrirrúmi.

Fjölmiðlar og plötubúðir neyðast til þess að flokka tónlist niður hólf í von um að það auðveldi aðgang fjöldans að henni. Á Íslandi er allt flokkað niður í popp, rokk eða dægurtónlist fyrir miðaldra fólk. Enginn hefur hugmynd um hvaða stöð væri best að stilla á ef upp kemur þorsti í nýja elektróník, framúrstefnulegt hiphop eða kántrí. Platan sem nú verður fjallað um, The Golden Morning Breaks með hinni frönsku Colleen, er t.d. flokkuð sem elektróník hjá iTunes þrátt fyrir að ekkert hljóðfæri á plötunni sé rafmagnað og ekki einn raftakt að finna. Allmusic.com flokkar hana undir rokk, þrátt fyrir að það sé ekkert bjagað hér og enginn taktur. Það væri mun nærri lagi að flokka þessa plötu undir nýaldartónlist, ef þið heimtið skilgreiningar, því Colleen spilar á hörpur, klukkuspil, gítar, orgel, harmonikkur, flautur og bjöllur svo fátt eitt sé nefnt. Það er vissulega búið að vinna eitthvað í þessu í tölvu eftirá, búið að snúa hljóðum við eða keyra þau í gegnum delay, en aldrei þannig að það heyrist ekki hvað sé verið að leika á. Tónlistin er á köflum svo framúrstefnuleg að hún virkar sem olía á vélina sem knýr sköpunarkraftinn. Þetta er ósungin tónlist, mjög sveimandi og full af rými.

Þetta minnir stundum á múm, ef þau myndu allt í einu ákveða að gera plötu án takta og söngs. Þetta er líka svipað óáþreifanlegt og tilraunir Bjarkar Guðmundsdóttur á síðustu útgáfu sinni Drawing Restraint 9.

Það var varla hægt að tala um lögin á plötunni í þeim skilningi sem við þekkjum. Þau innihalda flest stef, en maður fær það á tilfinninguna að það hafi oftast verið tilviljun sem raðaði þeim saman, að upptakan sjálf hafi að mikluleyti verið spuni. Samt er þetta fáránlega heillandi í einfaldri naumhyggju sinni.

Platan er vel þess virði að hlusta á en ekki spyrja mig undir hvað hún er flokkuð í næstu plötubúð? Ég bara hef ekki hugmynd um það.

**Birgir Örn Steinarsson**


GÖMLU TRYGGINGAFÉLÖGIN ERU MEÐ HEILSÁRS BINDITÍMA.
ELÍSABETU FINNST ÞAÐ VERA ROSALEGA 2005.

BETRI KJÖR Á BÍLATRYGGINGUM OG BÍLALÁNUM

elísabet

elisabet.is

Vátryggjandi er Tryggingamiðstöðin hf.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • 4067





# Líkamsrækt Liams pirrar nágrannana



Liam Gallagher, annar forsprakki bresku hljómsveitarinnar Oasis, virðist ekki góður granni. Stöðug líkamsrækt hans og hlaup á hlaupabretti fara í taugarnar á nágrönnunum. Sumir þeirra hafa kvartað til yfirvalda í Camden vegna málsins. Einn þeirra býr á hæðinni fyrir neðan Liam í Primrose Hill og segir að þegar hann taki sig til og skokki hrynji niður hjá honum ljósakrónurnar. Að hans sögn hefur líf nágrannanna ekki verið auðvelt síðan Liam flutti í húsið.

„Það heyrist allt á milli. Við heyrum stöðug óhljóð af hlaupabrettinu. Ég hef reynt að tala við hann en ekkert virðist ganga. Ekki hélt ég að við þyrftum að hafa áhyggjur af svona löguðu þegar rokkari flutti í húsið,“ segir nágranninn í samtali við The Sun.

# Marvin Gaye mynd



Til stendur að gera kvikmynd um síðustu æviár sálarsöngvarans Marvins Gaye sem myrtur var árið 1984. Þetta kemur fram í tímaritinu Hollywood Reporter. Leikarinn Jesse L. Martin, sem er áhorfendum kunnur úr þáttunum Law and Order, mun leika söngvarann. Fylgir þessi mynd í kjölfar afar vinsælla ævisögulegra mynda um Ray Charles og Johnny Cash. Myndin verður af sjálfstæðum framleiðendum og kvikmyndu í Ungverjalandi og Þýskalandi, að sögn Hollywood Reporter.

Marvin Gaye, sem endurheimti fyrri frægð með plötunni Midnight Love og innihélt einn þekktasta smell hans, Sexual Healing, var skotinn til bana fyrir 45. afmælisdaginn sinn í miðri biðröð ásamt föður sínum, Marvin eldri.









## Ómar Hákonarson í Fjölni

Ómar Hákonarson hefur tekið þá ákvörðun að spila með Fjölni í 1. deildinni á komandi sumri. Ómar yfirgaf Fram eftir síðasta sumar og um tíma leit út fyrir að hann myndi leggja skóna á hilluna. Svo fór þó ekki og verður hann hvalreki á fjörur Grafarvogsliðsins sem ætlar sér stóra hluti í 1. deildinni í ár.

**sport**

sport@frettabladid.is

GAMLA KEMPAN ÞORMÓÐUR EGILSSON: SLÆR Í GEGN Á ÆFINGUM HJÁ STJÖRNUNNI:

# *Massaður og lítur mjög vel út*

Gamla kempan Þormóður Egilsson verður 37 ára gamall í sumar og mun halda upp á það í Garðabænum þar sem hann mun spila með Stjörnunni. Þormóður, eða Móði, eins og hann er yfirleitt kallaður, er byrjaður að æfa á ný eftir að hafa lagt skóna á hilluna eftir farsælan feril hjá KR þar sem hann varð margfaldur Íslandsmeistari.

Jörundur Áki Sveinsson þjálfari Stjörnunnar er virkilega ánægður með nýjasta liðsmanninn; „Já hann hefur verið mjög fínn á æfingum enda er kappinn í toppformi bæði líkamlega og tæknilega. Móði er æfingasjúkur, hann er kannski svolítið þungur sem er eðlilegt fyrir kall á hans aldri en hann er vel massaður og lítur mjög vel út,“ sagði Jörundur um Þormóð sem vinnur sem lögreglumaður og gegnir því miklum aga.



„Hann er einbeittur og æfir alveg eins og skepna og stefnir að því að spila með okkur í sumar. Ég tel að hann muni gegna lykilhlutverki hjá liðinu enda er hann leikmaður með gífurlega reynslu og mikla leiðtogahæfileika,“ sagði Jörundur en Stjarnan mun leika í 1. deild í sumar eftir að hún komst upp úr 2. deildinni á síðasta ári.

Jörundur segir að stefnan sé að styrkja liðið enn meira og sé líklegt að erlendir leikmenn gangi til liðs við félagið á næstu misserum en fyrr vill hann ekki segja til um markmið komandi sumars. „Við munum setjast niður og setja okkur markmið þegar hópurinn okkar er endanlega tilbúinn og sjá hvernig landið liggur. Ég er enn að hugsa um að bæta við leikmönnum en það er erfitt að fá leikmenn hér innanlands. Við erum því að skoða okkur um í Evrópu í þeim efnum en við erum með tengiliði í Noregi, Danmörku, Belgíu og Serbíu. Ég er með tvo Serba í liðinu og annar þeirra er úti núna að skoða ákveðin mál fyrir okkur og það er því eitthvað í gangi og loku alls ekki fyrir það skotið að fleiri leikmenn komi fyrir sumarið,“ sagði Jörundur Áki að lokum.

## > Ólafur Stígsson fyrirliði

Leifur Garðarsson, þjálfari Fylkis, hefur gert Ólaf Stígsson að fyrirliða. Valur Fannar Gíslason hélt á braut í raðir Valsmanna og hefur Ólafur því tekið við af honum. Ólafur lék lítið síðasta sumar þar sem hann var að ná sér eftir erfið meiðsli og má búast við að nýr leikmaður sé kominn í Árbæinn. Hinn þrítugi Ólafur býr yfir miklum leiðtogahæfileikum. Hann kom til Fylkis árið 2003 eftir dvöl hjá Molde í Noregi.





**JÓHANNES KARL GUÐJÓNSSON** Ætlar að ljúka tímabilinu hjá Leicester með stæl. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Jóhannes Karl Guðjónsson:

## Kveður með stæl

**FÓTBOLTI** Jóhannes Karl Guðjónsson er staðráðinn í því að kveðja Leicester með stæl, en hann yfirgefur félagið í sumar og heldur til Hollands þar sem hann mun spila við hlið Grétars Rafns Steinssonar hjá AZ Alkmaar. Jóhannes hefur verið í tvö ár hjá Leicester og sagði við enska fjölmiðla í gær að hann myndi gera allt sem í sínu valdi stæði til að halda félaginu í deildinni.

„Ég hef virkilega notið þess að vera hér hjá Leicester og mun leggja mig allan fram í þeim fjórtán leikjum sem eftir eru til að halda liðinu uppi í 1. deildinni,“ sagði Jóhannes Karl, en liðinu hefur gengið afleitlega á tímabilinu og rak Craig Levein í síðustu viku.

„Við vitum að Joey mun fara frá liðinu í lok tímabilsins en þangað til er hann leikmaður Leicester og ég veit að hann er hundrað prósent ákveðinn í því að klára tímabilið með liðinu,“ segir Rob Kelly, sem hefur tekið tímabundið við liðinu. **- hþh**

# Besta liðið vinnur ekki alltaf

**Carlos Alberto Perreira, þjálfari brasilíska landsliðsins í knattspyrnu, er sannfærður um að hann hafi yfir að ráða besta mannskap sem völ er á. Hann bendir hins vegar á að það hafi ekki alltaf dugað til sigurs í stórmótum og segir nauðsynlegt að lærisveinar sínir aðlagist breyttum áherslum landsliðsins.**

**FÓTBOLTI** Ronaldinho, Ronaldo, Kaka, Robinho og Adriano – þetta eru allt stórkostlegir leikmenn sem myndu líklega eiga fast sæti í byrjunarliði hvaða landsliðs sem er og leika þar sama hlutverk og þeir gera í félagsliðum sínum. Þar spila þeir allir framarlega á vellinum, nánast í frjálsri stöðu sem krefst ekki mikillar varnarskyldu. Þetta eru leikmenn sem samherjar þeirra gefa á í erfiðum leikjum og gera sér góðar vonir um að þeir vinni þá upp á eigin spýtur. Það er því engin furða að menn spyrji sig: Hvernig getur lið með fimm slíka leikmenn farið að því að vinna ekki heimsmeistarakeppnina?

Carlos Alberto Perreira, þjálfari brasilíska liðsins, er hóflega sigurviss fyrir HM og bendir á að þessir leikmenn þurfa að spila öðruvísi á HM en þeir eru vanir. Hann hafi komið þeim skilaboðum áleiðis til fimmmenninganna að ef þeir ætli að verða heimsmeistarar þá þurfi þeir að aðlagast nýjum leikstíl sem fylgir mikilvæg varnarskylda.

„Landslið Brasilíu er og verður alltaf sóknarlið. En þegar við erum ekki með boltann verðum við að verjast og vinna hver fyrir annan. Þar eru sóknarmenn engin undantekning,“ segir Perreira, sem áður hefur gefið það út að hann muni spilar leikkerfi í ætt við 4-2-4, þar sem þeir fjórir fremstu muni nánast hafa algjörlega frjálsar hendur þegar kemur að sóknarleiknum. Nákvæmlega hverja fjóra af þessum fimm stórkostlegu leikmönnum yrði réttast að velja í byrjunarliðið er „þægilegur“ höfuðverkur sem bíður Perreira þegar nær dregur móti, en þjálfarinn segir það ljóst að þeir þurfi að aðlagast breyttum áherslum hjá landsliðinu, öðrum en þeir þurfa að beygja sig undir með félagsliðunum.

„Brasilía hefur alltaf verið með langbesta liðið á pappírunum. Alltaf,“ segir Perreira óhræddur. „En þrátt fyrir það urðum við ekki heimsmeistarar í 24 ár. Það sýnir að afgerandi geta og hæfileikar er ekki bein ávísun á velgengni,“ segir þjálfarinn.

Úr orðum Perreira má lesa hina gömlu klisju: Það eru aðeins Brasilíumenn sjálfir sem geta komið í veg fyrir að þeir verði heimsmeistarar. Í þetta skiptið á klisjan fullan rétt á sér. „Við erum með besta liðið á pappírnum, ég held að enginn efist um það. En við verðum ekki heimsmeistarar á því. Eina leiðin til að vinna mótið er að leika með höfðinu. Ef allir leikmenn leggja sig alla fram þá verðum við heimsmeistarar. Ég er ekki í vafa um það,“ segir Perreira.







**HINIR FIMM FRÆKNU** Ronaldinho, Ronaldo, Kaka, Robinho og Adriano. Einn af þessum leikmönnum mun ekki komast í byrjunarlið brasilíska landsliðsins á HM. Það er til marks um hversu gríðarlega sterkt liðið er og vilja margir meina að brasilískt landslið hafi aldrei áður haft yfir öðrum eins mannskap að ráða. NORDICPHOTOS/AFP

vignir@frettabladid.is

Þýski ökuþórinn Michael Schumacher græðir á tá og fingri:

## Skráður atvinnulaus í Sviss

**FORMÚLA 1** Michael Schumacher, ökumaður Ferrari og fyrrverandi heimsmeistari í Formúlu-1, er skráður atvinnulaus í Sviss þar sem hann á heima. Ástæðan er sú að kappakstur er bannaður með lögum í Sviss og er þar af leiðandi hvorki viðurkenndur sem íþrótt né starfsgrein í landinu. Schumacher þurfti að skrá sig í þjóðskrána í Sviss og skráði ekkert vinnuheiti og er því skráður atvinnulaus.

Schumacher er einn ríkasti og hæstlaunaði íþróttamaður heimsins í dag og þénar í kringum tíu milljónir króna á dag. Að vera skráður atvinnulaus er af hinu góða fyrir Schumacher því hann græðir margar milljónir árlega á því að greiða ekki skatta af þeim milljörðum sem hann þénar en þess í stað borgar hann skatta af þeim 300.000 dollurum sem atvinnuleysingjar fá í bætur.

Talið er að árslaun Schumachers séu um 50 milljónir dollara á ári og sparar hann sér því dágóða summu með því að borga ekki skatta af þeirri ótrúlegu upphæð. **- hþh**

Brynjar Björn Gunnarsson leikmaður Reading:

## Skotnir niður á jörðina

**FÓTBOLTI** Brynjar Björn Gunnarsson, leikmaður Reading á Englandi, var ekki sáttur við 2-1 tapið gegn Birmingham í ensku bikarkeppninni á þriðjudagskvöldið og segir ósanngjarnt að liðið skyldi tapa.

Úrvalsdeildarliðið skoraði á lokamínútunum og tryggði sér þar með sigurinn. Reading hefur verið á fljúgandi siglingu að undanförnu og er í lykilstöðu á toppi 1. deildarinnar með tíu stiga forskot á næsta lið.

„Það er aldrei góð tilfinning að tapa og við vorum nánast búnir að gleyma henni, en kannski var ágætt að skjóta okkur aðeins niður á jörðina eftir gott gengi að undanförnu,“ sagði Brynjar Björn við Fréttablaðið í gær og bætti við að sér þætti tapið ósanngjarnt.

„Birmingham-liðið var ekkert sérstakt í leiknum en á endanum er bara svekkjandi að tapa eins og það er alltaf. Við kyngjum þessu og einbeitum okkur að því að klára verkefnið okkar í deildinni, að tryggja okkur fyrsta sætið,“ sagði Brynjar sem telur sætið vera í augsýn.

„Við erum með gott forskot og ef við förum að klúðra þessu væri það skelfilegt af okkar hálfu og í raun þarf kraftaverk til. Ég sé okkur ekki missa þetta niður eins og staðan er í dag,“ sagði Brynjar sem er ánægður með tímabilið en hann hefur verið inni og út úr Reading-liðinu.

„Ég er mjög ánægður með þá leiki sem ég hef spilað á tímabilinu en vissulega er leiðinlegt að sitja á bekknum. Það er þó óþarfi að kvarta þegar liðinu gengur jafn vel og raun ber vitni. Ég vil spila alla leiki eins og aðrir en þetta er bara hluti af atvinnumennskunni.“



**BRYNJAR BJÖRN GUNNARSSON** Á hér í baráttu við Kanu hjá WBA í leik liðanna í bikarnum fyrr í vetur.


## Þjálfaranámskeið ÍSÍ

**Almennur hluti 1a**

**www.isisport.is**

Þjálfaranámskeið ÍSÍ

Helgina 17. - 19. febrúar verður **Þjálfari 1a – almennur hluti** haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Lágmarksaldur þátttakenda er 16 ár Námskeiðið er undanfari annara námskeiða sem síðar verður boðið uppá og þannig fyrsta námskeiðið í samræmdu kerfi íþróttahreyfingarinnar.

Námskeiðið er 20 kennslustundir, að meginhluta bóklegt, og er ætlað leiðbeinendum barna í íþróttum.

Nemandi sem lýkur þessu námskeiði ásamt því að ljúka sérgreinahluta þjálfarastigs 1a hlýtur réttindi sem aðstoðarmaður eða leiðbeinandi hjá íþróttaskóla eða yngstu flokkum.

Verð á námskeiðið er **kr. 12.000,-** Skráningar þurfa að berast á netfangið **namskeid@isisport.is** eða í síma **514-4000** í síðasta lagi miðvikudaginn 15. febrúar.

Frekari upplýsingar má finna á **www.isisport.is**

*Þeir sem hafa lokið Grunnstigi ÍSÍ eru gjaldgengir á Almennan hluta 1b. Þjálfaramenntun íþróttahreyfingarinnar fæst metin til eininga í framhaldsskólum samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.*




FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá
PANTAÐU Í SÍMA 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

# Næsti þjálfari mun taka við mjög góðu búi

**Nú er orðið ljóst að Viggó Sigurðsson mun ekki halda áfram sem þjálfari íslenska landsliðsins í handbolta. Hann kveðst vera búinn að fá nóg af óvægnum árásum fjölmiðla á sig á síðasta ári og telur það fyrir neðan sína virðingu að þurfa að fara í biðröð eftir atvinnuviðtali hjá HSÍ. Viggó ætlar að taka sér frí frá handbolta – í bili að minnsta kosti.**



**SÍÐASTA STÓRMÓTIÐ** Viggó Sigurðsson var líflegur á hliðarlínunni á Evrópumótinu í Sviss, fagnaði mörkum sinna manna og lét dómarana heyra það þess á milli eins og honum einum er lagið. Á meðan á þessu stóð vissi hann þó alltaf að hann myndi líklega ekki halda áfram með liðið, enda fyrir nokkru búinn að segja upp samning sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ekkert getur komið í veg fyrir að Viggó Sigurðsson, þjálfari íslenska landsliðsins frá 7. október 2004, muni láta af störfum þann 1. apríl nk. Fjórða febrúar sl. má segja að Viggó hafi varpað sprengju inn í íslenskt íþróttalíf þegar hann lýsti því í viðtali við Morgunblaðið hve óviðunandi vinnuaðstæður hans væru og að launakjör hans og starfsöryggi gætu á engan veg talist eðlileg. Viggó nýtti sér þriggja mánaða uppsagnarfrest sinn í nóvember sl. og sagði upp. Hann útilokaði þó aldrei að skrifa undir nýjan samning, en krafðist þess að sá fæli í sér betri kjör og meira starfsöryggi en hinn fyrri.

Hins vegar var fréttin, sem barst Viggó í gegnum fjölmiðla í fyrradag, um að HSÍ ætlaði að ræða við fjóra einstaklinga um að þjálfa íslenska landslið, kornið sem fyllti mælinn. Engu skipti þótt Viggó væri einn af þessum fjórmenningunum ¿ þess þá heldur hefði sú staðreynd orðið til þess að sannfæra hann endanlega um að stuðningurinn frá HSÍ væri ekki viðunandi.

„Að ég skuli þurfa að fara í biðröð eftir atvinnuviðtali hjá HSÍ eftir það sem er á undan gengið er hlægilegt. Árangurinn talar sínu máli og ég sem keppnismaður sætti mig einfaldlega ekki við að þurfa að fara í röð.“

### Árangurinn skipti engu máli

Viggó segir að nokkuð sé liðið frá því að honum hafi verið ljóst að ekki væri nægilegt traust borið til hans innan veggja HSÍ. „Eftir ár í starfi átti ég fund með formanni HSÍ þar sem hann tjáði mér að það væru skiptar skoðanir innan stjórnarinnar um mín störf. Ég vildi eðlilega fá skýringar á því þar sem árangurinn var mjög góður. Liðið var taplaust frá því í mars og við vorum á leiðinni að setja nýtt met. En þetta hafði formaðurinn ekki hugmynd um.“

Viggó segir að á þessum punkti hafi grunur hans verið staðfestur ¿ efasemdir nokkurra stjórnarmanna HSÍ um hæfileika hans til að stjórna landsliðinu hafi lítið snert hans faglegu getu heldur snerust hann um hans persónu. „Það var verið að persónugera alla mína vinnu og árangurinn virtist ekki skipta neinu máli. Í kjölfarið sagði ég upp,“ segir hann.

Í uppsagnarbréfinu sem Viggó skrifaði til HSÍ í nóvember lýsir hann óánægju sinni með afskiptaleysi sambandsins gagnvart persónulegum árásum og skítkasti í sinn garð. „Mín einkamál hafa oft verið í fyrirúmi hjá ákveðnum fjölmiðlum og HSÍ lét sem það kæmi sér ekki við. Ég leit alveg eins á þetta sem árás á handknattleikshreyfinguna eins og mig og það var einfaldlega óviðunandi.“

### Vill ekki tapa ærunni

Viggó segir að þrátt fyrir að hafa lent í því sem nánast má kalla einelti frá ákveðnum fjölmiðlamönnum hafi HSÍ ekki einu sinni gert tilraun til að stöðva það. „Þetta skítkast hefur einkum verið stundað af þremur mönnum; Óskari Hrafni Þorvaldssyni á DV, Henry Birgi Gunnarssyni á Fréttablaðinu og Þorsteini Gunnarssyni hjá NFS, og snýr ekki að minni vinnu með landsliðið, heldur minni persónu og mínu einkalífi. Á einhverjum tímapunkti spyr maður sig: Af hverju að vera að þessu? Fæ ég nægilega mikið fyrir minn snúð til að sitja undir þessu? Að vera landsliðsþjálfari á svona samningi en eiga á hættu að tapa ærunni í staðinn. Mitt mat var að svo var ekki.“

*En eftir stendur að þú skrifaðir undir þennan samning fyrir einu og hálfu ári og þá bar ekki á öðru en að allir aðilar væru sáttir með sitt?*

„Vissulega, það er enginn ágreiningur um það. En mig langaði í þetta starf. Ég sá mikla möguleika með þetta lið og þetta var áskorun fyrir mig. Það er mikill heiður að vera boðin staða landsliðsþjálfara,“ útskýrir Viggó og bætir því að þeir hjá HSÍ hafi augljóslega verið brenndir af því að þurfa að borga út Guðmund Guðmundsson, fyrirrennara Viggós í starfi, en samningur hans var ekki á enda þegar hann hætti með liðið á sínum tíma. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafði hann, eins og reyndar allir þjálfarar íslenska handboltalandsliðsins á síðustu árum, verið með samning sem gilti fyrir ár í senn og bjó því við margfalt öruggara starfsumhverfi en það sem Viggó þurfti að sætta sig við.

*„Ég svo sem vissi að það yrði mikið álag en þjóðarstoltið og heiðurinn spilaði mikið inn í mína ákvörðun. En ég er ekki tilbúinn að fórna öllu fyrir þetta starf, hlutum eins og æru minni og fjölskyldu.“*

„Það varð ákveðin stefnubreyting í þessum málum hjá HSÍ og ég sættist á hana,“ segir Viggó, sem skrifaði undir samning sem gilti út HM í Þýskalandi á næsta ári en var, eins og áður segir, uppsegjanlegur af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara.

Viggó viðurkennir að hann hafi ekki séð fyrir hvað verða vildi. „Þetta er miklu meira álag en ég átti von á. Þetta starf er ekki fyrir hvern sem er, það er alveg ljóst,“ segir Viggó og bætir við að hann hafi þurft að fórna miklu. „Ég svo sem vissi það en þjóðarstoltið og heiðurinn spilaði mikið inn í mína ákvörðun. En ég er ekki tilbúinn að fórna öllu fyrir þetta starf, hlutum eins og æru minni og fjölskyldu.“

### Þarf að vera friður um starfið

Viggó líst vel á þá sem nefndir hafa verið sem eftirmenn hans í starfi landsliðsþjálfara, þá Geir Sveinsson, Júlíus Jónasson og Atla Hilmarsson. Hann viðurkennir þó að honum finnist einn standa öðrum framar. „Miðað við hvernig liðið stendur í dag hefði ég gaman af því að sjá Geir Sveinsson taka við liðinu,“ segir Viggó og ítrekar að hann muni styðja eftirmann sinn heils hugar, sama hver það verði.

„Og þá er nauðsynlegt að viðkomandi fái frið. Það þarf að vera friður í kringum þetta starf og með gríðarlega erfitt verkefni framundan, leiki í undankeppni HM gegn Svíum, skiptir það enn meira máli. HSÍ þarf að standa vel við bakið á næsta þjálfara.“

*Í viðtali við Morgunblaðið þann 4. febrúar sl. tjáirðu þig um þá gagnrýni sem þú hefur þurft að þola í fjölmiðlum. Orðrétt segirðu m.a. „Reyndir leikmenn og þjálfarar hafa beðið færis í hvert skipti sem eitthvað hefur miður gengið og sett fram þvælu sem á ekki við nein rök að styðjast, af takmörkuðu innsæi.“ Hverja áttu við?*

„Ég á aðallega við Þorberg Aðalsteinsson, fyrrverandi landsliðsþjálfara, að koma fram í Blaðinu og segja þetta vera lélegasta landslið sem við höfum átt. Ég skil ekki svona rökfærslu. Ég skil heldur ekki greinarnar hans Geirs í Fréttablaðinu þar sem hann er að setja út á vörnina. Hann talar ekkert um sóknarleik en handboltinn í dag snýst um sóknarleik en ekki varnarleik. Það var ekkert að varnarleiknum í Sviss. Hann var þvert á móti mjög góður.“

### Stoltur af árangrinum

Í dag er Viggó á tímamótum í sínu lífi. Hann rekur eigið fyrirtæki og ætlar að einbeita sér að því á næstunni. Hann er hættur í handbolta, að minnsta kosti í bili. „En ég elska íþróttina og mun koma aftur á stjá innan tíðar,“ bætir hann við.

Viggó kveðst mjög stoltur yfir þeim árangri sem hann hefur náð með landsliðið. „Það gekk upp sem ég ætlaði mér að gera. Ég tók við liðinu á brauðfótum, skipti út liðinu og þegar upp er staðið er komið nýtt lið skipað frábærum handboltamönnum sem getur keppt við hvaða þjóð sem er í veröldinni.“

*Mun næsti landsliðsþjálfari taka við góðu búi?*

„Ekki spurning. Ég get sagt það afdráttarlaust að hann tekur við mjög góðu búi og ég held að allir geti verið sammála um það.“

vignir@frettabladid.is



ATLI HILMARSSON



ALFREÐ GÍSLASON



GEIR SVEINSSON

*„Miðað við hvernig liðið stendur í dag hefði ég gaman af því að sjá Geir Sveinsson taka við liðinu.“*


Líkams- og heilsurækt aldraðra
Hádegisverðarfundur ÍSÍ
Hádegisverðarfundur
Föstudaginn 17. febrúar heldur Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands hádegisverðarfund í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.
Fundurinn hefst kl. 12:00 og mun standa til kl. 13:00. **Aðgangur er ókeypis**.
**Janus Friðrik Guðlaugsson mun halda erindi um niðurstöður meistararannsóknar á líkams- og heilsurækt aldraðra hér á landi.**
Janus Friðrik Guðlaugsson varði nýlega meistaraprófverkefni sitt við Kennaraháskóla Íslands og er það fyrsta rannsóknartengda meistaraverkefni á sviði íþróttafræða við íslenskan háskóla. Janus mun í erindi sínu gera grein fyrir framkvæmd rannsóknar og segja frá helstu niðurstöðum.
Frekari upplýsingar má finna á
www.isisport.is
Hægt er að kaupa hádegisverð hjá café **easy** sem staðsett er á jarðhæð Íþróttamiðstöðvarinnar



NASA
LAUGARDAG 11.02.'06
EGÓ
MIÐNÆTURTÓNLEIKAR
LAUGARDAGSKVÖLD.
FORSALA MIÐA Á NASA
MÁNUD.–? FRÁ KL. 14–17
ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á
WWW.PRIME.IS EÐA WWW.NASA.IS
VATIKANIÐ
prime
umboðsskrifstofa
NASA
ÞAR SEM ÍSLENDINGUM
FINNST SKEMMTILEGAST
AÐ DJAMMA

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

6 7 8 **9** 10 11 12

**Fimmtudagur**

### LEIKIR

☐ 19.15 **Hamar/Selfoss** og **Njarðvík** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta á Selfossi.

☐ 19.15 **Haukar** og **KR** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta á Ásvöllum.

☐ 19.15 **Þór Ak.** og **Skallagrímur** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta á Akureyri.

☐ 19.15 **Keflavík** og **Höttur** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta í Keflavík.

☐ 19.15 **ÍR** og **Fjölnir** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta í Seljaskóla.

☐ 19.15 **Snæfell** og **Grindavík** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta á Stykkishólmi.

☐ 20.30 **SR** og **Björninn** mætast í í íshokkí í Skautahöllinni í Reykjavík.

### SJÓNVARP

☐ 18.00 **Íþróttaspjallið** á Sýn.

☐ 18.12 **Sportið** á Sýn.

☐ 18.30 **Stump the Schwab** á Sýn.

☐ 19.00 **X-Games** á Sýn.

☐ 20.00 **US PGA Tour** á Sýn.

☐ 20.00 **Liðið mitt** á Enska boltanum.

☐ 20.30 **Sterkasti maður heims** á Sýn.

☐ 21.00 **Fifth Gear** á Sýn.

☐ 22.05 **Enska bikarkeppnin** á Sýn. Útsending frá leik Chelsea og Everton frá því í gær.

# Áttum ekki skilið að vinna

**Haukar unnu 29-26 sigur á Fylki í DHL-deild karla í gærkvöldi. Haukar voru fremri á öllum sviðum og hefði sigurinn hæglega getað orðið stærri. Fram heldur toppsætinu eftir sigur á FH og Stjarnan heldur áfram að skína skært.**



**TEKINN FÖSTUM TÖKUM** Heimir Örn Árnason tekinn föstum tökum af Arnari Péturssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**HANDBOLTI** „Við áttum ekki skilið að vinna enda spiluðu Haukarnir einfaldlega betur," sagði Sigurður Valur Sveinsson, þjálfari Fylkis, eftir leikinn. „Við spiluðum mjög illa og þetta var alls ekki okkar dagur. Við reyndum að spila eins og við lögðum upp með en við náðum því ekki og því fór sem fór," sagði Sigurður.

Leikurinn í Fylkisheimilinu var köflóttur en Haukar voru þó alltaf skrefinu á undan. Þeir náðu mest sex marka forystu í fyrri hálfleik en Fylkismenn bitu frá sér og minnkuðu muninn statt og stöðugt en Haukar höfðu þremur mörkum yfir í hálfleik. Gestirnir tóku svo aftur við sér í byrjun síðari hálfleiks en Fylkismenn komu jafn harðan til baka án þess þó að ná að jafna metin.

„Ég er geysilega ánægður að landa þessum sigri gegn sterku Fylkisliðinu. Það hefur verið löng pása og það var mikilvægt að byrja vel eftir fríið," sagði Páll Ólafsson þjálfari Hauka eftir leikinn.

„Ég var ánægður með varnarleikinn lengst af þrátt fyrir að okkur gengi illa að stöðva Arnar Jón en í heildina var hún fín. Markvarslan var ágæt og þegar Birkir Ívar ver ekki meira en þetta en við vinnum samt, þá er þetta í góðu lagi. Kannski geri ég of miklar kröfur til hans," spurði Páll um landsliðsmarkmanninn sem varði átján skot í leiknum og stóð vel fyrir sínu.

Fylkismenn sóttu á Hauka undir lokin og náðu að minnka muninn í eitt mark en lengra komust þeir ekki og Haukar fóru að lokum með þriggja marka sigur af hólmi. „Þetta var óþarflega tæpt undir lokin og ég hefði hugsanlega mátt hvíla lykilmenn aðeins fyrr en þetta hafðist, sagði Páll en hann gengur um á hækjum þessa dagana. „Ég sleit hásin, ég viðurkenni að ég var að fíflast á handboltaæfingu," bætti Páll glottandi í leikslok.

Toppliðið Fram hélt sínu striki og unnu öruggan 28-20 sigur á FH í Safamýrinni þar sem Jóhann Einarsson var markahæstur heimamanna með sex mörk. Stjarnan heldur áfram að klífa töfluna og eru nú í fimmta sætinu eftir 37-34 sigur á Þór frá Akureyri þar sem Patrekur Jóhannesson sýndi mátt sinn og megin og skoraði átta mörk. Valur burstaði svo botnlið Víking/Fjölnis í Laugardalshöll og eru Valsmenn jafnir Haukum í öðru til þriðja sæti deildarinnar með 23 sztig en Fram er í efsta sæti með 24 stig. **hjalti@frettabladid.is**

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *DHL-deild karla:*

| STJARNAN-ÞÓR AK. | 37-34 |
|---|---|

**Mörk Stjörnunnar:** Patrekur Jóhannesson 8, David Kekelia 6, Gunnar Ingi Jóhannsson 5.

**Mörk Þórs:** Arnór Gunnarsson 10, Sigurður B. Sigurðsson 6, Aigars Lazoins 5, Heiðar Aðalsteinsson 3.

| FRAM-FH | 28-20 |
|---|---|

**Mörk Fram:** Jóhann Einarsson 6, Guðjón Drengsson 5, Sergei Serenko 5, Stefán Stefánsson 4.

**Mörk FH:** Linas Kalasauskas 5, Hjörtur Hinriksson 5, Árni Berg Haraldsson 4, Daníel Berg Grétarsson 3.

| FYLKIR-HAUKAR | 26-29 |
|---|---|

**Mörk Fylkis:** Arnar Jón Agnarsson 8, Eymar Kruger 6, Arnar Þór Sæþórsson 4/1, Kristján Þorsteinsson 3, Heimir Örn Árnason 2/1, Hreinn Þór Hauksson 1.

**Varin skot:** Hlynur Morthens 12, Sölvi Thor. 1.

**Mörk Hauka:** Guðmundur Pedersen 9/4, Kári Kristjánsson 7, Samúel Ívar Árnason 6, Árni Sigtryggsson 4, Andri Stefan 2, Jón Karl Björnsson 1.

**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 18/1.

| SELFOSS-AFTURELDING | 20-28 |
|---|---|

**Mörk Selfoss:** Atli Kristinsson 4, Einar Örn Guðmundsson 3, Davíð Ágústsson 3, Vladimir Durcic 3.

**Mörk Aftureldingar:** Haukur Sigurvinsson 9, Max Trufan 6, Hilmar Stefánsson 6.

| ÍBV-HK | 28-23 |
|---|---|

**Mörk ÍBV:** Mladen Caric 10, Ólafur Víðir Ólafsson 6, Sigurður Bragason 4, Jan Vitipil 3.

**Mörk HK:** Remigijus Cepulis 7, Valdimar Þórsson 5, Elías Már Halldórsson 3, Gunnar Jónsson 3.

| VALUR-VÍKINGUR/FJÖLNIR | 37-24 |
|---|---|

Ekki fengust upplýsingar um markaskorara.

| KA-IR | 30-31 |
|---|---|

Ekki fengust upplýsingar um markaskorara.

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FRAM | 15 | 11 | 2 | 2 | 426-389 | 24 |
| **HAUKAR** | **15** | **11** | **1** | **3** | **444-400** | **23** |
| VALUR | 15 | 11 | 1 | 3 | 467-411 | 23 |
| **FYLKIR** | **15** | **8** | **2** | **5** | **414-381** | **18** |
| STJARNAN | 14 | 7 | 3 | 4 | 406-378 | 17 |
| **KA** | **14** | **7** | **3** | **4** | **380-372** | **17** |
| ÍBV | 15 | 7 | 1 | 7 | 443-469 | 15 |
| AFTURELDING | 15 | 6 | 2 | 7 | 382-388 | 14 |
| **ÍR** | **15** | **6** | **1** | **8** | **484-474** | **13** |
| **HK** | **15** | **5** | **2** | **9** | **409-425** | **12** |
| FH | 15 | 5 | 1 | 9 | 416-424 | 11 |
| **ÞÓR AK.** | **15** | **3** | **3** | **9** | **417-446** | **9** |
| SELFOSS | 15 | 3 | 1 | 11 | 401-466 | 7 |
| **VÍK/FJÖ** | **15** | **2** | **1** | **12** | **399-465** | **5** |

### *Iceland Express-deildar kvk:*

| | |
|---|---|
| GRINDAVÍK-HAUKAR | 68-89 |
| BREIÐABLIK-KR | 80-87 |
| KEFLAVÍK-ÍS | 83-95 |

### *Enska úrvalsdeildin:*

| CHARLTON-LIVERPOOL | 2-0 |
|---|---|

1-0 Darren Bent (42.), 2-0 Luke Young (48.).

**Hermann Hreiðarsson** lék allan leikinn fyrir Charlton.

### STAÐA EFSTU LIÐA

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| CHELSEA | 25 | 21 | 3 | 1 | 52-13 | 66 |
| **MAN. UTD** | **25** | **15** | **6** | **4** | **49-26** | **51** |
| LIVERPOOL | 24 | 13 | 6 | 5 | 30-17 | 45 |
| **TOTTENHAM** | **25** | **12** | **8** | **5** | **34-21** | **44** |

### *Enska bikarkeppnin:*

| CHELSEA-EVERTON. | 4-1 |
|---|---|

1-0 Arjen Robben (22.), 2-0 Frank Lampard (36.), Hernan Crespo (39.), 3-0 Hernan Crespo (39.), 3-1 Mikel Arteta, víti (72.), 4-1 John Terry (74.).

**Eiður Smári Guðjohnsen** var í byrjunarliði Chelsea og spilaði allan leikinn.

| MIDDLESBROUGH-COVENTRY. | 1-0 |
|---|---|

1-0 Jimmy Hasselbaink (20.).

### *Spænska bikarkeppnin:*

| ZARAGOSA-REAL MADRID. | 6-1 |
|---|---|

Stjörnulið Real Madrid reið ekki feistum hesti frá þessari viðureign þrát fyrir að stilla upp sínu sterkasta liði í leiknum.

Mido reifst við þjálfara sinn:

## Sendur aftur til Englands

**FÓTBOLTI** Mido hefur verið rekinn úr landsliði Egypta fyrir úrslitaleik Afríkumótsins á morgun. Framherjinn, sem leikur með Tottenham á Englandi, brást ókvæða við þegar hann var tekinn af velli undir lok undanúrslitaleiksins gegn Senegal á þriðjudagskvöldið og reðst að Hassan Shehata, þjálfara sínum. Mido kallaði Shehata öllum illum nöfnum áður en hann var dreginn í burtu, en hann var dæmdur í sex mánaða keppnisbann með landsliðinu.

„Egypska landsliðið snýst ekki bara í kringum Mido. Hann er bara einn úr hópi 23 leikmanna," sagði Shawki Gharib, aðstoðarmaður Shehatis þjálfara í gær. "Nú þurfum við að einbeita okkur að úrslitaleiknum. Undirbúningar þess leiks skiptir meira máli en Mido og Seheta," bætti Gharib við. **- hþh**

Liverpool gengur illa að saxa á toppliðin:

## Góður sigur Charlton

**FÓTBOLTI** Charlton unnu góðan sigur á Liverpool í leik liðanna á Valley í gær en heimamenn fóru með 2-0 sigur af hólmi. Leikmenn Liverpool réðu þó gangi leiksins á löngum köflum í fyrri hálfleik og fengu nokkur góð færi sem þeim tókst ekki að nýta en Hermann Hreiðarsson átti góðan leik í hjarta Charlton varnarinnar.

Darren Bent kom Charlton yfir úr vítaspyrnu eftir að Jerzy Dudek hafði brotið á honum og framherjinn gerði engin mistök af vítapunktinum. Luke Young tvöfaldaði svo forystu Charlton undir lok fyrri hálfleiks og Evrópumeistararnir vissu varlan hvaðan á sig stóð veðrið. Leikmenn Charlton skutu svo bæði í þverslá og stöng í síðari hálfleik en engum mörkum var bætt við og 2-0 sigur Charlton staðreynd.

Chelsea áttu ekki í erfiðleikum með að slá Everton út í FA bikarkeppninni en Englandsmeistararnir skoruðu fjögur mörk gegn einu Everton manna. Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Chelsea og átti skínandi leik en Arjen Robben, Frank Lampard, Hernan Crespo og John Terry sáu um markaskorun Chelsea en Mikel Arteta minnkaðu muninn fyrir gestina sem sáu aldrei til sólar í leiknum.

Roy Keane skoraði sitt fyrsta mark fyrir Celtic sem unnu Falkirk 2-1 í SKosku Úrvalsdeildinni. Celtic er í lang efsta sæti deildarinnar og hafa tíu stiga forskot á Hearts en Rangers fóru illa að ráði sínu gegn Aberdeen og töpuðu 2-0 en þeir eru í fjórða sæti deildarinnar **- hþh**


KAJ

Fótboltanámskeið fyrir stráka og stelpur í 6.-2.fl.

Knattspyrnu Akademía Íslands

í FÍFUNNI og EGILSHÖLL



Ólafur Kristjánsson yfirþjálfari

Edda Garðarsdóttir

Helena Ólafsdóttir

Margrét Lára Viðarsdóttir

Kristbjörg Ingadóttir



Elísabet Gunnarsdóttir, yfirþjálfari

Magni Fannberg

Ólafur Ólafsson

Arnar B Gunnarsson

Vilt þú verða betri í fótbolta?
Knattspyrnu Akademí Íslands býður þér að koma og æfa fótbolta með nokkrum af færustu þjálfurum landsins.
Haldin verða 2 þriggja vikna námskeið, þar sem boðið verður upp á tækniþjálfun þar sem áhersla verður lögð á að bæta getu hvers og eins þáttakenda.
Námskeiðin verða í Fífunni í Kópavogi og Egilshöll í Grafarvogi
Kennt verður mánudag, miðvikudag og föstudag

Námskeið 1: 13. feb – 3. mars
Námskeið 2: 6. mars – 24. mars

MasterCard verð: 17.900 fyrir hvort námskeið
Almennt verð: 19.900 fyrir hvort námskeið

Ef bæði námskeiðin eru keypt saman er
MasterCard verð 32.900
Almennt verð: 35.900

Kennslutíminn er kl. 6.30–7.30

Skólastjórar eru:
Elísabet Gunnarsdóttir og
Ólafur Kristjánsson

Skráning: í verslunum Intersport, í síma 8487003 og á www.knattspyrnuskólinn.is
http://www.knattspyrnuskólinn.is

Allar nánari upplýs.
Í síma 8487003 eða á
www.knattspyrnuskólinn.net

Boðið verður upp á morgunhressingu í lok hverrar æfingar

Allir þáttakendur fá bol með eiginhandaráritun Eiðs Smára Guðjohnsen

Landsbankinn · Coca-Cola · ICELANDAIR · MasterCard · INTERSPORT



# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

## VIÐ ÓSKUM EFTIR TILNEFNINGUM FYRIR SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS SEM VERÐA VEITT Í FYRSTA SKIPTI 23. FEBRÚAR.

**Verðlaunin eru til heiðurs þeim sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.**

Lesendur eru beðnir að senda inn tilnefningar á **visir.is/samfelagsverdlaun** eða fylla út seðilinn hér að neðan og senda í Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, merkt „Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins", fyrir 16. febrúar.

### VERÐLAUN ERU VEITT Í SEX FLOKKUM:

**1) Hvunndagshetjan**
Einstaklingur sem sýndi einstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem það var við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

**2) Ung hetja**
Barn eða unglingur yngri en 16 ára sem vann sérstakt afrek við krefjandi aðstæður, hvort sem það var öðrum eða því sjálfu til hagsbóta, til dæmis að berjast aftur til heilsu eftir alvarlegt slys eða veikindi.

**3) Uppfræðari ársins**
Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar og aðrir uppfræðarar sem hafa skarað fram úr og látið gott af sér leiða.

**4) Framlag í æskulýðsmálum**
Félagasamtök sem hafa sinnt börnum af sérstökum metnaði og alúð.

**5) Til atlögu gegn fordómum**
Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að brjóta á bak aftur fordóma í samfélaginu.

**6) Samfélagsverðlaunin**
Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

### TILNEFNINGARSEÐILL:

- Í hvaða flokki hér að ofan er tilnefningin?
- Nafn á tilnefndum samtökum/einstaklingi
- Nafn þitt: Símanúmer:
- Netfang:

**Eingöngu svara þessum tveimur spurningum ef um samtök er að ræða:**

Meginstörf hópsins?

Fær hópurinn styrki, þá hvaða?

**Fylltu út hér að neðan í allt að 500 orðum.**

- **Samtök:** Helstu afrek hópsins til dagsins í dag?
- **Einstaklingar:** Af hverju á einstaklingurinn skilið að fá verðlaun?

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„There are times when victory is very hard to take.“**

**Svar:** John Lawrence úr kvikmyndinni Merry Christmas Mr. Lawrence frá árinu 1983.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ÞÓRDÍS LILJA GUNNARSDÓTTIR **VILL SJÁ HOMMA OG NAMMI Í JÚRÓVISJÓN**

## *Sættumst við senuþjófana*



Sjónvarpsstöðvarnar RÚV og Stöð 2 skarta mörgum freistandi þáttum þessi misserin, og virðist sem SkjárEinn hafi orðið útundan því aðeins einn þáttur þeirrar stöðvar fær mig til að stilla yfir, sem er gamanþátturinn yndislegi King of Queens á fimmtudagskvöldum. Reyndar höfðar ýmislegt annað til mín, en fyrir manneskju sem kýs að stilla sjónvarpsglápi í hóf verður að segjast að hinar tvær stöðvarnar hafa vinninginn.

Ég horfði auðvitað með eftirvæntingu á einvígi Birgittu Haukdal og Silvíu Nóttar í undankeppni Júróvisjón-söngvakeppninnar síðastliðið laugardagskvöld en fannst lagaúrvalið vægast sagt andlaust og óvænlegt til vinnings, öfugt við vænlegri smelli sem sungnir voru í fyrri þáttum undankeppninnar. Mikill styr hefur staðið um framlag Silvíu Nóttar eftir að laginu var dreift ólöglega á netinu, en verður að segjast að lagið bar af öðrum þetta laugardagskvöld, auk þess sem atriðið var bæði tilgerðarlaust, broslegt og blátt áfram þegar kom að yfirdrifnum glamúr og glettnum húmor flytjenda. Samanburður við atriði Birgittu var vonlaus og í raun undur og stórmerki að sú góða söngkona hafi gengist við að ljá rödd sína og þokka svo vondri og ógrípandi lagasmíð.

Það er alveg klárt að þríeykið Silvía Nótt, Hommi og Nammi myndu stela senunni í Grikklandi vorsins, líkt og Íslendingar hafa áður átt til í keppninni. Því gæti sterkasti leikurinn verið sá að senda þessa litríku þrenningu utan, því sviðsframkoman mun vissulega varpa skugga á aðra keppendur ásamt því að vekja kátínu þótt erótísk gandreið þeirra Silvíu og Nammis í ákveðnum kafla lagsins færi trúlega mjög fyrir siðvant brjóstið á mörgum. Sömuleiðis yrði að huga vandlega að þýðingu textans því þótt okkur Frónverjum þyki íslenski hrokinn bæði fyndinn og glúrinn í fyrirfram sigurvissum titli og viðlagi lagsins, er næsta víst að álfubræðrum okkar og systrum muni flökra við sjálfgefnu sigurgrobbi hinnar ofmetnu, nýríku heimsmeistaraþjóðar. Tónum því textann aðeins niður í engilsaxneskunni, en leikum okkur umfram allt í Júróvisjón.



▶ 22.25 *Gaman*

DESPERATE HOUSEWIVES



▶ 20.05 *Keppni*

MEISTARINN



▶ 21.00 *Keppni*

GRAMMY AWARDS 2006



▶ 22.00 *Raunveruleiki*

THE BACHELOR VI



▶ 19.00 *Íþróttir*

X-GAMES 2005

### SJÓNVARPIÐ

**16.45** Handboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30** **Latibær**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
**20.20** **Geimferðakapphlaupið (3:4)** (Space Race) Nýr breskur myndaflokkur um fólkið sem var í aðalhlutverkum í geimferðakapphlaupi Bandaríkjamanna og Rússa.
**21.15** **Launráð** (Alias IV) Bandarísk spennuþáttaröð. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00** **Tíufréttir**
▶ **22.25** **Aðþrengdar eiginkonur (25:47)** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.

**23.10** Lífsháski (27:49) **23.55** Kastljós **0.45** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Alf **11.35** Whose Line is it Anyway

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** The Block 2 **13.50** Two and a Half Men **14.15** Wife Swap 2 **15.00** What Not To Wear **16.00** Með afa **16.55** Barney **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons 12

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Strákarnir**
▶ **20.05** **Meistarinn (7:21)**
**20.55** **How I Met Your Mother (5:22)** (Svona kynntist ég móður ykkar)(Okay Awesome)).
**21.20** **Nip/Tuck (5:15)** (Klippt og skorið 3)(Grandville Trapp) Fjöldamorðinginn skurðóði hefur enn einu sinni látið til skarar skríða þegar enn eitt líkið finnst sundurskorið. Af ákveðnum ástæðum liggur Christian undir grun um að hafa framið morðið. Stranglega bönnuð börnum.
**22.05** **Inspector Lynley Mysteries (8:8)** Bönnuð börnum.
**22.50** **American Idol 5 (5:41)** (Bandaríska stjörnuleitin 5)

**23.30** American Idol 5 **0.10** Kill Me Later (B. börnum) **1.35** Hav Plenty (Str. b. börnum) **3.00** Eight Legged Freaks (B. börnum) **4.35** Nip/Tuck **5.15** How I Met Your Mother **5.35** Fréttir og Ísland í dag **6.40** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.30** **American Dad (11:13) (e)**
**20.00** **Friends 6 (22:24)**
**20.30** **Splash TV 2006** Herra Ísland 2005, Óli Geir, og Jói bróðir bralla margt skemmtilegt milli þess sem þeir fara á djammið í Keflavík og gera allt vitlaust.
▶ **21.00** **Grammy Awards 2006 – bein útsending**
**22.30** **Girls Next Door (15:15) (e)** Bönnuð börnum.
**22.55** **Smallville (9:22)** (Bound) Í Smallville býr unglingurinn og ofurmennið Clark Kent. Hann er prúðmenni og er fús til að rétta öðrum hjálparhönd. Clark er samt ekki gallalaus og á það stundum til að vera dálítið klaufskur.

**23.40** Invasion (5:22) (e) **0.25** Friends 6 (22:24) (e) **0.50** Splash TV 2006 (e)

### SKJÁREINN

**16.15** 2005 World Pool Championship (e) **18.00** Cheers – 10. þáttaröð

**18.30** **Queer Eye for the Straight Guy (e)**
**19.20** **Fasteignasjónvarpið**
**19.30** **Game tívi .**
**20.00** **Family Guy**
**20.30** **Malcolm In the Middle**
**21.00** **Will & Grace**
**21.30** **The King of Queens – lokaþáttur** Nágranni Carrie og Doug fellur frá en sorgin breytist fljótlega í gleði þegar Heffernanhjónin uppgötva að húsið sem hann skilur eftir sig gæti orðið góð fjárfesting fyrir þau.
▶ **22.00** **The Bachelor VI – NÝTT!** Í sjöttu þáttaröð Bachelorsins fær Byron Velvick tækifæri til að finna draumakonuna, og vonandi verðandi eiginkonu.

**23.30** Sex Inspectors **0.00** Jay Leno **0.45** Law & Order: SVU (e) **1.30** Cheers – 10. þáttaröð (e) **1.55** Top Gear (e) **3.00** Fasteignasjónvarpið (e) **3.10** Óstöðvandi tónlist

### SÝN besta sætið

**16.20** Ítalski boltinn **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **Stump the Schwab**
▶ **19.00** **X-Games 2005** (X-Games 2005 – þáttur 5) Ótrúlegir taktar á hjólum, hjólabrettum og snjóbrettum.
**20.00** **US PGA 2005 – Inside the PGA T**
**20.30** **World's strongest man 2005** Keppnin um sterkasta mann heims er ávallt skemmtileg. Mótið fór fram í Kína í nóvember á síðasta ári. Íslendingar áttu fulltrúa á þessu móti og var það hinn nautsterki Boris Haraldsson.
**21.00** **Fifth Gear** (Í fimmta gír)
**21.25** **Meistaradeildin með Guðna B**
**22.05** **Enska bikarkeppnin** (Enska bikarkeppnin) Leikur gærkvöldsins.

**23.45** Presidents cup offical film

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Primary Colors **8.20** The Commitments (e) **10.15** The Man With One Red Shoe **12.00** Pirates of the Caribbean: The **14.20** Primary Colors **16.40** The Commitments (e) **18.35** **The Man With One Red Shoe** (Maðurinn í rauða skónum) **20.05** **Pirates of the Caribbean: The** (Bölvun svörtu perlunnar) **22.25** **K-19: The Widowmaker** Bönnuð börnum. **0.40** Hard Cash (Bönnuð börnum) **2.15** Foyle's War (Bönnuð börnum) **4.00** K-19: The Widowmaker (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**13.00** E! News **13.30** Celebrity Soup **14.00** Live from the Red Carpet **17.00** Live from the Red Carpet **20.00** Live from the Red Carpet **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** Fashion Police **1.00** Pop Stars Gone Bad **1.30** Party @ the Palms **2.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Middlesbrough – Aston Villa frá 04.02 **16.00** West Ham – Sunderland frá 04.02 **18.00** Newcastle – Portsmouth frá 04.02

**20.00** **Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“**
**21.00** **Birmingham – Arsenal frá 04.02**

**23.00** Bolton – Wigan frá 04.02 **1.00** Dagskrárlok


GRAMMY VERÐLAUNIN
BROT AF ÞVÍ BESTA Í KVÖLD KL 21:00



ÞEIR SEM KOMA FRAM ERU M.A. U2, MARY J. BLIGE, BRUCE SPRINGSTEEN, MARIA CAREY, GORILLAZ OG MADONNA SEM SYNGUR MEÐ TEIKNIMYNDASVEITINNI GORILLAZ. MEÐAL KYNNA Á HÁTÍÐINNI ERU TOM HANKS, MATT DILLON OG QUEEN LATIFAH.

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

Grammy Awards 2006 — Sirkus kl. 21.00

## *Sýnt frá afhendingu Grammy-verðlaunanna*



Grammy-verðlaunin verða sýnd á Sirkus í kvöld. Sýnt var frá verðlaununum í beinni útsendingu frá Los Angeles aðfaranótt miðvikudags. Hér er um að ræða stærstu og virtustu tónlistarverðlaunahátíð í heimi og geta því íslenskir tónlistarunnendur fylgst með vinsælustu og virtustu tónlistarmönnum heims á rauða dreglinum. Hátíðin verður haldin í 48. skipti og verðlaunar þá tónlistarmenn sem þykja hafa skarað fram úr á árinu. Heiðursgestur kvöldsins er enginn annar en söngvarinn yndislegi, James Taylor.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Glópagull og gisnir skógar **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.30** Fréttayfirlit **9.05** Laufskálinn **9.50** Leikfimi **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir og augl. **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Fréttir **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfr. og augl. **19.00** Vitinn **19.27** Sinfóníutónleikar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsleikhúsið: Gróið hverfi

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **21.10**
*Fréttir*

60 MÍNÚTUR

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður

**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Fréttaljós** Vikulegur fréttaskýringaþáttur með fjölda gesta í myndveri í umsjón fréttastofu NFS.
**21.00** **Fréttir**
▶ **21.10** **60 Minutes** Framúrskarandi fréttaþáttur sem vitnað er í.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.15** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður **0.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.00** Fréttavaktin eftir hádegi **6.00** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**13.00** Tennis: WTA Tournament Paris **14.30** Bowls: Welsh International Masters **16.00** Football: African Cup of Nations Egypt **18.00** Ski Jumping: World Cup Four Hills Tournament **19.00** Ski Jumping: FIS Ski-flying World Championships Kulm / Bad Mitterndorf **20.00** Boxing **22.00** All Sports: Daring Girls **22.15** Football: African Cup of Nations Egypt **23.15** Fight Sport: Fight Club **0.15** Olympic Games: Olympic Torch Relay

**BBC PRIME**

**12.00** Keeping up Appearances **12.30** Last of the Summer Wine **13.00** Ballykissangel **14.00** Balamory **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Captain Abercromby **15.20** The Make Shift **15.35** S Club 7: Viva S Club **16.00** Changing Rooms **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** As Time Goes By **19.30** 2 point 4 Children **20.00** Top of the Pops **20.35** Cutting It **21.30** Little Britain **22.00** Trouble At the Top Special **22.40** Judge John Deed **0.10** Great Railway Journeys of the World **1.00** Big Cat Diary **1.30** Big Cat Diary **2.00** Arts Foundation Course

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Inside 9/11 **13.00** Hogzilla **14.00** Megastructures **15.00** Air Crash Investigation **16.00** Air Crash Investigation **17.00** Inside 9/11 **18.00** Battlefront **18.30** Battlefront **19.00** Perfect Swarm **20.00** Megastructures **21.00** Air Crash Investigation **22.00** Air Crash Investigation **23.00** Inside 9/11 **0.00** Air Crash Investigation **1.00** Air Crash Investigation

**DISCOVERY**

**12.00** American Chopper **13.00** A Car is Born **13.30** A Car is Born **14.00** Super Structures **15.00** Extreme Machines **16.00** Scrapheap Challenge **17.00** Wheeler Dealers **17.30** Wheeler Dealers **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Dr G: Medical Examiner **21.00** FBI Files **22.00** FBI Files **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files **2.00** Air Wars

**MTV**

**12.00** Newlyweds **12.30** Just See MTV **14.00** Pimp My Ride **14.30** Dismissed **15.00** TRL **16.00** Wishlist **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** The Base Chart **19.00** Pimp My Ride **19.30** Punk'd **20.00** Stankervision **20.30** The Trip **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Superock **23.00** Headbangers Ball **0.00** Just See MTV

**VH1**

**12.00** So 80s **12.30** VH1 Hits **16.00** So 80s **17.00** VH1's Viewers Jukebox **18.00** Smells Like the 90's **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** VH1 All Access **20.30** Breaking Bonaduce **21.00** Hogan Knows Best **21.30** Beavis & Butthead **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside **23.00** Top 5 **23.30** Fabulous Life of **0.00** VH1 Hits






## HRÓSIÐ

*...fá Magni Þorsteinsson og Hugrún Dögg Árnadóttir fyrir að stækka verslunina Kron Kron um tugi fermetra.*

## AÐ MÍNU SKAPI ELÍSA SNÆBJÖRNSDÓTTIR, FORMAÐUR NEMENDAFÉLAGS BORGARHOLTSSKÓLA

# *Sigur Rós, Laxness, Camden Town og Kaupmannahöfn*

**TÓNLIST:**
Ég er alltaf með Sigur Rós í tækinu. Bætti nýverið í diskasafnið disknum með tónlistinni úr myndinni A Little Trip to Heaven, sem er mjög góður. Ég hlusta mikið á tónlist, en það fer algjörlega eftir stað og stund hvaða tónlist það er.

**BÓK:**
Las nýverið Paradísarheimt eftir Halldór Laxness. Sú bók sem kemur samt alltaf upp í hugann er Eyðimerkurblómið eftir Waris Dirie sem ég las fyrir nokkrum árum. Þessa dagana hef ég því miður ekki mikinn tíma til að lesa annað en það sem ég þarf að lesa fyrir skólann, en er alltaf á leiðinni að bæta úr því.

**BORG:**
Kaupmannahöfn, án efa. Þar hef ég skemmt mér ótrúlega vel í góðra vina hópi. Yndisleg borg sem býður upp á endalausa möguleika, og kæmi mér ekki á óvart þótt ég myndi enda þar einn daginn í námi.

**BÍÓMYND:**
Ég fer rosalega sjaldan í bíó, en fór nýverið á A Little Trip to Heaven, sem mér fannst mjög góð, og þá ekki síst tónlistin í myndinni. Annars er ég ekki mikil bíómyndamanneskja. Kvikmynd þarf að vera afburðagóð til að ég endist allan tímann þar sem ég sofna yfirleitt alltaf eftir nokkrar mínútur, eða finn mér eitthvað annað og mikilvægara að gera.

**BÚÐ:**
Camden Town-markaðurinn í Englandi er sá staður sem mér finnst án efa skemmtilegast að versla, en almennt séð kaupi ég bara það sem mér finnst flott og er ekki of dýrt, og þá skiptir litlu í hvaða búð varan fæst.

**VERKEFNI:**
Er formaður nemendafélags Borgarholtsskóla. Það helsta á döfinni þessa dagana er að skipuleggja þemadaga og Glæsiballið í byrjun mars, og vinna gegn styttingu náms til stúdentsprófs með hagsmunaráði framhaldsskólanema: hagsmunir.is fyrir þá sem vilja kynna sér málið. Þess á milli vinn ég á frístundaheimili sem er alveg ótrúlega skemmtilegt starf.



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**LÁRÉTT**
**2** tryggur **6** tveir eins **8** geislahjúpur **9** struns **11** sláturfélag **12** gerviefni **14** híbýli sjávardýra **16** í röð **17** leyfi **18** utan **20** ryk **21** faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
**1** niður **3** slá **4** verkfæri **5** fljótfærni **7** hraustur **10** nögl **13** heyskaparamboð **15** festa **16** töf **19** á líðandi stundu.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** trúr, **6** ff, **8** ára, **9** ark, **11** ss, **12** nælon, **14** kóral, **16** hi, **17** frí, **18** inn, **20** im, **21** knús. **LÓÐRÉTT: 1** ofan, **3** rá, **4** úrsnari, **5** ras, **7** frækinn, **10** kló, **13** orf, **15** líma, **16** hik, **19** nú.


Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




**JÓNATAN OG HALLGRÍMUR Í KIEV** Lag Hallgríms, Það sem verður, var dreift til menningardeilda nokkurra fjölmiðla. FRÉTTABLAÐIÐ / PJETUR

## EVRÓVISION: LIÐIN TÍÐ AÐ LÖGIN SÉU GEYMD Á LEYNILEGUM STÖÐUM

# Lagi Hallgríms dreift til fjölmiðla fyrir keppni

Umræðan um Silvíu Nótt og lag hennar Til Hamingju Ísland náði hámarki þegar Kristján Hreinsson lagði fram stjórnsýslukæru vegna þess að lagið fékk að keppa. Aðalkeppnin fer fram 18. febrúar og herma heimildir Fréttablaðsins að hún verði með glæsilegasta móti því nokkur fjöldi erlendra gesta mun sækja landann heim. Þar ber hæst koma Bobbysox sem vann Eurovision-keppnina þegar við Íslendingar kepptum í fyrsta sinn með Gleðibankanum.

Það er þó hinn meinti leki á lagi Þorvaldar Bjarna Þorvaldssonar sem hefur átt hug og hjarta þjóðarinnar að undanförnu. Nokkrum dögum fyrir fyrstu undankeppnina barst nokkrum blaðamönnum á Fréttablaðinu lagið Það sem verður í flutningi Friðriks Ómars á vönduðum geisladiski. Það lag er einmitt eitt af þeim lögum sem keppir við Silvíu Nótt þann 18.febrúar.

Í samtali við Fréttablaðið staðfesti höfundur lagsins, Hallgrímur Óskarsson, að svo væri. Hann hefði sent lagið til nokkurra vel valinna blaðamanna sem skrifuðu um menningu og treyst á heiðarleika þeirra. Hann hefði gert þetta í samráði við fulltrúa keppninnar hjá RÚV sem vöruðu hann þó við hættunni sem þessu fylgdi, að sögn Hallgríms.

Jónatan Garðarsson, talsmaður keppninnar, staðfest að þetta leyfi hefði verið gefið. Hann hefði hins vegar brýnt fyrir höfundi að senda það einungis til vina og vandamanna og sagt að ákveðin áhætta fælist í frekari dreifingu.

Hallgrímur virðist vera eini lagahöfundurinn sem hefur tekið þessa áhættu því Fréttablaðinu hefur ekki borist nein önnur lög í keppninni með jafn skipulögðum hætti. Hin mikla leynd sem oft hefur hvílt yfir lögunum virðist því vera liðin tíð.

Jónatan segir að ekkert fjölmiðlabann hafi verið í gildi á keppendur líkt og þekkist til að mynda í Idol-keppni Stöðvar 2. Þátttakendur máttu fara í viðtöl, en að dreifa laginu sjálfu til fjölmiðla kemur honum spánskt fyrir sjónir. „Við höfum ekki verið í neinum löggubleik og haldið úti mannskap til að fylgjast með enda erum við að vinna með fullorðnu fólki," segir Jónatan.

Ákveðnir þættir voru lagðir til hliðsjónir og þar á meðal var gerð sú krafa að lagið yrði frumflutt í sjónvarpinu í sinni endanlegri mynd. Ekki var samt um að ræða eitthvert reglubákn „Vonandi einbeita menn sér að því núna að gera keppnina sem besta úr garði og hætta að naga staurinn," sagði Jónatan.

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Kollegar úr stétt blaða- og fréttamanna komu saman á Ljóta andarunganum á þriðjudagskvöld og ræddu myndbirtingar Jótlandspóststsins á Múhameð spámanni. Frummælendur voru Þórir Guðmundsson, fréttamaður á NFS, og Friðrik Þór Guðmundsson blaðamaður. Í kjölfarið spunnust fjörlegar umræður um tjáningarfrelsi og efnistök íslenskra fjölmiðla og óhætt að segja að skiptar skoðanir hafi verið á málinu. Þórir hélt því fram að málið komi prentfrelsi ekki við á nokkurn hátt. Egill Helgason, Óli Tynes og Ólafur Teitur Guðnason voru helstu talsmenn þess að birta ætti myndirnar áfram og „slá skjaldborg um tjáningarfrelsið," eins og það var orðað. Halla Gunnarsdóttir, veigraði sér hins vegar ekki við orðaskylmingum við þá, en hún og Ólafur Teitur eru vön að takast á í Sunnudagsþættinum á Skjá einum. Athygli vakti að enginn blaðamaður á DV, sem hefur látið þetta mál sig varða, sá sér fært að mæta.



Leikar æsast nú heldur betur í prófkjörsslag samfylkingarfólks í Reykjavík og opið prófkjör fer fram um helgina. Frambjóðendur eru duglegir að láta á sér bera og hafa flestir safnað saman vöskum hersveitum sem reka erindi þeirra út um alla borg. Það er gott að eiga góða vini og maka þegar staðið er í slag sem þessum og Oddný Sturludóttir er heldur betur í góðum málum. Það er ekki nóg með að Hallgrímur Helgason, eiginmaður hennar, taki virkan þátt í baráttunni heldur á hún einnig von á öflugum liðsauka frá Amsterdam. „Nú er baráttan komin á bullandi skrið og liðsauka að vænta frá Amsterdam. Silja Hauksdóttir vinkona, leikstjóri og snillingur er á leiðinni til landsins og ætlar að taka sér stöðu í kosningabúllunni fram að prófkjöri! Þó ekki væri nema til að vinda ofan af frambjóðandanum eftir langar vaktir með snjöllum hugmyndum og prakkaralegum prófkjörsbrellum...," segir Oddný á heimasíðu sinni. Þær stöllur hafa brallað ýmislegt saman í gegnum tíðina og voru meðal annars tveir þriðju af þríeykinu sem skrifaði skáldsögunna Dís og Silja leikstýrði síðan kvikmyndagerð sögunnar með glæsibrag. **- bs/þþ**


SÚR HVALUR
30% afsláttur af harðfiski og hákarli
Opið alla laugardaga 10-14
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið laugardaga 10-14.


# Semja söngleikinn Abbababb

Í byrjun næsta árs verður söngleikurinn Abbababb frumsýndur. Hann er eftir þá félaga úr Popppunkti, Dr. Gunna og Felix Bergsson og byggður á samnefndri barnaplötu Dr. Gunna sem kom út fyrir níu árum. Þar var meðal annars að finna hið vinsæla en jafnframt umdeilda lag Prumpulagið.

„Þetta verður um ævintýri krakka í Reykjavík þar sem ýmsir furðulegir atburðir eiga sér stað," segir Dr. Gunni. „Mörgum fannst það skrítið á sínum tíma að ég skyldi ekki gera söngleik byggðan á plötunni, en betra er seint en aldrei.Hugmyndin er að umgjörðin verði eins og um 1975. Við Felix vorum litlir strákar á þeim tíma þannig að það er smá nostalgía í gangi."



**DR. GUNNI** Fjölmiðlamaðurinn Dr. Gunni er með nýjan söngleik í bígerð sem ber heitið Abbababb. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Söngleikurinn fékk nýverið 5,9 milljónir króna í styrk frá ríkinu og ætlar Gunni að hefjast handa við skriftir þegar líður að vorinu. Býst hann við því að gefa út nýja plötu samhliða verkinu, þar sem lög af Abbababb-plötunni ásamt nýjum lögum verður að finna. ■



VETRAR tilboð!
á meðan birgðir endast!
TILBOÐ
Á HREINLÆTIS-
TÆKJUM!
VERÐ frá
12.900 kr . stgr.
Baðkör í úrvali
Blöndunartæki
Hörð seta og
festingar fylgja
VERÐ frá
15.900 kr stgr.
Hitastýrt
blöndunartæki
fyrir sturtu
með nudd
sturtusetti
VERÐ
8.900 kr stgr.
Blöndunartæki
fyrir eldhús og bað
VERÐ frá
2.900 kr stgr.
WC Með stút í vegg eða gólf
Handlaugar /Blöndunartæki Mikið úrval af gler- og postulínshandlaugum
VERÐ frá
3.250 kr. stgr.
Baðinnréttingar
með postulínshandlaugum
og blöndunartækjum
Ljós, spegill,
blöndunartæki,
handlaug,
55x45
34.900 stgr
Kappi, ljós, spegill,
blöndunartæki, handlaug,
75x50 43.900 stgr
Speglaskápar
Spegla/gler hillur
LUNA
80x24x65
25.900 stgr.
MIZAR
78x16x58
10.450 stgr
60x80 Hillur
Spegill 9.900 stgr.
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**






**BAKÞANKAR**
**JÓNS GNARR**

## Fólk

Vinur minn einn á útlenska konu. Ég var að ræða við hann um kynþáttafordóma á Íslandi, hvort þeir væru virkilega til og hvort þau hefðu orðið fyrir þeim. Það sem hann sagði að væri verst væri afskiptaleysið gagnvart útlendinum.

**FORDÓMAR** eru hluti af því hver við erum. Það er okkur eðlislægt að dæma, sérstaklega það sem við þekkjum ekki. Við drögum ályktanir. Ég er haldinn fordómum, hvort sem mér líkar betur eða verr. Ég var í London sumarið 2005 þegar þrjár skálfsmorðsárásir voru gerðar. Eftir það leit ég alla hornauga sem litu út eins og fólk frá Mið-Austurlöndum. Mér létti þegar dökkir menn með bakpoka fóru út úr neðanjarðarlestinni.

**FÓLK** eru einhver skringilegustu fyrirbæri í heimi. Það er og hefur verið til svo milljörðum skiptir en samt er enginn eins. Ég er eina égið í heiminum. En öll erum við fólk, óháð útliti, húðlit og menningu. Við finnum öll til á sama hátt. Við hlæjum að sömu hlutum. Við trúum eins á Guð þótt við köllum hann ekki alltaf sömu nöfnum. Við brosum eins. Og við elskum eins heitt á Íslandi og á Filipseyjum.

**FORDÓMAR** og kynþáttahatur er ekkert skrítið í heimi sem metur allt eftir umbúðunum frekar en innihaldinu. En það er á ábyrgð hvers og eins að vinna gegn eigin fordómum eins og öðrum göllum í sínu fari. Útlendingar eru orðnir margir hér á landi. Þeir eru alls staðar og oftar en ekki í lægst launuðustu störfunum. En þeir eru ekki ósýnilegir. Þeir skúra vinnustaði, leggja vegi og hjúkra okkur þegar við veikjumst.

**ÞAÐ** er ekkert „þetta fólk." Allt fólk er eins óháð lit og trú. Eitt það versta sem hægt er að gera öðru fólki er að látast ekki sjá það. Að vera ósýnilegur er eins og að vera lifandi-dauður. Eina leiðin til að yfirvinna ótta er að stíga inn í hann. Og þeir sem kynnast útlendingum átta sig á að þeir eru alveg nákvæmlega sama fólkið og við. Einu sinni kynntist ég litlum manni frá Erítreu. Fyrst fannst mér hann svo ólíkur mér en við nánari kynni fannst mér eins og hann væri Íslendingur.

**MANNSLÍFIÐ** er of dýrmætt til að skemma það. Í augunum eru allir eins. Horfðu í augu fólks en ekki á húðlit þess. Fordómar skemma. Útrýmum fordómum áður en fordómar útrýma okkur!




